

## Fjórða kjörtímabil forseta að hefjast

FRÉTTABLAÐIÐ RIFJAR UPP UNDANFARIN FJÖGUR ÁR ÓLAFS RAGNARS Í EMBÆTTI

12

## MÓTORHJÓLASUMARIÐ MIKLA

*Ólíklegustu menn hafa komið út úr skápnum sem mótorhjólamenn.*

14




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. júlí 2008 — 203. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


# Nota segl til að spara olíu

**Landssamband íslenskra útvegsmanna er að kanna hvort hagkvæmt sé að nota segl á íslensk fiskiskip til að draga úr eldsneytiskostnaði. Seglin geta minnkað olíukostnað útgerðarfyrirtækja um 10 til 35 prósent.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Landssamband íslenskra útgerðarmanna (LÍÚ) er að láta kanna hvort hagkvæmt geti verið fyrir íslensk fiskiskip að nota segl eða hálfgerðan flugdreka til að draga úr eldsneytiskostnaði. Seglið er fest við skipsstafn og svífur í um 200 til 300 metra hæð og dregur skipið áfram og minnkar því álag á vélarnar.

„Við höfum látið þýska fyrirtækið SkySails gera úttekt á þessu fyrir okkur en þeir hanna þennan búnað,“ segir Friðrik Jón Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ. „Við höfum fengið bráðabirgðaniðurstöður og svo förum við betur yfir málin í næsta mánuði.“

Samkvæmt upplýsingum frá SkySails á búnaðurinn að geta sparað útgerðum eldsneytiskostnað að jafnaði um tíu til 35 prósent. Við ákjósanlegustu skilyrði getur þessi sparnaður verið um fimmtíu prósent.

Guðfinnur G. Johnsen, tæknifræðingur hjá LÍÚ, segir kostnaðinn við að koma þessum búnaði í um 1.300 brúttórúmlesta skip geta verið um 35 milljónir króna. „Við höfum mikinn áhuga á þessu og erum að skoða þetta af fullri alvöru en það ber þó að taka öllu svona með fyrirvara,“ segir hann. Hann segir enn fremur að hugsanlega gæti þetta reynst vel á uppsjávarskipum sem eru lengi á út- og heimstími og nota mikið eldsneyti meðan á veiðum stendur. Friðrik segist vonast til að úr því fái skorist á næstu mánuðum hvort þetta gæti verið hagkvæmt fyrir íslensk fiskiskip.



**SVÍFUR SEGLI ÞÖNDU** Kannski munu íslensk fiskiskip halda á miðin með hjálp segla í framtíðinni, rétt eins og á árum áður. MYND/COPYRIGHT SKYSAILS

Stephan Wrage, framkvæmdastjóri SkySails, segir að nú sé verið að prófa búnaðinn á tveimur skipum.

„Ég veit að Íslendingar eru áhugasamir um þetta enda er búnaðurinn mjög hentugur fyrir fiskiskip á vindasömum slóðum,“ segir hann en upphaflega var búnaðurinn hugsaður fyrir langferðaskip. „Skysails stefnir að því að selja þennan búnað í um það bil 1.500 skip fyrir árið 2015. En þetta er ekki aðeins spurning um hagkvæmni fyrir útgerðirnar heldur einnig fyrir umhverfið. Ef þessi búnaður væri notaður á heimsvísu væri mögulegt að minnka losun koltvísýrings um 146 milljón tonn á ári, eða sem nemur 15 prósentum af árlegri losun Þjóðverja.“ **- jse**

SUNNUDAGUR



## Íslensk umhyggja í Jemen

Jóhanna Krist-jónsdóttir safnar fé til uppbyggingar kennslumiðstöðvar í Jemen.

HELGARVIÐTAL 10

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÁFRAM HLÝTT** Í dag verða austan 5-13 m/s sunnan til og austan, annars hægari. Víða bjart með köflum, en þykknar upp sunnan til þegar líður á daginn og fer að rigna þar í kvöld. Hiti 12-22 stig.

VEÐUR 4



**MÆRUDAGAR Á HÚSAVÍK** Gleði og fjör var á fallegum Mærudegi á Húsavík í gær. Þar var dansleikur, fótboltaleikur, hrútasýning, spákona og allt sem hugurinn girnist. Mærudögum lýkur í dag með Mæruhlaupi. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR



**FLAJITO** Nýtur vinsælda í Flatey.

Nýr kokkteill slær í gegn:

## Flajito skákar mojito í Flatey

**FÓLK** „Þetta er flateyskur skemmtidrykkur,“ segir Lísa Kristjánsdóttir, konan á bakvið hinn séríslenska Flajito, sem er geysivinsæll á Hótel Flatey þar sem Lísa starfar. Fyrr í sumar var Lísa spurð hvort hún kynni að gera mojito-kokkteil af ungum stúlkum sem voru gestir á barnum á Hótel Flatey. Lísa sagðist geta það en því miður ætti hún ekki myntulauf. Úr varð að Lísa gerði drykk þar sem hún notaði skessujurt og rabarbara í stað myntulaufa og hlaut drykkurinn nafnið Flajito. Drykkurinn seldist upp um síðustu helgi.

**- shs/** sjá síðu 30

Andarungar fluttir með einkaflugi frá Húsafelli til Reykjavíkur:

## Fjölskylda fóstraði andarunga

**FÓLK** „Við heyrðum allt í einu tíst undan veröndinni og héldum fyrst að þetta væri ísbjörn,“ segir Hjörleifur Jóhannesson, flugstjóri hjá Icelandair.

Hjörleifur, sem á sumarbústað í Húsafelli, var þar ásamt fjölskyldu sinni á dögunum. Undarleg hljóð bárust undan veröndinni sem reyndust á endanum vera þrír litlir munaðarlausir andarungar. „Minkurinn hefur líklegast étið mömmu þeirra,“ segir Hjörleifur en hann hefur oft rekist á mink í skóginum á Húsafelli.

Fjölskyldan gaf ungunum bleytta brauðmylsnu og tíndi handa þeim flugur. Síðan var ekið með þá niður að á til þess að reyna að finna þeim aðra andamömmu. Ungarnir busluðu um sinn í ánni en þegar Hjörleifur og synir hans, þeir Þorsteinn Ingi og Stefán Haukur, gerðu sig líklega til þess að hverfa á braut, komu ungarnir í humátt á eftir þeim.



**UNGAR Í HEITA POTTINUM** Andarungarnir kunnu vel við sig í heita pottinum í Húsafelli.

Hjörleifur brá á það ráð að stilla heita pottinn á 37 gráðu hita og síðan brá fjölskyldan sér í pottinn með ungunum, en þeir hafa hlotið nöfnin Rip, Rap og Rup. „Fjölskyldan hefur aldrei sturtað sig jafnvandlega og eftir þetta,“ segir Hjörleifur og hlær.

Bróðir Hjörleifs, Jóhannes Örn, sem einnig er flugstjóri hjá Icelandair, kom ásamt dætrum sínum tveimur og sótti Rip, Rap og Rup og flutti þá til Reykjavíkur þar sem þeir dvelja nú í Húsdýragarðinum.

**- shs/** sjá síðu 30







**SPURNING DAGSINS**



*Hrafnhildur Ýr, var þér ekkert um þennan selskap?*

„Nei, mér varð ekki um sel.“

Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir er framkvæmdastjóri Selaseturs Íslands á Hvammstanga sem stóð fyrir selatalningu í Vatnsnesi á sunnudaginn þar sem taldir voru 1.125 selir.

Íbúar við Hringbraut í Reykjavík biðla til borgaryfirvalda um aðgerðir:

# Þrír bílar ónýtir eftir kappakstur

**LÖGREGLUMÁL** Kappakstri á Hringbrautinni í fyrrinótt lauk með þriggja bíla árekstri. Ökumenn á tveimur bílum komu á miklum hraða með þeim afleiðingum að þeir rákust á leigubíl. Annar bílanna lenti á gönguljósum við Furumel en hinn fór á húsvegg sem sprakk og glugginn brotnaði.

Bílarnir eru ónýtir en ökumenn sluppu með skrekkinn. Mildi þykir að bílarnir fóru ekki á hóp unglinga sem höfðu farið hjá örskömmu fyrir atvikið.

Þeim íbúum sem Fréttablaðið ræddi við þykir nóg um ástandið og segja að vart sé svefnfrið að fá fyrir ískri í hjólbörðum og ámóta ólátum. Íbúarnir voru sammála um að taka þyrfti á vandanum. Þeir biðla til borgaryfirvalda að setja strax upp myndavélar til þess að hræða ökufantana frá. Annars sé bara tímaspursmál hvenær alvarlegt slys verði.

Egill Bjarnason, yfirlögregluþjónn í umferðardeild, segir að lögreglan viti af þessu en að oft sé erfitt að aðhafast eitthvað því bílstjórar hagi sér vel um leið og þeir sjái lögregluna.

„Að sjálfsögðu reynum við að bregðast við og hvetjum íbúa til þess að hringja þegar þeir verða vitni að þessum kappakstri.“ - hþj



**KEYRÐU NIÐUR GÖNGULJÓS** Íbúar óttast að kappakstrarnir eigi eftir að enda með alvarlegu slysi.

Pirraður garðeigandi:

# Skaut sláttuvél með haglabyssu

**BANDARÍKIN Karlmaður á sextugsaldri var nýlega handtekinn í Milwaukee í Bandaríkjunum fyrir að skjóta sláttuvél sem hann kom ekki í gang.**

**Maðurinn, Keith Walendowski var ákærður fyrir ósæmilega hegðun og fyrir að eiga afsagaða haglabyssu. Verði hann fundinn sekur má hann búast við allt að 11 þúsund dala sekt, jafnvirði tæplega 900 þúsund króna og sex og hálfs árs fangelsi. Haft er eftir lögreglumönnum sem handóku manninn að hann hafi sagst eiga sláttuvélina og garðinn og því hafi hann mátt skjóta sláttuvélina.** - ovd

Alvarleg líkamsárás í Keflavík:

# Fótbrotinn á Hafnargötunni

**LÖGREGLUMÁL Lögreglunni á Suðurnesjum var tilkynnt um liggjandi mann við fjölfarna götu í bænum í gærmorgun. Að sögn varðstjóra taldi lögregla manninn aðeins ölvaðan en þegar að honum var komið sást að hann hafði orðið fyrir mjög alvarlegri líkamsárás. Hann reyndist vera ökklabrotinn og með mikla áverka.**

**Í kjölfarið réðist lögregluliðið með aðstoð sérsveitar ríkislögreglustjóra inn í hús þar sem sá grunaði átti að hafa verið í gleðskap. Átta voru handteknir vegna málsins og voru þeir færðir til yfirheyrslu í dag.** - hþj



**RÚSTIR Í MIÐBÆNUM** Búið er að rífa húsið við Bergstaðastræti. Það var byggt árið 1893. Fréttablaðið/Daníel

Bergstaðastræti 22:

# Gamall steinbær rifinn

**BORGARMÁL** Undanfarið hefur verið unnið að því að rífa einn af síðustu steinbæjunum í Reykjavík við Bergstaðastræti 22. Á deiliskipulagi á að húsið að verða friðað. Húsið var byggt árið 1893.

Bærinn er á horni Bergstaðastrætis og Bjargarstígs og er oft nefndur Miðgrund eða Sigurbjargarhús vegna þess að fyrsta húsfreyjan á bænum var Sigurbjörg Sigurðardóttir. Steinbær eru sérreykvísk fyrirbæri í húsagerð og stóð bygging þeirra yfir á árunum 1870 til 1905. Færri en tuttugu steinbær standa eftir. - vsp



**HÚS LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS** Vinningstillaga að fyrirhugaðri byggingu Listaháskólans á horni Laugavegar og Frakkastígs.

# Rektor á fund skipulagsráðs eftir helgi

**Formaður skipulagsráðs segir tillögu að nýbyggingu Listaháskóla Íslands ekki mæta kröfum borgarstjórnar um því sem næst óbreytta götumynd Laugavegar. Rektor Listaháskólans segir götumyndina ekki bara snúast um gömul hús.**

**SKIPULAGSMÁL** „Það er rétt að í samkeppnislýsingu um nýbyggingu Listaháskóla Íslands eru bókanir skipulagsráðs og sameiginlegur vilji allrar borgarstjórnar Reykjavíkur áréttað. En tillagan sem vann mætir því ekki að fullu,“ segir Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður skipulagsráðs Reykjavíkurborgar um vinningstillögu +Arkitekta að nýbyggingu Listaháskólans á svokölluðum Frakkastígsreit við Laugaveg.

Vísar hún til bókana fulltrúa í skipulagsráði þar sem fram kemur að þeir vilji sjá götumynd Laugavegar á umræddum stað haldast sem næst því sem hún er.

„Ég tek því undir með borgarstjóra að miðað við þessa afstöðu tel ég einboðið að við munum óska eftir samvinnu við Listaháskólann til þess að tryggja að þessi sameiginlegi skilningur skipulagsráðs, um að halda í götumyndina verði aðlagaður sem best að þessari ágætu vinningstillögu.“

Ólafur F. Magnússon, borgarstjóri sagði í Fréttablaðinu í gær að hann héldi að einhvers staðar í ferlinu hefði gleymst að taka tillit til þessara sjónarmiða borgaryfirvalda, að það beri að sýna gamalli götumynd Laugavegar tillitssemi.

Hanna Birna segir margt afar gott í tillögunni. „Við eigum fund með forsvarsmönnum Listaháskólans strax eftir helgi um hvernig þessi tillaga geti sem best tekið mið af því sem við höfum verið að óska eftir,“ segir Hanna Birna sem stödd er erlendis.

Hún fagnar því að Listaháskólinn flytji sig í miðborg Reykjavíkur. „Ég kvíði því ekki að takast á við þetta verkefni með Listaháskólanum og ég er sannfærð um að við finnum lausn sem fullnægir algerlega þörfum skólans og kemur til móts við óskir borgaryfirvalda.“

Hjálmar H. Ragnarsson, rektor Listaháskóla Íslands segir að nú fari tillagan til umræðu í skipulagsráði. „Ég treysti fólki þar til að taka hana til málefnalegrar og faglegrar umræðu og afgreiða hana þannig að allir megi vel við una,“ segir Hjálmar.



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR**

Hann segir að eftir boðaðan fund með Hönnu Birnu taki frekara skipulagsferli við sem hann vonar að gangi hratt fyrir sig. „Það er gott fyrir skólann og borgina að fá niðurstöður sem fyrst svo við getum farið að byrja að undirbúa bygginguna.“

„Það er einróma álit dómnefndar og okkar sem að þessu stöndum að byggingin upphefji þennan borgarhluta mjög mikið. Auðvitað er götumynd ekki bara gömul hús og ég treysti að skipulagsráð muni líta á þetta með það í huga,“ segir Hjálmar.

olav@frettabladid.is

Tefur fyrir framsali:

# Karadzic vill ekki til Haag

**BELGRAD, AP** Lögmaður Radovans Karadzics, fyrrum leiðtoga Bosníu-Serba, póstlagði á föstudag frávísunarkröfu á framsalsbeiðni til handa Karadzic til stríðsglæpadómstóls Sameinuðu þjóðanna í Haag í Hollandi.



**RADOVAN KARADZIC**

Haft er eftir lögmanninum, Svetozar Vujacic, að beðið hafi verið með frávísunarkröfuna fram á síðustu stundu til að tefja fyrir framsali umbjóðanda hans til dómstólsins. Karadzic var handtekinn síðastliðinn mánudag í Belgrad en búist er við því að hann verði framseldur til dómstólsins í næstu viku. - ovd

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

**Innbrot í Reykjanesbæ**

Tilkynnt var um innbrot um tvöleytið í gær. Þegar lögreglan kom á vettvang voru tveir menn í íbúðinni. Þeir voru handteknir og vistaðir í fangageymslum.

**Ók undir áhrifum fíkniefna**

Ökumaður var handtekinn grunaður um að aka undir áhrifum fíkniefna. Tvö grömm af efni sem talið er amfetamín fundust á honum. Hann var látinn laus að lokinni yfirheyrslu. Annar bílstjóri var stöðvaður á Reykjanesbraut fyrir hraðakstur. Hann er grunaður um ölvun við akstur.

**LOTTÓ**

**Sexfaldur vinningur næst**

Enginn var með allar tölur réttar í lottóinu í gær. Potturinn var fimmfaldur og nam upphæðin tæpum nítján milljónum króna. Potturinn verður því sexfaldur í næstu viku.




Sementsverksmiðjan á Akranesi finnur fyrir samdrætti eftir metár:

# Fullnýting þrátt fyrir samdrátt

**IÐNAÐUR** Þrátt fyrir samdrátt á almennum byggingamarkaði segist Gunnar H. Sigurðsson, framkvæmdastjóri Sementsverksmiðjunnar á Akranesi, sjá fram á að verksmiðjan verði fullnýtt út þetta ár.



**GUNNAR H. SIGURÐSSON**

Salan verður þó nokkru minni í ár en í fyrra eða líklega 130 þúsund tonn miðað við rúmlega 150 þúsund tonn árið áður. Þar sem verksmiðjan seldi 20 þúsundum tonnum meira en framleiðslugeta hennar nemur varð að flytja inn gjall frá Noregi en þess gerist ekki þörf í ár.

„Við finnum vissulega fyrir samdrætti á almennum markaði og á sölu til stóriðju nú þegar verkefninu fyrir austan er nær lokið,“ segir Gunnar. „En það eru enn stór verkefni á suðvesturhorninu, þar var salan til dæmis mun meiri í síðasta mánuði en á sama tíma í fyrra. Munar þar mest um byggingu tónlistarhúss í Reykjavík.“

„En svo veit maður ekki hvað tekur við þegar líða tekur á haustið,“ segir hann. Hann segist vongóður um að hið opinbera hefji umfangsmiklar framkvæmdir á næstunni. „Einnig að það liði fyrir því að áfram verði virkjuð umhverfisvæn orka og hún nýtt til frekari uppbyggingar orkufreks iðnaðar. Slíkar framkvæmdir draga ekki bara úr þenslu á meðan á byggingu mannvirkjanna stendur heldur auka hagsæld í landinu áratugum saman eftir gangsetningu.“ - jse

**SEMENTSVERKSMIÐJAN Á AKRANESI** Unnið er á fullum afköstum í Sementsverksmiðjunni á Akranesi. Þar fara menn þó vissulega ekki varhluta af ástandinu.








THULE® TOPP BOGAR



THULE® HJÓLAGRINDUR



THULE® BACK UP BOX

THULE® SWEDEN

## Upplifðu Ísland með THULE ferðavörum.

### Margvíslegar lausnir fyrir mismunandi þarfir.



Allar upplýsingar um THULE® ferðaboxin er að finna á vef Stillingar www.stilling.is

# Stilling

www.stilling.is // stilling@stilling.is

Skeifan 11, 108 Reykjavík | Bíldshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur | Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður
Draupnisgata 1, 600 Akureyri | Eyrarvegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000

## GENGIÐ 25.07.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 80,96 | 81,34 |
| Sterlingspund | 161,68 | 162,46 |
| Evra | 127,44 | 128,16 |
| Dönsk króna | 17,077 | 17,177 |
| Norsk króna | 15,755 | 15,847 |
| Sænsk króna | 13,465 | 13,543 |
| Japanskt jen | 0,7545 | 0,7589 |
| SDR | 131,85 | 132,63 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
163,6289
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Enginn hægagangur er í máli Pauls Ramses að sögn dómsmálaráðherra:

# Ekki unnið eftir skeiðklukku

**STJÓRNSÝSLA** Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, segir á heimasíðu sinni að hraðinn í máli Keníumannsins Pauls Ramses sé í hefðbundnu ferli stjórnsýslukæru en hraðinn á málinu sé meiri en venjulega. „Látið er í fjölmiðlum eins og einhver hægagangur sé á máli Pauls Ramses hjá ráðuneytinu. Það á ekki við nein rök að styðjast“, segir á heimasíðunni.

Spurður um málshraða kæru Pauls sagði Björn þetta: „Meðferð málsins er lögum samkvæmt innan ráðuneytisins en þar vinna menn verk af þessu tagi ekki eftir skeiðklukku heldur taka mið af efni máls og hvernig það er lagt í hendur ráðuneytisins.“


**BJÖRN BJARNASON** Dómsmálaráðherra segir mál Pauls vera í eðlilegum farvegi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Mál Pauls Ramses barst dómsmálaráðuneytinu 9. júlí með kæru lögmanns Pauls, Katrínar Theódórsdóttur. Kæran fór til Útlendingastofnunar daginn eftir sem skilaði umsögn af sér 15. júlí. Daginn eftir var hún send til Útlendingastofnunar lögmanninum til umsagnar.

Keníumaðurinn Paul Ramses hefur verið mikið í umræðunni undanfarnar vikur eftir að honum var vísað úr landi í byrjun mánaðar. Dómsmálaráðuneytið hefur nú til meðferðar hvort Paul hafi með réttmætum hætti verið sendur úr landi. Niðurstaða er væntanleg í ágúst að sögn Björns. **- vsp**

Bílslys í Norðurárdal:

## Tveir á gjörgæslu eftir veltu

**SLYS** Tveir menn slösuðust alvarlega eftir bílveltu í Norðurárdal um kvöldmatarleytið á föstudaginn. Sá þriðji slapp með smá skrámur.

Að sögn lögreglunnar í Borgarnesi bar slysið að þegar bílstjóri á norðurleið ætlaði að taka fram úr en þegar hann lenti úti á vegöxl reyndi hann að rétta sig snögglega af með þeim afleiðingum að bifreiðin þeyttist af stað í margfalda bílveltu.

Ökumaður og farþegi í aftursæti voru báðir fluttir á gjörgæslu. Farþeginn, sem var beltislaus, er þar ennþá mjög alvarlega slasaður. **- hþj**

Samþykkir alnæmisfrumvarp:

## Þreföldun á framlögunum

**BANDARÍKIN, AP George Bush sagðist í gær vera ólmur í að undirrita frumvarp til laga sem þrefaldar framlög Bandaríkjanna til hjálpar baráttunni gegn alnæmi og öðrum vásjúkdómum.**

**Þetta sjaldgæfa samstarf Hvíta hússins og þingsins, þar sem demókratar eru í meirihluta, mun kosta um 3.800 milljarða íslenskra króna á næstu fimm árum.**

**Bush mun undirrita frumvarpið í næstu viku, en hann hefur árum saman verið mikill stuðningsmaður baráttunnar gegn alnæmi. Lögin munu taka gildi í september.** **- vsp**



**FLUGVÉLIN** Eins og sést er gatið tiltölulega stórt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rannsókn á flugatvikinu:

## Ekki um tæringu að ræða

**SAMGÖNGUR** Forstjóri Qantas, Geoff Dixon, segir tæringu ekki hafa verið ástæðu þess að stórt gat myndaðist á bol farþegaflugvélar á leið frá Bretlandi til Ástralíu í fyrradag. Sú var kenningin upphaflega en talið er mögulegt að ytra byrði vélarinnar hafi skemmst við óhapp.

Vélin, sem var af gerðinni Boeing 747-400 nauðlenti á Filippseyjum eftir að upp komst um gatið. Rúmlega 360 manns voru um borð í vélinni. Einnig myndaðist gat í farþegarými svo sást niður í farangursgeymslur. **- vsp**

# Langmest álagning á lyfjum hér á landi

**Í samaburðarrannsókn á lyfjaverði í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Íslandi kemur fram að þrátt fyrir að vera næstoftast með lægst heildsöluverð á veltuhæstu lyfjapakkningunum eru Íslendingar oftast með hæsta smásöluverðið.**

**LYFJAMÁL** Smásöluverð á lyfjum er allt að því sjöfalt hærra hér á landi en í Svíþjóð, Danmörku og Noregi. Þetta kemur fram í könnun Lyfjagreiðslunefndar sem gerð var nú í júlímánuði. Könnunin náði til 33 veltuhæstu pakkninganna sem greiddar eru niður af Tryggingastofnun.

Þegar miðað er við meðalverð lyfjanna var heildsöluverðið hér yfir meðallagi á fimmtán pakkningum af þrjátíu og þremur. Smásöluverð er hærra en meðalverð í mun fleiri tilfellum eða 25, sem er fjölgun um eina pakkningu frá því í síðasta mánuði.

Þrátt fyrir að vera í aðeins þremur tilvikum með hæsta heildsöluverðið, eru Íslendingar með hæsta smásöluverðið í fjórtán tilvikum, oftar en öll hin viðmiðunarlöndin.

Athygli vekur að af löndunum fjórum er Ísland eina landið sem í einhverjum tilfellum er með lægsta heildsöluverðið en hæsta smásöluverðið. Pakkningarnar tvær sem um ræðir eru af flogaveikilyfinu Lyrica.

Magalyfið Lómex-T er næstum því sjö sinnum dýrara í smásölu á Íslandi en í Svíþjóð. Hér kostar lyfið í smásölu 10.586 krónur en í Svíþjóð kostar það 1.578 krónur.

Guðmundur Gylfi Guðmundsson hjá Lyfjagreiðslunefnd segir ástæðuna fyrir háu smásöluverði vera þá að hér á landi hafi hærra smásöluverð tíðkast lengi.

„Þá verður að taka til greina að hér á landi eru verðin hámarksverð en á hinum Norðurlöndunum eru verðin föst.“ Þetta þýðir að íslensk apótek megi lækka verð hjá sér ef þau vilja.

Þegar gerð var óformlega verðkönnun á flogaveikilyfinu Lyrica í fjórum apótekum í Reykjavík kom á daginn að aðeins tvö þeirra, Lyfja og Apótekarinn, seldu lyfið undir leyfilegu hámarksverði. Hið síðarnefnda er á lægsta verðinu. Lyf og heilsa og Lyfjaver seldu lyfið á hámarksverði.


**SMÁSÖLUVERÐ LYFJA ER HÁTT HÉR Á LANDI** Lyfið Lómex-T er næstum því sjöfalt dýrara á Íslandi en í Svíþjóð.

> Þá verður að taka til greina að hér á landi eru verðin hámarksverð en á hinum Norðurlöndunum eru verðin föst..
>
> **GUÐMUNDUR GYLFI GUÐMUNDSSON**
> STARFSMAÐUR LYFJAGREIÐSLUNEFNDAR

Norðmenn koma best út úr könnuninni en þeir eru ekki aðeins með lægsta heildsöluverðið á 21 pakkningu af 33 heldur eru þeir með lægsta smásöluverðið á 24 pakkningum, eða þremur fleiri. Þessar þrjár pakkningar eru allar með lægst heildsöluverð á Íslandi.

Danir koma verst út hvað varðar heildsöluverð, þeir eru fimmtán sinnum með hæst verð. Íslendingar eru oftast með hæsta smásöluverðið, eða í fjórtán tilvikum.

helgath@frettabladid.is


**BROWN OG OBAMA** Forsetaframbjóðandinn átti í gær fund með helstu leiðtogum Bretlands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Obama hitti Gordon Brown:

## Áttu fund og fóru í göngutúr

**BRETLAND, AP Forsetaframbjóðandinn Barack Obama átti fund með Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands í Lundúnum í gær.**

**Eftir fundinn sagði Obama að fundurinn hafi verið góður. Mikilvægt sé að koma á auknu samstarfi milli Bretlands og Bandaríkjanna í umhverfismálum, efnahagsmálum og baráttunni gegn hryðjuverkum. Eftir fundinn, sem stóð í tvær klukkustundir, fóru þeir saman í stuttan göngutúr. Obama átti einnig fund með Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands og David Cameron, leiðtoga Íhaldsflokksins.** **- vsp**

McCain saxar á Obama:

## Aðeins nokkur prósent skilja að

**BANDARÍKIN** Munurinn milli frambjóðendanna Baracks Obama og Johns McCain fer minnkandi samkvæmt skoðanakönnunum. Þannig munar einu til sex prósentum í þeim flestum.

Evrópuferð Obama virðist ekki hafa jákvæð áhrif á framboð hans heima fyrir, þótt honum hafi verið tekið vel í Berlín og Bretlandi. McCain hefur hins vegar einbeitt sér mun meira að innanríkismálum og fundað í helstu barátturíkjunum undanfarnar vikur. **- vsp**






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**EKKERT LÁT Á HLÝINDUNUM**
Ekki er að sjá annað en vikan sem framundan er verði áfram afskaplega hlý, líkt og verið hefur. Veðrið verður þó sýnu best á norðanverðu landinu. Þar verður bjartast sem og hvað hlýjast og má vel reikna sig í 25 stig þar um slóðir á morgun.




Á MORGUN
8-13 m/s s- til annars 3-8. Síðdegisskúrir.

ÞRIÐJUDAGUR
3-8 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 25° |
| Billund | 27° |
| Ósló | 32° |
| Stokkhólmur | 25° |
| Gautaborg | 27° |
| Helsinki | 23° |
| Eindhofen | 30° |
| Amsterdam | 27° |
| London | 27° |
| Berlín | 31° |
| Frankfurt | 30° |
| Friedrichshafen | 25° |
| París | 29° |
| Basel | 28° |
| Barcelona | 28° |
| Alicante | 31° |
| Algarve | 28° |
| Tenerife | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Betri tilboð!

netto



40% afsláttur

FERSKUR KJÚKLINGUR

**469 kr/kg**

~~782~~ kr/kg




40% afsláttur

GOÐA GRÍSAOFNSTEIK

**989 kr/kg**

~~1.649~~ kr



DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR (FROSNAR)

**959 kr/pk**



30% afsláttur

GOÐA ALVÖRU HAMBORGARAR

2x175g

**398 kr**

~~568~~ kr




FRESCHETTA 2 MINI CALZONE

**299 kr/pk**

~~399~~ kr/kg




HUNT TÓMATSÓSA 1,3kg

**199 kr/stk**

~~249~~ kr/stk




SUNKIST ORANGE CAN 330ml

**79 kr/stk**




X-TRA VINGUMMI, LAKKRISKONFEKT OG VINGUMMI&LAKKISBLAND

**199 kr/pk**

~~299~~ kr/pk




25% afsláttur

CAMPINO STRAWBERRY 140gr

**149 kr/pk**

~~199~~ kr/pk




HUMARASKJA SKELBROT 2kg

**3.990 kr**

www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 24. - 27. JÚLÍ

## Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

## KJÖRKASSINN



*Er rétt að slá Bitruvirkjun af?*

| | |
|---|---|
| Já | 44,7% |
| Nei | 55,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Styður þú sigurtillöguna um nýja byggingu Listaháskólans?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Veitingahús og verslanir beittar sektum árið 2010

# Hert fita bönnuð í Kaliforníu

**BANDARÍKIN, BBC** Kaliforníuríki er fyrsta ríkið til þess að banna veitingahúsum og verslunum að nota herta fitu (transfitusýrur). Þetta kemur fram á fréttavef BBC. Hert fita er stór orsakavaldur að hjarta- og æðasjúkdómum.

Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri Kaliforníu, segir reglugerðina, sem tekur gildi árið 2010, mikilvægt skref í framtíð heilbrigðismála. Þeir sem ekki fara að reglunum verða beittir sektum sem munu nema allt að 80 þúsund krónum.

Hert fita er grænmetisolía sem hefur verið hert til þess að lengja endingartíma hennar. Fitan er notuð í bakkelsi og kökur, smjörlíki og skyndibitamat. Hert fita hefur ekkert næringargildi. Um leið og dregið er úr neyslu hennar minnka líkur á hjartasjúkdómum.

Forseti Fjölskyldulæknaakademíunnar í Kaliforníu segir neyslu hertrar fitu aldrei innan öryggismarka, ekki frekar en reykingar.

Borgirnar New York, Fíladelfía og Seattle hafa nú þegar lagt bann við hertri fitu. Margir matvælaframleiðendur og veitingahúsakeðjur hafa einnig gert tilraunir með efni sem gætu komið í stað olíunnar og þeirrar matvöru sem inniheldur hana. - hþj



**HAMBORGARI OG FRANSKAR GÆTU VERIÐ HOLLARI** Matur á skyndibitastöðum inniheldur oft mikið af transfitu en hún eykur líkur á hjartasjúkdómum og hefur ekkert næringargildi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Reglur um aðstoð við fatlaða:

# Fatlaðir fái aukna aðstoð

**STJÓRNSÝSLA Reglugerð um vernd og aðstoð við fatlaða og hreyfihamlaða farþega í flugi tók gildi í gær. Meðal aðstoðar sem á að veita er að komast um borð í loftfar, koma farangri um borð, komast úr loftfari, endurheimta farangur á komustað, fara í gegnum tollskoðun og fleira.**

**Reglugerðinni er ætlað að tryggja að rekstraraðilar flugvalla og flugrekendur veiti þessum farþegahópi nægilega aðstoð og sporna þannig við mismunun gagnvart þeim.**

**Reglugerðin er innleiðing á reglugerð frá Evrópuráðinu og Evrópuþinginu.** - vsp



**RAFAEL CORREA** Stjórnarandstæðingar saka forsetann um að vilja taka sér alræðisvald. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ný stjórnarskrá styrkir forseta:

# Ekvadorar kjósa um stjórnlög

**EKVADOR, AP** Stjórnlagaþing Ekvadors samþykkti í fyrradag nýja stjórnarskrá sem eykur völd forsetaembættisins. Stjórnarskráin verður lögð undir þjóðaratkvæðagreiðslu í september.

Forsetinn getur samkvæmt nýju stjórnarskránni rofið þing, hefur völd yfir peningastjórninni og getur setið lengur. Hún gerir núverandi forseta, sósíalistanum Rafael Correa, kleift að halda embætti til ársins 2017.

Forsetinn er vinsæll í Ekvador og líklegt að Ekvadorar samþykki nýju stjórnarskrána. - gh



**APALEGUR GRÍS Í KÍNA** Þorpsbúar í Fengzhan í Kína sýna þessum litla grís mikinn áhuga enda er hann mjög sérstakur í útliti. MYND/ANANOVA

Vanskapaður grís í Kína:

# Lítill grís með andlit apa

**KÍNA Lítill grís hefur vakið mikla athygli í þorpinu Fengzhang í Kína sökum undarlegs útlits.**

**Þorpsbúar flykkjast að heimili Feng Changlin, eiganda grissins sem segir hann forljótann, engann vilja kaupa grísinn og fjölskyldan sé hrædd við að horfa á hann. Þá segir hann grísinn helst líkjast apa í framan en að auki séu afturlappirnar mun lengri en þær fremri. Því hoppi grísinn um í stað þess að ganga eins og aðrir grísir. Það varð grísnum til lífs að sonur Feng hefur gaman af því að leika við hann og gefur honum mjólk að drekka. Fréttavefurinn ananova greindi frá.** - ovd

## ÚKRAÍNA

### Kjarnaofni lokað í skyndi

Kjarnaofni í kjarnorkuverinu í Rivne í vestanverðri Úkraínu var skyndilega lokað í fyrradag eftir að aðvörunarkerfi fór í gang. Embættismenn í neyðarástandsráðuneyti landsins sögðu þó enga hættu á ferðum. Geislavirkni sé innan eðlilegra marka. Árið 1986 varð versta kjarnorkuslys sögunnar í Tsjernóbyl í Úkraínu.

# Kópavogsbær ræður í þrjár stöður án þess að auglýsa

**Ráðið var í þrjár stjórnunarstöður hjá Kópavogsbæ án þess að auglýsa þær. Oddviti Samfylkingar segir þetta ekki standast lög og hyggst kæra. Formaður bæjarráðs segir ráðningarnar fullkomlega löglegar.**

**STJÓRNSÝSLA** Samþykkt var á bæjarráðsfundi Kópavogs á föstudag að ráða í fjórar nýjar stjórnunarstöður hjá Kópavogsbæ en aðeins eina þeirra á að auglýsa. Samfylkingin er ekki sátt.

„Þetta er einfaldlega siðlaust og engin fordæmi eru fyrir slíku á Íslandi,“ segir Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi.

„Það er mjög skýrt í lögum að það á að auglýsa allar opinberar stöður,“ segir Guðríður. „Tekið er fram í starfsmannastefnu Kópavogsbæjar að auglýsa eigi allar stöður.“

Stöðurnar sem um ræðir, sem ekki voru auglýstar, eru framkvæmdastjóri fræðslusviðs, sviðsstjóri menningar- og tómstundasviðs og ný staða gæðastjóra bæjarins. Umdeildasta ráðningin var framkvæmdastjóri fræðslusviðs en sú sem var ráðin, sem áður gegndi stöðu starfsmannastjóra í afleysingum, er menntaður stjórnmálafræðingur og með meistaragráðu í starfsmannastjórnun.

„Hún hefur enga reynslu af fræðslumálum,“ segir Guðríður en í starfslýsingu stendur að sá sem gegnir starfinu skuli hafa reynslu af fræðslumálum eða þá reynslu sem best kemur að notum. „Enginn er að draga hennar hæfi í efa en í þessu tilviki er bara ekki réttur maður á réttum stað. Án þess að auglýsa stöðurnar vitum við ekki hvort við erum að ráða hæfasta fólkið.“

Spurður um nauðsyn þess að auglýsa stöðurnar segir Ómar Stefánsson, formaður bæjarráðs, að hæft fólk hafi verið ráðið sem starfaði í öðrum stöðum innan bæjarins og tekur fram að ráðningarnar séu fullkomlega löglegar.



**HAMRABORG Í KÓPAVOGI** Umdeild er ráðning framkvæmdastjóra fræðslusviðs hjá Kópavogsbæ, en hún hefur menntun á sviði starfsmannastjórnunar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Án þess að auglýsa stöðurnar vitum við ekki hvort við erum að ráða hæfasta fólkið.
>
> **GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR**
> ODDVITI SAMFYLKINGARINNAR Í KÓPAVOGI

Um ráðningu framkvæmdastjóra fræðslusviðs segir Ómar að það sem til þurfti hefði verið manneskja með stjórnunarhæfileika. „Hún sannaði sig sem stjórnandi þegar hún gegndi embætti starfsmannastjóra til bráðabirgða. Þekking á fræðslumálum er til staðar innan sveitarfélagsins,“ segir Ómar.

Samfylkingin skoðar nú málið, að sögn Guðríðar og mun á næstunni ákveða hvort ákvörðunin verður kærð. Ljóst er hins vegar að óskað verður álits samgönguráðuneytisins, sem fer með yfirstjórn sveitarstjórnarmála, hvort þetta standist lög. vidirp@frettabladid.is



**GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR**



**ÓMAR STEFÁNSSON**

Stjórnmálaflokkar fæstir búnir að skila bókhaldi til Ríkisendurskoðunar:

# Íslandshreyfingin hefur ein skilað

**STJÓRNMÁL** Íslandshreyfingin er eini stjórnmálaflokkurinn sem hefur skilað bókhaldi sínu inn til Ríkisendurskoðunar. Samkvæmt lögum, sem sett voru í fyrra, skulu stjórnmálasamtök halda samstæðureikning fyrir allar einingar sínar og skila endurskoðuðum reikningum til Ríkisendurskoðunar.

Íslandshreyfingin eyddi um 30 milljónum króna á síðasta ári. Um 6,5 milljónir söfnuðust og þar að auki fékk flokkurinn 12 milljóna króna styrk frá ríkinu. Sá styrkur er árlegur og fer til stjórnmálaflokka í hlutfalli við fylgi þeirra í síðustu alþingiskosningum. Skuldir Íslandshreyfingarinnar nema því um 11,5 millljónum nú.

Margrét Sverrisdóttir varaformaður segir flokkinn koma ágætlega út úr kosningaári. „Við höfum einsett okkur að greiða niður allar okkar skuldir eins fljótt og hægt er,“ segir Margrét.

Hjá hinum stjórnmálaflokkunum fengust þær upplýsingar að verið væri að vinna í bókhaldinu. Samfylkingin mun skila sínu inn á allra næstu dögum, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur reikna með að skila með haustinu, Vinstri grænir og Frjálslyndir nefndu ekki neina tímasetningu, en verið væri að vinna í málinu.

Eitt af því sem flækir málið er að starfsár flestra stjórnmálafélaga hefjast að hausti, en bókhaldsár um áramót. - kóp



**ÍSLANDSHREYFINGIN** Aðeins Íslandshreyfingin hefur skilað inn bókhaldi til Ríkisendurskoðunar. Frá blaðamannafundi við stofnun flokksins. FRÉTTABLAÐIÐ /GVA


Ný Select
í Garðabæ
Helgina 25. - 27. júlí opnum við nýja bensínstöð
í verslunarkjarnanum við Litlatún.
Bensínstöðinni við Bæjarbraut hefur því verið lokað.
Verið velkomin um helgina!
kr. 99.-
Select vínarpylsa
+ 0,4 l gos úr vél
Barnaís
kr. 50.-
kr. 10.-
afsl. af hverjum
eldsneytislítra
Önnur afsláttarkjör gilda ekki til viðbótar
við 10 kr. afsláttinn af eldsneyti.
made to move
Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Á hvaða sviðum getur stjórnin beitt sér?

## Um hvað er deilt?

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Óskir um að Alþingi komi saman vegna efnahagsmála gefa tilefni til að velta upp tveimur spurningum til þess að sjá þau mál í hnotskurn. Annars vegar: Á hvaða sviðum geta stjórnvöld beitt sér? Og hins vegar: Um hvað er deilt?

Úr sögunni eru þær aðstæður að unnt sé að grípa inn í rás atburða með aðgerðalista upp á margar blaðsíður frá verkalýðshreyfingunni og atvinnurekendum. Nú er það fyrst og fremst heildarstefna á þremur sviðum sem máli skiptir. Það eru: Peningamál, orkunýting og ríkisfjármál.

Á sviði peningamála virðist vera breið samstaða allra flokka að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans með lántöku til þess að losa um lánsfjárkreppuna og auðvelda bönkunum að veita súrefni inn í atvinnulífið. Stjórnarandstaðan gagnrýnir á hinn bóginn stjórnina fyrir að hafa dregið að nýta heimildir sem hún hefur þegar fengið til frekari ráðstafana á því sviði. Segja má að gleggri skýringar á tímasetningu væru þarfar.

Um aðferðafræði Seðlabankans hefur forsætisráðherra sagt að senn sé tímabært að endurskoða peningastefnuna í heild. Tveir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa lýst afdráttarlausum skoðunum um breytingar. Aðrir flokkar hafa lýst óánægju með háa vexti en ekki tekið af skarið um hvort breyta eigi aðferðafræðinni. Umræðan bendir því ekki til að djúpstæður ágreiningur sé um þetta viðfangsefni. En að því kemur að ríkisstjórnin þarf að svara hvenær endurskoðunin verður gerð.

Meiri ágreiningur er um hvort styðjast eigi við krónu eða evru í framtíðinni. Stefna ríkisstjórnarinnar er að halda krónunni en stjórnarflokkarnir hafa þó hvor sína skoðun á málinu. Framsóknarflokkurinn útilokar ekki evrulausn en VG er í mjög eindreginni andstöðu. Þetta þýðir að krónan verður framtíðarlausnin nema Evrópuumræðan innan Sjálfstæðisflokksins leiði til annarrar niðurstöðu. Máli skiptir í því sambandi að Sjálfstæðisflokkurinn hefur rofið ársgamla bókun um samstöðu með VG í Evrópumálunum.

Átök eru um hvort ríkið á að beita sér fyrir markvissri orkunýtingu til þess að styrkja gjaldmiðilinn. Á Alþingi er sú stefna studd af Sjálfstæðisflokknum, meirihluta Samfylkingarinnar og Framsóknarflokknum. VG er í harðri andstöðu. Í borgarstjórn sem ræður stærsta orkufyrirtæki landsins heldur VG bæði Sjálfstæðisflokknum og Samfylkingunni í gíslingu á þessu sviði. Þar er Framsóknarflokkurinn eini orkunýtingarflokkurinn. Þessi pólitíska staða í borgarstjórn og að hluta innan annars stjórnarflokksins hefur verulega veikt orkunýtingarstefnu ríkisstjórnarinnar.

Loks munu ríkisfjármálin skipta sköpum um árangur í baráttunni fyrir efnahagslegu jafnvægi. Harkalegt aðhald á því sviði er nauðsynlegt eigi að ná niður vöxtum og mynda svigrúm fyrir aukna verðmætasköpun. Hvorki ríkisstjórnin né stjórnarandstaðan hafa sýnt á þau spil. Eins og sakir standa er því erfitt að dæma um hvort stjórnin er þar á réttri leið eða hvort stjórnarandstaðan kynnir önnur markmið.

Niðurstaðan er þessi: Óraunhæft er að menn sjái þýðingarmestu ráðstafanir stjórnarinnar fyrr en fjárlagafrumvarpið verður birt. Að því er varðar bráðaaðgerðir í peningamálum er fremur deilt um tímasetningar en aðferðafræði. Þó að orkunýtingarstefnan þyrfti að vera skarpari er hugsanlegt að hún dugi þrátt fyrir Reykjavíkurvandann. Framtíðarstefnan í peningamálum er svo enn óskrifað blað.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tilgangurinn helgar meðalið

Baggalútsbræður fá kaldar kveðjur frá Hjálmari Sigmarssyni, ráðskonu karlahóps femínista, sem segir þá hvetja til nauðgana í nýjasta lagi sínu, Þjóðhátíð ´93. Baggalútur sendi frá sér tilkynningu þar sem segir að hvergi sé hvatt til nauðgana í textanum. Í raun þykir þeim árásir hans á tónlist Baggalúts ósmekkleg aðferð til að vekja athygli á góðum málstað. Rætt var við Guðmund Pálsson Baggalút og Hjálmar í þætti Simma og Jóa á Bylgjunni í gærmorgun. Guðmundur sagði þá sjálfa best fallna til að segja um hvað textinn fjallar og hann væri ekki um nauðganir. En Hjálmar vildi halda umræðunni áfram. Er þar kannski komin staðfesting á orðum Baggalútsmanna, að gagnrýninni sé ætlað að vekja athygli á málstaðnum.



### Transfitusýrubann

Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri í Kaliforníu, setti nýverið lög sem banna notkun transfitusýra á veitingastöðum í ríkinu. Leggst hann þar með á sveif með þeim sem vilja losa neytendur við transfitusýrur sem þeir telja helstu ástæður fyrir offitu Bandaríkjamanna. Ákvörðunin hefur þegar mætt gagnrýni þar sem Bandaríkjamenn eru jú þekktir fyrir að mótmæla hvers konar forsjárhyggju. Umræða um transfitusýrur skýtur reglulega upp kollinum á Íslandi og nú er spurning hvort Íslendingar megi vænta sambærilegra laga?



### Nóg að vera bara Mel

Mel Gibson, sá heimskunni leikari, hefur heiðrað Íslendinga með nærveru sinni undanfarna daga. Sagt hefur verið frá kaffiþambi leikarans og því bætt við að hann sé bara hinn viðkunnanlegasti, heilsi fólki og sé kurteis. Ísland er því, enn um sinn, meðal þeirra landa þar sem stórstjörnur komast í fréttirnar fyrir kurteisi og góða framkomu. Það er því ekki ólíklegt að fljótlega fari stjörnurnar að flykkjast til landsins til þess að þurfa ekki að taka upp á einhverjum óskunda svo þær komist í fréttirnar.

olav@frettabladid.is

## Laumufarþeginn



EINAR MÁR JÓNSSON

**Í DAG** | Franska þjóðarskútan

Nikulás Sarkozy var að koma aftur úr hinni umdeildu ferð sinni um Austurlönd nær og sestur upp í flugvélina á flugvellinum í Beirút í Líbanon með fríðu föruneyti. Með honum voru forsprakkar allra „alvöru“ stjórnmálaflokka í Frakklandi, það er að segja þeirra flokka sem eiga sæti á þingi; hafði forsetinn boðið þeim að koma með í ferðina. Samræðurnar voru fjörugar eins og vænta mátti, en ekki leið á löngu áður en í ljós kom að í flugvélinni var einnig laumufarþegi sem enginn hafði búist við. Reyndar var hann ekki staddur þar í sinni efnislegu tilveru, en í andanum var nærvera hans þeim mun sterkari, og þegar silfurfleyið sveif upp til hæða barst talið æ meir að honum; að lokum var eins og hann væri aðalmaðurinn um borð.

Þessi laumufarþegi var „bréfberinn“ Olivier Besancenot, sem svo er nefndur af því að hann hefur sitt lifibrauð af því að bera út póst en er þar fyrir utan helsti forsprakkinn í stjórnmálaflokknum „Byltingarsamtök kommúnista“, skammstafað LCR á frönsku. Fyrir þá sem sjá hlutina í sögulegri vídd má geta að þessi flokkur er sprottinn upp úr trotskíistaflokknum JCR sem tók mjög svo virkan þátt í „uppreisninni“ í maí ´68. Hann var þá undir forystu hins skelegga leiðtoga Alain Krivine og hafði einkum innan sinna vébanda ungt fólk sem íhaldssamir og staðnaðir forsprakkar franskra kommúnista höfðu hrakið burt úr flokki sínum. Krivine lét síðan mikið að sér kveða, hann bauð sig fram í forsetakosningum oftar en einu sinni og sat stundum í fangelsi þess á milli, ásakaður fyrir „undirróðursstarfsemi“. Þessi flokkur stóð af sér allar sviptingar í frönskum stjórnmálum, meðan flestir aðrir hópar róttæklinga lognuðust út af, og gekk svo í endurnýjun lífdaganna þegar „bréfberinn“ Besancenot var gerður að toppmanni. Alain Krivine er enn einn af talsmönnum flokksins og brosir glaðhlakkalega á myndum en haslar sér ekki lengur völl í fremstu víglínu.

Á fremur stuttum tíma hefur Olivier Besancenot orðið ein af stórstjörnunum í frönskum stjórnmálum. Það er að vísu nokkur dragbítur á honum, segja menn, að frá náttúrunnar hendi hefur hann höfuð og andlitssvip brjóstmylkings; eiga sumir því erfitt með að taka orð hans alvarlega. En það mun vera til marks um aukin áhrif hans og meiri virðingu fyrir honum, að upptökumenn sjónvarps eru nú farnir að mynda hann frá hlið, og í prófíl er eins og orð hans fái sinn fulla slagkraft. Styrkur Besancenot er nú einkum fólginn í því að hann heldur sér ekki við þá línu sem rétttrúnaður samtímans útheimtar og flestir aðrir stjórnmálamenn temja sér, svo ekki sé minnst á þann fréttaflutning sem nú tíðkast í fjölmiðlum. Hann lýsir því óhikað sem allur almenningur upplifir í sínu daglega lífi en nú er ekki til siðs að tala um, hann segir frá yfirgangi auðhringa og atvinnurekenda, versnandi þjónustu á öllum sviðum vegna sparnaðar og einkavæðingar, minnkandi atvinnuöryggi, illri meðferð á vinnustöðum og þar fram eftir götunum. Og hann bendir á að frjálshyggjan sé ekki vegurinn til framfara heldur liggi sú leið í hina áttina.

Fréttaskýrendur segja að Besancenot hafi aflað sér þessara vinsælda í þremur áföngum. Hinn fyrsti þeirra var þjóðaratkvæðagreiðslan um „stjórnarskrá“ Evrópusambandsins í maí 2005, þegar hann var einn af þeim fáu flokksleiðtogum sem tóku ótvírætt afstöðu með „neii“ – það hefur hins vegar háð „græningjum“ alla tíð síðan að þeir skyldu reka áróður fyrir „jái“. Annar áfanginn voru svo mótmælaaðgerðirnar gegn nýrri tegund af vinnusamningum fyrir ungt fólk, hinum svokallaða „CPE“ vorið 2006, þegar hann var fremstur í flokki, og jók það hróður hans mjög að yfirvöldin skyldu að lokum verða að falla frá þessum óvinsælu nýmælum. Þriðji áfanginn voru loks forsetakosningarnar 2007. Ári síðar er svo komið, að samkvæmt skoðanakönnunum telur meirihluti manna hann fremstan meðal andstæðinga Sarkozys, og hann er þriðji á listanum yfir þá menn sem Frakkar vildu að fengju meiri áhrif í stjórnmálum.

Þegar flugvél Frakklandsforseta tók stefnuna vestur yfir Miðjarðarhafið, var það Francois Hollande, formaður sósíalistaflokksins, sem fyrstur vakti máls á Besancenot og gat ekki leynt áhyggjum sínum, hann óttaðist að bréfberinn kynni að nappa spón úr aski sósíalista, einkum ef Sarkozy slysaðist til að taka upp hlutfallskosningar sem aldrei mætti verða. En það hlakkaði í forsetanum, því nú hugði hann gott til glóðarinnar að láta Besancenot og flokk hans leika sama hlutverk á vinstri vængnum og Le Pen lék árum saman á hægri kantinum: draga til sín atkvæði frá „stóra“ flokknum sín megin og vera honum fjötur um fót. Francois Hollande hafði að sjálfsögðu fulla ástæðu til að vera órólegur: fyrir utan allt annað þrífst Besancenot vitanlega á niðurlægingu sósíalista sem hafa ekki lengur neina sjálfstæða vinstri stefnu og sóa kröftunum í látlaust smákóngastríð. En ekki er víst að forsetinn hafi mikla ástæðu til að gleðjast. Hann sér yfirleitt ekki mikið lengur en nef hans nær og það er til þess að gera fremur stutt; hætt er við að nýr tónn í frönskum stjórnmálum verði mishljómur í hans symfóníu.

## Fílabeinsturn ráðherrans

**UMRÆÐAN**

Guðni Ágústsson svarar Einari K. Guðfinnssyni



GUÐNI ÁGÚSTSSON

Það er eflaust erfitt að tilheyra daufri ríkisstjórn. Öðruvísi er ekki hægt að útskýra viðbrögð Einars K. Guðfinnssonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, í Fréttablaðinu fyrir helgi þar sem hann rembist við að rægja Framsóknarflokkinn af fádæma yfirlæti. Tilgangur Einars er náttúrlega sá að drekkja umræðunni um dugleysi hans og allrar ríkisstjórnarinnar í brýnustu málum þjóðarinnar. Ef til vill er ekki við öðru að búast þegar menn eru málefnalega gjaldþrota og líður illa á sálinni.

Þótt Einar K. upplifi málefnalegar tillögur okkar framsóknarmanna, til aðstoðar vandræða-ríkisstjórninni eins og margir eru farnir að nefna hana, sem neikvæðni þá er það nú svo að þær hafa samhljóm þjóðfélagsins, atvinnulífsins og fyrirtækja. Þær eru jákvæðar fyrir fólkið í landinu og munu skila hér mýkri lendingu en ella. Þetta vita ábyrgu tvíburarnir í Sjálfstæðisflokknum, Illugi og Bjarni, sem taka nú undir þessar tillögur og rassskella forystu sína fyrir framan alþjóð. Það veldur eflaust reiði í flokknum, sérstaklega meðal þeirra sem hafa þjónað sérhagsmunum auðmanna.

Ráðherra er því nær að líta í eigin barm. Hann tók 20 milljarða út úr sjávarútveginum í mesta niðurskurði allra tíma, hann kokgleypti svokallaðar mótvægisaðgerðir sem gagnast ekki sjómönnunum, verkafólkinu né útgerðum. Sjávarútvegsráðherra er enginn aufúsugestur í sjávarbyggðunum um þessar mundir. Fólkið spyr eftir aðgerðum. Vandi framsóknarmanna er þó ekki meiri en svo að sjálfstæðismenn hafa samband við okkur um allt land til sjávar og sveita og segjast ekki þekkja flokkinn sinn. Sjálfstæðisflokkurinn á eftir að fá þann skell sem hann á skilið fyrir aumt samstarf við Samfylkinguna, sem virkar eins og marglytta á Sjálfstæðisflokkinn og dregur úr honum allt afl. Það er engin kjölfesta í samstarfinu.

Ráðning forsætisráðherra á Tryggva Þór Herbertssyni hefur orkað tvímælis, ekki bara hjá okkur framsóknarmönnum heldur vítt og breitt í samfélaginu. Tryggvi er eflaust ágætis piltur en aðeins einn af tugum hagfræðinga sem forsætisráðherra hefur aðgang að og ráðning hans því sjónarspil.

*Höfundur er formaður Framsóknarflokksins.*

Hefur gæðin

HYUNDAI Official Partner



Bílstjórar athugið!

# Eigum gullegg í fórum okkar

Nokkur eintök – misjafnlega stór



| 3 stk. | 8 stk. | 6 stk. |
|---|---|---|
| **Hyundai i10** | **Hyundai Getz** | **Hyundai i30** |
| 5 dyra, bensín og beinskiptur. | 5 dyra, bensín og beinskiptur. | 5 dyra, bensín og beinskiptur. |
| kr. 1.740.000 | kr. 1.990.000 | kr. 2.190.000 |
| **18.980** | **20.830** | **23.960** |
| tilboðsverð á mánuði.* | tilboðsverð á mánuði.* | tilboðsverð á mánuði.* |

**Gríptu gæsina í dag og fáðu þér nýjan Hyundai á kostakjörum.** Fólksbílarnir frá Hyundai eru hagkvæmir og sparneytnir með lága bilanatíðni. Á síðustu árum eru þeir líka orðnir fallegir að sjá og vel hannaðir. Og ef þú heldur að lítill bíll geti ekki verið skemmtilegur í akstri, þá ættiru að koma strax í dag og fara í reynsluakstur á i10, Getz eða i30. Hyundai kemur ávallt vel út þegar borin eru saman gæði og verð. En gulleggin okkar örfáu, sem við eigum nú á lager, eru samt á extra góðu verði.

Væri ekki skynsamlegt að notfæra sér ástandið á bílamarkaðnum og vera á nýjum viðhaldslitlum og sparneytnum bíl í vetur, fyrir eina lága mánaðargreiðslu? **Komdu með gamla bílinn þinn og settu hann upp í hjá okkur og við sjáum hvort við getum ekki treyst þér fyrir einu af gulleggjunum okkar.**

Með bílinn handa þér

B&L áskilur sér rétt til verð- og búnaðarbreytinga án fyrirvara. *Bílasamningur til 84 mánaða JPY/CHF Lýsing – 30% innborgun – Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,48%

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is
Keflavík 421 4444 - Selfoss 575 1460 - Akranes 431 2622 - Akureyri 461 2533 - Egilsstaðir 471 2524

# Íslensk umhyggja í Jemen

Þegar **Jóhanna Kristjónsdóttir** fékk verðlaun Hagþenkis fyrir bók sína Arabíukonur árið 2005 ákvað hún að nota verðlaunaféð til góðs og stofna sjóð til styrktar stúlkum í Jemen. Jóhanna sagði *Þórgunni Oddsdóttur* frá stuðningsverkefninu, markaði sem halda á í Perlunni til að safna fyrir húsnæði í Jemen og fyrirmyndarnemandanum Hanak sem nú er á leið í háskólanám.



**JÓHANNA KRISTJÓNSDÓTTIR** Áhugi Jóhönnu á Miðausturlöndum kviknaði þegar hún starfaði sem blaðamaður á Morgunblaðinu og skrifaði erlendar fréttir. Nú hefur hún farið óteljandi ferðir til þessa heimshluta og er alltaf jafn heilluð. „Það er í raun og veru bara allt; sagan, mannlífið og minjarnar Líka trúarbrögðin sem mér finnst heillandi og falleg þótt margir séu svolítið hræddir við þau," segir Jóhanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í bókinni Arabíukonur segir Jóhanna frá kynnum sínum af stúlkunni Fatimu sem hún hitti á ferðum sínum um Jemen. Fatima var þá fjórtán ára gömul en hafði hætt í skóla vegna þess að ekki voru efni til þess að halda úti skóla í þorpinu hennar. Námsviljinn var þó slíkur að þegar þær hittust sat Fatima í búð systur sinnar með lingvafónnámskeið og lærði ensku á eigin spýtur. Þessi duglega stúlka varð Jóhönnu innblástur, ekki einungis fyrir bókina, heldur líka þegar hún tók við viðurkenningu Hagþenkis og stofnaði sjóð til styrktar stúlkum í Jemen sem hún kaus að kalla Fatimusjóð.

„Ég stofnaði þarna sjóð upp á 350 þúsund krónur. Það eru ekki miklir peningar en það var það sem ég átti," segir Jóhanna sem ákvað að flana ekki að neinu og velja vel í hvað peningunum yrði varið. „Mig langaði að nota verðlaunaféð til að hjálpa stelpum í Jemen en ég vildi líka tryggja að þetta færi ekki í neina vitleysu svo ég eyddi töluverðum tíma í að leita að einhverjum í Jemen sem gæti hjálpað mér og ég gæti treyst. Það var síðan ekki fyrr en nokkrum mánuðum seinna sem ég komst í kynni við Nouriu Nagi," segir Jóhanna.

Nouria þessi hafði þá fyrir um ári áður sett á stofn miðstöðina YERO (Yemeni Education and Relief Organization) í höfuðborginni Sanaa, eins konar skóladagheimili fyrir börn þar sem þau fengu aðstoð við heimanám, aukna kennslu og tækifæri til tómstundaiðkunar.

> Það er svo mikil bjartsýni í þessum krökkum og það er það sem mér finnst íslensku stuðningsmennirnir hafa gefið þeim.

#### Stuðningurinn mikilvægur

Jóhanna skoðaði aðstæður hjá Nouriu og leist vel á. „Í fyrstu reiknaði ég með að geta styrkt svona tíu stelpur fyrsta veturinn og sagði frá þessu á heimasíðunni minni. Viðbrögðin létu ekki á sér standa og áður en ég vissi af voru styrktaraðilarnir orðnir svo margir að við gátum styrkt 37 börn úr sjóðnum," segir hún.

En hvers vegna varð Jemen fyrir valinu af öllum þeim löndum sem Jóhanna hefur heimsótt? „Vegna þess að það er að mínu viti eina landið í þessum heimshluta þar sem er veruleg þörf fyrir þetta. Fátæktin er svo mikil og barnamergð fjölskyldna gríðarleg. Konur eiga sérstaklega erfitt uppdráttar. Þú þarft ekki að vera þarna lengi til að finnast þú verða að gera eitthvað. Það er einfaldlega ástæðan," segir Jóhanna.

Í Jemen er skólaskylda en Jóhanna segir henni illa framfylgt af yfirvöldum. Um helmingur þjóðarinnar er ólæs og jafnvel talið að þriðjungur þingmanna kunni ekki að lesa, ólæsið er þó mest meðal kvenna enda algengt að aðeins elsti sonurinn í fjölskyldunni fái að ganga í skóla. Þar að auki er kennslunni sem börnin fá í skólanum oft ábótavant.



**GÓÐAR VINKONUR** Þegar Jóhanna kemur með ferðamenn til Jemen býður Fatima þeim í mat. Hún er nú orðin 18 ára gömul og stefnir á háskólanám.

MYND/JÓHANNA KRISTJÓNSDÓTTIR

„Í skólum í Jemen eru kannski 80 börn í einum bekk með einn kennara. Það segir sig sjálft að þau fá lítið út úr því. Aðstoðin sem þau fá í YERO-miðstöðinni bætir heilmiklu við því þar fá þau mikinn stuðning," útskýrir Jóhanna.

Hún segir ekki óalgengt að feður taki börnin sín úr skóla vegna þess að borgi sig frekar að senda þau út að betla.

„Þetta er náttúrlega erfitt og við reynum að berjast gegn þessu en fátæktin er svo mikil. Krakkarnir sem við styrkjum eru allra fátækustu krakkarnir. Þetta eru börn sem væru ekki í skóla ef ekki væri fyrir þennan styrk sem þau fá," segir Jóhanna.

#### Menntun bætir stöðu kvenna

Í YERO-miðstöðinni fá stúlkur meðal annars kennslu í leikrænni tjáningu og hannyrðum. Jóhanna segir gaman að sjá hvernig stúlkurnar þroskast og sjálfstraustið eykst.

„Konur í Jemen halda sig mjög til hlés en ég finn að það er að breytast. Fatima er til dæmis orðin 18 ára gömul og hefur þegar fengið nokkur bónorð en hafnar þeim öllum vegna þess að hún ætlar í háskóla. Það er merkilegt að þora að neita að gifta sig. Samkvæmt trúnni má ekki neyða konu í hjónaband en hins vegar er erfitt fyrir stúlku að óhlýðnast föður sínum. Fatima er heppin því hún á skilningsríka foreldra og sem betur fer á það við um margar stúlkur," segir Jóhanna.

Fatima fékk einmitt draum sinn um að ganga í skóla uppfylltan eftir að fréttist af því hvernig Íslendingar höfðu tekið til hendinni í Sanaa. Skólinn í þorpinu hennar var opnaður á ný og nú stefnir Fatima á framhaldsnám. „Hún ætlar að læra öll tungumál sem hún kemst yfir," segir Jóhanna og segir blaðamanni sögu af annarri stúlku sem var svo ánægð þegar hún lærði að lesa í YERO-miðstöðinni að hún rauk beint á fund forstöðukonunnar Nouriu til að segja henni að hún væri hún tilbúin til að fara í háskólann. „Það er svo mikil bjartsýni í þessum krökkum og það er það sem mér finnst íslensku stuðningsmennirnir hafa gefið þeim," segir Jóhanna.

Í fyrstu styrktu Íslendingarnir bara stúlkur en nú hafa nokkrir drengir bæst í hópinn. „Það var þarna ein kona í einni af ferðunum okkar til Jemen sem hafði hitt Nouriu og sagði mér síðan að hún vildi endilega styrkja strák. Ég varð voða hissa og spurði hvers vegna og þá sagði hún: „Vegna þess að ég held að strákar verði betri menn af því að kynnast þessari konu." Það segir mikið um það hvaða áhrif Nouria hefur."

#### Þörf á nýju húsnæði

YERO-miðstöðin hefur nú sprengt utan af sér núverandi húsnæði í Sanaa og vitanlega ætla Íslendingar að bregðast við því. Settur hefur verið á laggirnar aðgerðahópur undir forystu Sigþrúðar Ármann í Exedra, skipaður íslenskum kvenskörungum úr ýmsum áttum, sem ætla að halda markað í Perlunni 30. ágúst næstkomandi.

„Þetta verður Perlusúk," segir Jóhanna en súk er arabíska orðið yfir markað. „Við erum byrjaðar að safna varningi til að selja og frá og með 30. júlí verður hægt að koma með varning til okkar í Síðumúla 15 fyrir markaðinn. Þarna verða seld föt, veski, slæður, púðar, teppi og sitthvað fleira. Og þetta á ekki bara að vera sölumarkaður heldur verður þetta skemmtilegur viðburður með músík og alls kyns uppákomum," segir hún.

Allur ágóði rennur óskiptur í byggingasjóð fyrir miðstöðina. „Við ætlum að safna fyrir nýju húsi," segir Jóhanna. „Til þess að við getum keypt eitthvað almennilegt og þurfum ekki að stækka við okkur aftur eftir örfá ár þurfum við um 30 milljónir. Það er eins og hvað … ein fjögurra herbergja íbúð í Reykjavík, en það eru miklir peningar í Jemen."

#### Gott að geta hjálpað

Stuðningsverkefnið í Jemen hefur gefið Jóhönnu mikið. „Sem manneskja hef ég grætt á þessu heilan helling. Ég fæ mikið út úr þessu og finnst þetta óskaplega skemmtilegt. það er ekki nokkur vafi. Ég finn líka að fólkinu sem tekur þátt í verkefninu finnst gott að hjálpa. Ég tala nú ekki um þá sem hafa farið þarna og séð með eigin augum hvað þörfin er mikil," segir hún.

Starf sem þetta þarf að vinna í góðu samstarfi við heimamenn og það hefur Jóhanna haft að leiðarljósi. „Þetta er engin aumingjagæska. Við viljum gera þetta þannig að allir haldi sinni reisn. Svona starf verður ekki unnið nema með fullkominni virðingu fyrir viðkomandi menningu og við gerum ekkert þarna nema í samvinnu við Nouriu og heimafólk. Við komum ekki og segjum þeim til með yfirgangi.

Ég hef búið í Jemen og ég veit að konur vilja læra, þær bara hafa ekki tök á því og því reynum við að breyta. Hins vegar er nauðsynlegt að virða þeirra hefðir, gera ekki lítið úr þeim og gera ekki lítið úr trúnni. Okkur ber líka skylda til að veita aðstoð á þeirra forsendum. þegar við kaupum þetta hús til dæmis, sem ég er ekki í nokkrum vafa um að við gerum, þá er það fyrst og fremst þeirra mál hvernig þau ganga frá því húsi og hvað þau hafa þar," segir Jóhanna.

#### Allir vegir færir

Núna, fimm árum eftir að YERO tók til starfa og rúmum þremur árum eftir að Fatimusjóðurinn var stofnaður, er fyrsti nemandinn, Hanak Al Matari, að fara í háskóla. „Við erum ofsalega stolt af þessu. Hér á Íslandi finnst okkur svo sjálfsagt að allir fari í háskóla ef þeir geta en þarna er það í raun og veru mjög merkilegur áfangi. Það að þetta skuli vera fátæk stúlka sem er auk þess komin á giftingaraldur gerir þetta síðan enn merkilegra," segir Jóhanna.

Hanak er 19 ára og hefur fengið styrk frá Íslendingum frá upphafi ásamt þremur systrum sínum sem einnig stefna á háskólanám. „Þetta er dugleg fjölskylda og stúlkurnar eru fyrirmyndarnemendur. Faðirinn er atvinnulaus en er húsvörður í verksmiðju og fær þannig frítt húsnæði en engin laun. Þau búa saman hjónin í tveggja herbergja íbúð með ellefu börn. Móðirin vinnur við ræstingar en hefur sótt sér fullorðinsfræðslu hjá okkur og dreymnir um að setja á laggirnar litla saumastofu. Hún er ólæs og óskrifandi en vill fikra sig áfram og hvetur börnin sín til dáða."

Og hvað skyldi Hanak ætla að læra í háskólanum? „Hún fer í hagfræði og stjórnmálavísindi," segir Jóhanna brosandi. „Mér finnst mjög merkilegt að fyrsta stelpan okkar skuli láta sér detta í hug að fara í þess háttar nám. Maður hefði kannski haldið að hún færi í kennaranám eða eitthvað álíka, án þess að gera lítið úr því. En hún telur sem sagt réttast að fara í hagfræði og stjórnmálavísindi sem sýnir að henni finnast henni greinilega allir vegir færir."

## YERO-MIÐSTÖÐIN Í SANAA

Um 250 börn eru styrkt til náms í YERO-miðstöðinni nú og á þriðja tug kvenna sækir þar fullorðinsnámskeið. Síðastliðinn vetur studdu Íslendingar allar konurnar í fullorðinsfræðslunni og helming barnanna.

Hvert barn er styrkt um 270 dollara (um 22.000 krónur íslenskar) á ári en fyrir þá upphæð getur barnið gengið í skóla, fengið skólabúning, skólavörur, reglulega læknisskoðun, fatnað fyrir stórhátíðir, leiðbeiningar og aðstoð við heimanám í miðstöðinni þrisvar í viku, kennslu í handmennt og tónlist (sem ekki er í boði í Jemenskum skólum) auk þess sem fjölskylda barnsins er studd með matargjöfum þegar illa stendur á.

Forstöðukonan Nouria kannar aðstæður allra sem sækja um og velur vel hvaða börn fá styrk. Vonast er til að með nýju húsnæði verði unnt að taka á móti fleiri börnum.



MYND/JÓHANNA KRISTJÓNSDÓTTIR

**ÞAKKLÁTIR KRAKKAR** Ef ekki væri fyrir stuðninginn sem þessi börn fá frá góðu fólki á Íslandi og víðar er óvíst hvort þau gætu gengið í skóla.



**AÐSTOÐ VIÐ HEIMANÁMIÐ** Nouria borgar kennurunum hærri laun en gengur og gerist til að tryggja að hún fái besta fólkið.




Þú missir ekki bara bílprófið ef þú ekur of hratt, heldur gæti bíllinn þinn verið gerður upptækur og þú greitt sekt sem jafngildir mánaðarlaunum margra.

**Hraðakstur borgar sig ekki - Í ALVÖRUNNI!**

UMFERÐARSTOFA

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

# *Fjórða kjörtímabil forseta að hefjast*

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson verður settur inn í embættið að nýju þann 1. ágúst næstkomandi en þá hefur hann setið í þrjú kjörtímabil. Fréttablaðið rifjar upp síðustu fjögur ár forsetans í embætti í gegnum linsur ljósmyndara blaðsins.



**SETTUR Í EMBÆTTI** Ólafur Ragnar Grímsson og eiginkona hans, Dorrit Moussaieff, veifa til viðstaddra af svölum Alþingishússins við þriðju embættisveitingu forsetans í ágúst árið 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**ODDAFLUG FORSETAHJÓNANNA** Flogið var með fríðu föruneyti norður til Akureyrar og austur til Egilsstaða að njóta myndlistar í tengslum við Listahátíð í Reykjavík í maí. Sólin náði að brjótast fram þrátt fyrir að vorið væri enn ókomið nyrðra og eystra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**FJÖLMIÐLAFRUMVARPINU HAFNAÐ** Mikil eftirvænting ríkti þegar Ólafur Ragnar Grímsson boðaði til blaðamannafundar þann 2. júní 2004 vegna fjölmiðlafrumvarps ríkisstjórnarflokkanna. Á fundinum tilkynnti Ólafur Ragnar að hann hefði ákveðið að skrifa ekki undir fjölmiðlafrumvarpið og var það í fyrsta skipti sem forseti Íslands neitaði að staðfesta lög. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**AL GORE HEILSAÐ MEÐ VIRKTUM** Nóbelsverðlaunahafinn Al Gore heimsótti Ísland í apríl og snæddi kvöldverð á Bessastöðum ásamt fulltrúum úr íslensku fræða- og vísindasamfélagi. Al Gore lét þau orð falla að Ísland og Ólafur Ragnar Grímsson hafi mikilvægu forystuhlutverki að gegna í loftslagsmálum á heimsvísu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**SMAKKAÐ Á AFMÆLISKÖKUNNI** Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff glöddust með Hafnfirðingum á hundrað ára afmæli kaupstaðarins þann 1. júní. Forsetahjónin þáðu bita af hundrað metra langri afmælisköku í Strandgötu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**GEORGE BUSH ELDRI MEÐ FORSETAHJÓNUNUM** Fyrrum Bandaríkjaforsetinn George Bush eldri kom hingað til lands í boði forseta Íslands í júlí fyrir tveimur árum. Hann fékk þá tækifæri til að reyna sig við veiðistöngina á Bessastöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**BEÐIST LAUSNAR** Geir H. Haarde biðst lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt á Bessastöðum 18. maí á síðasta ári. Ólafur Ragnar Grímsson fól Geir að mynda nýja ríkisstjórn. Ólafur Ragnar sat þá í þriðja sinn á Bessastöðum þegar gengið var til Alþingiskosninga en hafði ekki veitt umboð til stjórnarmyndunar áður. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

INNRÉTTINGAR Í ELDHÚS · BAÐHERBERGI · SVEFNHERBERGI · ÞVOTTAHÚS

**SETTU ÞAÐ SAMAN** HTH

*Innréttingar að þínu skapi!*

# *Af hverju að borga meira?*



***Settu það saman*** er sniðið að þörfum þeirra sem vilja sjálfir setja upp eigið eldhús, en um leið njóta gæðanna.




- Mikið úrval eldhús- og baðinnréttinga ásamt fataskápum
- Fagleg ráðgjöf
- Flatar pakkningar sem auðvelt er að flytja
- Framleiðsluvörur HTH eru samkvæmt nýjustu umhverfisstöðlum
- 5 ára framleiðslu- og gæðaábyrgð
- Sérsniðið hönnunarforrit fylgir

ALLT AÐ **20% afsláttur** af hágæða AEG eldhústækjum þegar keyptar eru HTH eldhúsinnréttingar.

*Nýr, glæsilegur bæklingur kominn úr prentun. Fáið bæklinginn sendan heim – eða kynnist úrvalinu af eigin raun í verslunum okkar.*




**ORMSSON**

SMÁRALIND · SÍMI 530 2907 / 530 2908

**ORMSSON** ÁRVIRKINN, SELFOSSI · SÍMI 480 1160 **ORMSSON** AKUREYRI · SÍMI 461 5003



**GEIR JÓN ÞÓRISSON** Yfirlögregluþjónninn ætlar að þeysast um Bandaríkin með kraftinn milli fóta og konuna sem hnakkaskraut. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**BÓ HLÝTUR AÐ TELJAST SÁ FLOTTASTI** Björgvin Halldórsson fékk sér að sjálfsögðu flottustu týpu hlaðna aukahlutum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**DARRI INGÓLFSSON** Leikarinn segir mótorhjólið gott í bensínkreppu og ágæt afsökun til að klæðast leðri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**MIKKI TORFA** Rithöfundurinn er ekki á mótorhjóli til að leggja sitt af mörkum vegna gróðurhúsaáhrifanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**MÓTORHJÓLAMENN AF ÝMSUM STÉTTUM** Marel markaskorari, Bjössi í World Class og Bolli í 17 eru allir mótorhjólatöffarar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**SÉRSTÆÐASTI RIDDARI GÖTUNNAR** Líklega verður Logi Bergmann að teljast frumlegastur á sínu Miele-hjóli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**STEFÁN MÁR MAGNÚSSON** Gítarsnillingurinn leitar nú leiða til að ferja gítarinn um á Vespunni sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Mótorhjólasumarið mikla

Sumarið 2008 fer í sögubækurnar sem mótorhjólasumarið mikla. Ólíklegustu menn komu út úr skápnum sem mótorhjólamenn og stoltir sem slíkir. Því ræður einkum tvennt: Orkukreppan veldur því að ódýrara er að fara um á vélhjóli en bíl. Og svo hann Gunnar Hansson leikari sem hóf að flytja inn Vespur í stórum stíl til landsins og moka þeim út.

Blaðamenn Fréttablaðsins ætla sér ekki þá dul að gera upp á milli vélfáka þó að í þessari samantekt sé Harley-Davidson í aðalhlutverki. Reyndar er Snigill númer 1, Hilmar Lúthersson, sem verður sjötugur í næsta mánuði og man tímana tvenna, ekki á því að Harley sé málið: „Ég er búinn að eiga um hundrað mótorhjól í gegnum tíðina og búinn að gera upp tugi,“ segir Hilmar. Hann segist hafa prófað vel flestar tegundir hjóla. „Ég er til dæmis búinn að prufa Harley, og það eru ekki mótorhjól. Þau eru bara eitthvað sem þú átt að eiga inni í skúr. Öll hin hjólin eru mikið framar í hönnun og öllu,“ segir Hilmar en viðurkennir að Harley-hjólin hafi skánað eftir að „Kaninn hætti að vera með puttana í þessu öllu“ og framleiðsla hjólanna dreifðist um heiminn. „Þeir sem ekki hafa vit á mótorhjólum segja „vá!“ þegar þeir sjá Harley.“

Hilmar segir að það séu til tvær flokkar af mótorhjólamönnum, þeir sem eru búnir að detta, og þeir sem eiga það eftir. Hann komst í seinni flokkinn árið 2004 þegar hross hljóp í veg fyrir hann og hann datt og brákaði nokkur rifbein.

## Harley er það heillin

Hvað sem öðru líður hafa þeir ófáir mótorhjólamennirnir sem komið hafa við sögu í Fréttablaðinu á umliðnum mánuðum verið á Harley-Davidson. Og þar fer líklega fremstur í flokki sjálfur yfirlögregluþjónn höfuðborgarsvæðisins. Geir Jón Þórisson ætlar að láta gamlan draum rætast og fara hina sögufrægðu leið Route 66 í haust. Með konu sína sem hnakkaskraut. Geir Jón keypti sér nýlega hjól af tegundinni Honda VTX 1300 en er Harley-maður: „Við förum til Los Angeles og leigjum þar splunkuný Harley-Davidson-mótorhjól.“ Ferðin tekur þrjár vikur segir Geir Jón sem gekk nýlega í mótorhjólaklúbbinn Trúboðana, samtök kristinna bifhjólamanna, en Bandaríkjafararnir eru aðallega úr þeim félagsskap. Geir Jón nýtur fulls stuðnings konu sinnar, Guðrúnar Ingveldar Traustadóttur, í dellunni. „Hún hefur farið mikið með mér á hjólinu hérna heima og hefur voðalega gaman af. Hún fer með út og verður hnakkaskraut,“ segir Geir Jón sem ekki hefur sýnt því áhuga að kaupa Vespu þrátt fyrir vinsældir þeirrar tegundar: „Nei, maður verður að hafa kraftinn á milli fótanna, finnst mér, og komast leiðar sinnar almennilega.“

Annar ekki síður flottur sem er á leið til Bandaríkjanna í pílagrímsför er ljósmyndarinn Spessi ofursvalur: Til Sturges á eitthvert frægasta mótorhjólamót sem um getur. Hann segir „raiser“ hjól adrenalín-græju en Harley endorfín. Fyrst keypti hann sér Dyna Lowrider og seinna Night Train. „Í lok sumars 2006 svínaði maður fyrir mig og ég inn í hliðina á honum,“ segir Spessi og vandar sofandi sauðum í umferðinni ekki kveðjurnar. Eftir tryggingastapp fékk hann peninga út úr slysinu, keypti nýja grind á hjólið og lét sérsmíða gaffla í Svíþjóð. Þá var hjólið orðið eins og Spessi vildi hafa það.



**GUNNAR HANSSON** Hitti á gullæð þegar hann tók að flytja inn Vespur og selur í stórum stíl. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Og meira Harley

Þá hefur Mikael Torfason rithöfundur sést leðurklæddur á mótorhjóli þetta sumarið og gengst fúslega við því að vera kominn með snert af gráa fiðringnum. Mikael fékk sér Harley-Davidson Sporster nýlega – Breiðholtsútgáfuna sem fer honum vel. Mikael hafnar því alfarið að þetta sé hans aðferð til að sporna gegn gróðurhúsaáhrifum: „Nei! Er Egill [Helgason] ekki búinn að afsanna allt þetta með gróðurhúsaáhrifin? Þetta er mitt svar við háu bensínverði.“ Mikki segist geta notað hjólið í útréttingar þegar hann er einn á ferð. Fjölskyldubíllinn er alltof stór í snatt. „Ég fyllti Sportsterinn um daginn. Og fer tíu sinnum lengra á honum en Dodge-inum,“ segir Mikael sem hefur verið óvirkur mótorhjólamaður í 16 ár. „Ég þarf ekkert að ganga í einhverja mótorhjólaklíku. Enda finnst mér það fara með frelsið og anarkismann.“

Darri Ingólfson, sem margir kannast við úr sjónvarpsþáttunum Mannaveiðum, er svo annar riddari götunnar: „Við pabbi vorum búnir að stara of lengi á Harleyinn sem bróðir minn á inni í bílskúr og ákváðum að skella okkur saman í ökutíma. Í Mannaveiðum lék Darri morðingjann sem í lokaatriðinu flýr einmitt undan lögreglunni á mótorhjóli. „Ég fékk ekki að keyra sjálfur við tökurnar á Mannaveiðum þar sem ég var réttindalaus, en ég mætti það núna.“ Hjólið sem Darri ekur á er af gerðinni Harley-Davidson Nightrod Special edition og hann vísar til hás bensínverðs líkt og Mikael. „Í bensínkrísunni er þetta ágætur kostur, það kostar mig tvö þúsund krónur að fylla tankinn. Svo er þetta ágæt afsökun til að klæðast leðri,“ segir Darri.

Rithöfundur, leikari og þá fótboltahetja. Marel Baldvinsson er markaskorari og mótorhjólatöffari og þegar í hópinn bætast líkamsræktarfrömuðurinn Björn Leifsson og athafnamaðurinn Bolli í 17 má sjá að mótorhjólamennirnir leynast víða.

## Vespufólkið

Gunnar Hansson leikari hitti á gullæð þegar hann hóf að flytja inn Vespur. Nú þegar hafa fimmtíu manns fest sér Vespu hjá þessum góðlátlega manni og má þar nefna menn allt frá Sigurði Eggertssyni handboltakappa til Sigurjóns M. Egilssonar ritstjóra svo handahófskennd dæmi séu nefnd. Gunnar tjáði Fréttablaðinu að nokkur dæmi væru um að kraftmestu Vespurnar færu til



**SPESSI** Er ofursvalur á sínum „Tjopper“ en hann er að fara til Bandaríkjanna á mótorhjólamót.

manna sem væru komnir yfir sjötugsaldurinn. Einn sá fyrsti til að skipta við Gunnar var Edda Björg Eyjólfsdóttir sem keypti Vespu fyrir mann sinn Stefán Má Magnússon gítarsnilling sem hefur verið aðdáandi slíkra hjóla um árabil. „Það kostar ekki nema þúsund kall að fylla hana og hún endist út vikuna,“ útskýrir Stefán sem leitar ráða með að geta ferjað gítarinn milli staða á vespunni.

Frægasti og flottasti Vespueigandinn hlýtur þó að teljast sjálfur Bó sem segir Vespuna tákn sjöunda áratugarins: „Kúltúrtákn og á heima í íkon-sögunni með Fendernum, Elvis og Coca-Cola flöskunni,“ segir Bó sem er búinn að fá sér hjól af Piaggio gerð og flottari týpuna – að sjálfsögðu. „Vespa GTV 250 og framleidd í tilefni af sextíu ára afmæli hjólsins. Með öllum aukabúnaði sem hægt er að hugsa sér,“ segir Björgvin Halldórsson.

Einn sérstæðasti mótorhjólamaðurinn hlýtur þó að teljast Logi Bergmann Eiðsson sem fer sinna ferða á Miele-hjóli sem flestir þekkja sem framleiðanda eldhústækja. „Þetta hjól er frá 1954. Og ég kemst alveg í svona 40 kílómetra hraða. Fimmtíu á góðum degi,“ segir Logi en Valur Hólm tengdafaðir hans gerði það upp fyrir Loga. „Þetta er mótorreiðhjól og bara notað spari á góðviðrisdögum.“

**Samantekt: Jakob Bjarnar Grétarsson**



512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



**DONNIE YEN LEIKARI ER 45 ÁRA**

*„Bruce er maðurinn. Hann var, án alls vafa á undan sinni samtíð.“*

***Donnie Yen er kínverskur bardagalistamaður, leikari og leikstjóri.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 27. JÚLÍ 1940

## *Fyrsta teiknimynd Bugs Bunny*

Villti hérinn var fyrsta teiknimynd Bugs Bunny, eða Kalla kanínu eins og hann er þekktur hér á landi. Teiknimyndin var framleidd af Leon Schlesinger og leikstýrð af Tex Every og skrifuð af Rich Hogan. Frá árinu 1939 höfðu Warner Bros reynt að búa til persónur sem voru kanína og veiðimaður. Í myndinni heyrðist í fyrsta skipti hin klassíska rödd veiðimannsins Elmer Fudd. Aðalsöguþráður myndarinnar um villta hérann var vonleysi veiðimannsins Elmer við að ná Bugs Bunny. Elmer greyið var oft niðurlægður af Bugs Bunny í teiknimyndunum sem á eftir komu, eins og margir vita. Bugs Bunny hefur síðan verið ein frægasta teiknimyndapersóna í heiminum. Hann er þekktur fyrir hroka og mikla útsjónarsemi sem hefur oftar en ekki gert mörgum grikk í gegnum árin. Frá sömu höfundum Bugs Bunny hafa komið fram á sjónarsviðið margar skemmtilegar persónur og þar má helst nefna hinn geðstirða Daffy Duck.



## MERKISATBURÐIR

**1896** Fyrsti læknafundurinn var haldinn á Íslandi. Fundinn sóttu tólf læknar og þrír læknanemar. Fundurinn stóð í fjóra daga.

**1898** Holdsveikraspítalinn í Laugarnesi var vígður með viðhöfn.

**1903** Í Iðnó í Reykjavík var fyrsta kvikmyndasýningin. Það voru tveir Norðmenn sem sýndu lifandi myndir. Myndefnið var meðal annars frá dýragarði í London og krýningu Játvarðs konungs sjöunda.

**1955** 46,3 sentimetra síld veiddist á Sléttugrunni og var sú stærsta síld sem vitað er um að veiðst. Síldin var alíslensk og talin tíu ára.



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elsku föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Jón Friðriks Jónssonar**
Ofanleiti 25, Reykjavík.

Guð blessi ykkur öll.

**Anna Lind Jónsdóttir**
**Guðmundur Guðmundsson**
**Arnfríður Jónsdóttir**
**Soffía Rut Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Zophonías Kristjánsson**
blikksmiður

lést á Vífilsstöðum föstudaginn 18. júlí. Útförin verður gerð frá Árbæjarkirkju mánudaginn 28. júlí kl. 15.

**Kristján Zophoníasson** **Björk Ólafsdóttir**
**Viðar Zophoníasson**
**Steinunn Kr. Zophoníasdóttir** **Árni Haukur Árnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Helga Ingibjörg Stefánsdóttir**
frá Smyrlabergi, áður til heimilis á Vífilsgötu 23, Reykjavík,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni hinn 23. júlí, verður jarðsungin frá Háteigskirkju fimmtudaginn 31. júlí kl. 13. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á minningarkort Sóltúns (S. 590 6000).

**Sjöfn Friðriksdóttir** **Skúli Jón Sigurðarson**
**Alda G. Friðriksdóttir** **Guðni F. Guðnason**
**Hulda G. Friðriksdóttir** **Sigurbjarni Guðnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR**

**Mikið úrval**
**Yfir 40 ára reynsla**
Sendum myndalista



***MOSAIK*** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.
Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.



**ÞÓRARINN HELGASON** Hefur staðið vaktina í tíu ár í Hvalfjarðargöngunum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**ÞÓRARINN HELGASON:** HEFUR STARFAÐ Í HVALFJARÐARGÖNGUNUM FRÁ OPNUN

# Ný göng eru nauðsynleg

Hvalfjarðargöngin eru tíu ára um þessar mundir. Spölur ehf. á og rekur Hvalfjarðargöngin og hjá þeim starfar Þorfinnur Helgason, en hann hefur starfað í göngunum frá opnunardegi þeirra. Hann á því tíu ára starfsafmæli í ár.

„Það var gert heiðursmanna-samkomulag milli stjórnar Spalar og ráðamanna Akraborgarinnar að starfsmenn Akraborgarinnar nytu forgangs um störfin í Hvalfjarðargöngunum. Á þessum tíma var fátt um fína drætti í atvinnulífinu. Á sama tíma var Norðurál að opna álverið en mér leist illa á tólf tíma vaktir þar og sóttist því eftir starfinu við göngin,“ segir Þorfinnur. „Ég vann á síðustu vaktinni í síðustu ferð Arkraborgarinnar kvöldið áður og mætti til vinnu við göngin daginn eftir, á opnunardeginum sjálfum.“

Þorfinnur starfaði sem háseti á Akraborginni og segir að mikill munur sé á þessum tveimur störfum. Á Akraborginni gafst tími til þess að spjalla við gesti skipsins en í starfi Þorfinns í göngunum er lítið um spjall því umferðin í gegnum tollhliðin verður að ganga hratt fyrir sig, sérstaklega þegar mikið er að gera.

„Göngin eru gríðarleg búbót fyrir ekki bara Vesturland heldur fyrir alla þá sem eiga leið vestur eða norður. Fyrsta sumarið var eitthvað af farþegum sem voru ekki vanir svona göngum og oft mynduðust raðir á álagstímum og það fór mismikið í pirrurnar á bílstjórunum. En Íslendingar eru óþolinmóð þjóð og mátti haldi að fólk hefði aldrei þurft að bíða á rauðu ljósi. En nú er fólk skárra og í dag er það algjör undantekning ef eitthvað gerist,“ segir Þorfinnur.

Frá upphafi hefur verið stöðug aukning en í fyrsta skipti núna í júnímánuði var samdráttur. Menn kenna þar mest um hækkandi bensínverði og fólk því farið að ferðast minna. En umferðin er samt sem áður mikil og nauðsyn á nýjum göngum mikil, segir Þorfinnur. **- MMR**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Einar Jónsson**
stýrimaður, Laugarnesvegi 89,

verður jarðsunginn mánudaginn 28. júlí klukkan 15.00 í Fossvogskirkju. Þeim sem vildu minnast hans er bent á krabbameinsfélagið eða Bergmál líknar og vinafélag.

**Vera Einarsdóttir**
**Þorgerður J. Einarsdóttir** **Snorri H. Harðarson**
**Ólafur Einarsson** **Sólveig Björnsdóttir**
**Hrönn Einarsdóttir** **Óskar Bjartmarz**
**Jón Einarsson** **Guðný Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Konráðs Árnasonar**
Brekkugötu 38, Akureyri, áður Kringlumýri 27.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Skógarhlíð, dvalarheimilinu Hlíð, fyrir góða umönnun.

**Nanna Kristín Bjarnadóttir**
**Björg Konráðsdóttir** **Anton Benjamínsson**
**Heiðar Geir Konráðsson** **Hjördís Stefánsdóttir**
**Halldóra Konráðsdóttir** **Karl Símon Helgason**
**og barnabörn.**



# ferðalög

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FERÐALÖG ]

ÁGÚST 2008

## EKKI BARA HALLIR OG SACHER-TERTUR

Vínarborg er spennandi suðupunktur í Evrópu

## SÍÐASTI SÉNS Í SÓLINA

Sniðugustu tilboðin í ágúst

# SUMAR VIÐ SIGNU

## HEITUR ÁGÚSTMÁNUÐUR Í PARÍSARBORG

+ GISTING Í FORNUM KASTÖLUM, BOUTIQUE-HÓTEL Í BERLÍN, 48 TÍMAR Í BRIGHTON

# MIÐBAUGUR

ÞAÐ HEITASTA Í ...
HÓTELUM, VEITINGASTÖÐUM, GRÆJUM, BÚÐUM, MÖRKUÐUM OG FERÐANÝJUNGUM

**Anna Margrét Björnsson skrifar**

## BÖLVUN VERSLUNARFERÐARINNAR

Við höfum öll gert þetta. Keypt eitthvað bara til þess að hafa keypt eitthvað. Erum með ógeðslega ljótan leðurjakka frá fríinu á Kanarí í geymslunni frá sirka 1989, nokkra etníska bakpoka, marokkóskt pils og fáránlegan kúrekahatt sem manni þótti töff í síðasta fríi til Texas. Alveg sama hvert við Íslendingar ætlum að fara í frí þá finnst okkur við alltaf þurfa að eyða þreföldum mánaðarlaunum á Visa-kortið þegar út er komið. Ég á ekki við það að það sé óeðlilegt að kaupa sér eitthvað fallegt í París eða New York. En þegar haldið er í sólarlandaferð til dæmis þá er klárt mál að Algarve er ekki miðpunktur tískuheimsins, að Zara er alltaf bara Zara og að háglansandi rauður leðurjakki var bara smart þegar maður var þunnur með ofskynjanir í 35 stiga hita. Til hvers að vera að skella sér í ódýra sólarferð og eyða svo aleigunni á krepputímum í drasl þegar út er komið? Ég hef velt fyrir mér ástæðum þess að fólki finnist það þurfa að kaupa svona mikið erlendis. Burtséð frá því augljósa – að monta sig yfir utanlandsferðinni þegar heim er komið ásamt dökkbrúnu „tani“ – þá held ég að okkur líði öllum eins og við séum önnur manneskja þegar við erum komin í annað land. Maður getur til dæmis verið meiri heimsborgari ... eða jafnvel breyst í hippa á nokkrum dögum. Þetta er jú auðvitað ástæða þess að flestir hafa gaman af því að ferðast – til að öðlast nýja sýn á hlutina og sjá heiminn með víðari linsu en við erum vön. Og í þessu „stundarbrjálæði“ finnst okkur bráðnauðsynlegt að kaupa hluti eða fatnað sem hæfa þessum nýja persónuleika. En oftast er það þannig að þessi nýja manneskja hverfur um leið og við drepum aftur niður fæti á heimaslóðum og þessi veraldarvana New York-gella eða Kanaríeyjahippi var skilinn eftir í rykmekki einhvers staðar á leiðinni. Sem betur fer lærir maður af reynslunni og ég hef sjálf takmarkað slíkt verslunaræði niður í tvær vel valdar flíkur. Og í síðustu Ítalíuferð þegar einhver innri Donatella Versace hvíslaði að mér að ég bara yrði að eignast gylltu Dolce&Gabbana gallabuxurnar þá brosti ég bara að hugmyndinni um hversu sárt þær myndu stinga augun í þvögunni á Kaffibarnum.

**ferðalög** kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins.

**Ritstjóri** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is*
**Útlit** Arnór Bogason og Kristín Agnarsdóttir
**Forsíðumynd** Lautarferð við Eiffelturninn í París.. Ljósmynd eftir Anton Brink
**Pennar** Þórgunnur Oddsdóttir, Kolbrún Ólafsdóttir
**Ljósmyndir** Fréttablaðið
**Auglýsingar** Stefán P.Jones spj@365.is






**Ross kastalinn stendur við Lough Shelin stöðuvatnið á Írlandi og er dæmigerður 16. aldar kastali, reistur af Baróninum Richard Nugent árið 1533. Í kastalanum er gistipláss fyrir 19 manns og kostar nóttin í kringum 8.000 krónur á manninn með morgunmat. Kastalinn er í um 90 mínútna akstursfjarlægð frá Dublin.**
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

## GIST AÐ HÆTTI KONUNGA

Hvern hefur ekki dreymt um að búa í kastala eða hreiðra um sig á herragarði með þjón á hverjum fingri. Þú þarft ekki að vera með blátt blóð í æðum til að komast í konunglega stemningu í sumarfríinu því víða í Evrópu má panta sér gistingu í gömlum kastala eða jafnvel leigja einn slíkan.



**Skammt frá bænum Cong á Vestur-Írlandi er hinn glæsilegi Ashford-kastali sem reistur var á 13. öld. Nú er rekið lúxushótel í höllinni og gistingin er síður en svo ókeypis. Ódýrustu tveggja manna herbergin kosta í kringum 30.000 krónur meðan þau dýrustu eru á 150 þúsund.**

Kastalagisting er spennandi kostur fyrir þá sem vilja ekki aðeins ferðast um ókunnar slóðir heldur ferðast svolítið aftur í tímann í leiðinni. Það kann að koma á óvart en fyrir gistingu í gömlum kastala þarf ekki endilega að borga fúlgur fjár. Oft er verðið sambærilegt við það sem gerist á hótelum og líkt og með þau þá eru kastalarnir eins misjafnir og þeir eru margir. Sumum hefur verið breytt í rándýr lúxushótel og verðið er eftir því meðan annars staðar má hvíla lúin bein í gömlum kastala og borga fyrir það sömu upphæð og á farfuglaheimili.

Framboðið er furðu mikið. Á Bretlandseyjum má panta sér gistingu í niðurníddum miðaldakastölum um Írlands og Skotlands eða á rómantísku átjándu aldar sveitasetri í anda sagna Jane Austin. Sveitasetrin í Frakklandi eru ekki síðri og í hinum ævintýralega Rínardal í Þýskalandi geta ferðalangar keypt sér gistingu í glitrandi höllum - eins og þeim sem gjarnan sjást myndir af á púsluspilum og póstkortum.

Vilji maður staldra við í lengri tíma er víða í boði að leigja heilan kastala. Til dæmis stóra höll ef halda á brúðkaupsveislu eða lítinn kastala með rúmum fyrir 20 manns fyrir smærri ættarmót.

Mikilvægast af öllu er að ímyndunaraflið sé með í för því allt getur gerst þegar sofið er í kastala. Kannski fara draugar fortíðar á stjá og ef til vill má finna sofandi prinsessu í einum turninum.

*Góðar vefsíður:*
*holiday-chateau.com*
*rhinecastles.com*
*celticcastles.com*




## FRAMTÍÐIN Í BERLÍN



**Nútímaleg hönnun Herbergin eru sögð taka innblástur af púpum fiðrilda**

Berlín kann að vera paradís fátæka listamannsins en fyrir þá sem sækjast í aðeins meiri lúxus í þessari spennandi borg er Hotel Q staðurinn til að gista á. Hótelið er sérlega nútímalegt „boutique“ hótel staðsett í Kurfurstendamm hverfinu, rétt hjá Savignyplatz torginu þar sem úir og grúir af veitingahúsum og skemmtistöðum. Innandyra er mikið lagt upp úr hönnun og notast við stein, við og strútsskinn. Baðkarið er við hliðina á rúminu í hverju herbergi en þar er einnig að finna flatskjái, minibar og internet. Q hotel býður upp á slökunarherbergi þar sem gestir geta slappað af eftir morgunmat en þar er að finna sand á gólfinu, japönsk böð og finnska sánu. Veitingahús hótelsins reiðir fram ljúffenga tælenska rétti og barinn - Hotel Q Bar- sem er með arineld og rauðum veggjum þykir sérlega töff og er aðeins fyrir hótelgesti og meðlimi. Það er hægt að leigja reiðhjól á hótelinu sem er upplagt til þess að fara og skoða Kurfurstendam eða Tiergarten garðinn sem er rétt hjá. *- amb*

# ÓLYMPÍULEIKARNIR NÁLGAST ÓÐFLUGA





Kolbrún Ólafsdóttir
skrifar frá Peking

Út um alla borg eru skilti sem telja niður að deginum mikla 08.08.08 kl.08 en þá verða Ólympíuleikarnir settir. Það er óhætt að segja að maður hafi fundið fyrir undirbúningnum á eigin skinni síðustu mánuði en miklar framkvæmdir hafa verið næstum því á hverju götuhorni. Nú er þessu öllu að ljúka og verið er að taka niður síðstu stillasana og verkamennirnir eru rétt að slá síðustu höggin. Það sem kemur undan öllu þessu er borg í sparibúningi. Margar stórar og glæsilegar byggingar hafa risið og einnig er búið að lagfæra ýmislegt sem betur mátti fara. Það verður þó að segjast að sumt lítur nokkuð kaldhæðnislega út. Til að mynda stórglæsileg verslunarmiðstöð sem verið er að opna og skartar mörgum af þekktustu vörumerkjum heims er við hliðina á einum af hinum vinsælu mörkuðum sem selja ódýrar eftirlíkingar af sömu vörumerkjunum. Það sem einnig áður tilfinnanlega skorti eins og ruslafötur, eru nú næstum því við hvert fótmál og skal flokka í endurnýtanlegt rusl og annað. Þá er búið að planta ógrynni af blómum í öllum regnbogans litum og skella litlum pálmatrjám meðfram næstum öllum gangstéttum.

Það er óhætt að segja það að borgin er farin að skarta sínu fegursta en þrátt fyrir það bera margir Kínverjar kvíðboga fyrir stóru stundinni. Í samtölum mínum við landann hefur maður fundið fyrir eftirvæntingunni og stoltinu yfir að geta boðið heimsbyggðinni uppá að halda þennan mikla heimsviðburð. Hins vegar eru sumir sem hafa efasemdir um að allt verði tilbúið og að Peking geti tekið á móti öllum þessum gestum. Jafnvel eru einhverjir sem hafa áhyggjur af því að eitthvað slæmt muni gerast. En þrátt fyrir það heldur undirbúningurinn áfram og klukkan tifar. Nýjustu reglurnar sem tóku gildi í því skyni að minnka mengun í borginni virðast vera að virka því það er allt annað líf að bregða sér bæjarleið eftir að helmingur bílaflota borgarinnar hefur verið kyrrsettur á hverjum degi. Umtalsverður munur er náttúrulega á umferðarþunganum en jafnframt gæðum andrúmsloftsins. Vonandi er að sú þróun haldi áfram svo að íþróttamennirnir geti keppt á leikunum án vandkvæða.

Annað sem ég hef rekið mig á hérna undanfarið er að öllum öryggisreglum er fylgt mun strangar eftir nú um mundir en áður. Sem dæmi má nefna að ef útlendingur var stöðvaður út á götu og beðinn um vegabréf og gat ekki framvísað því var hann góðlátlega beðinn um að vera það með sér næst. Nú um stundir getur það sama þýtt að vera tekinn af lögreglu og haldið í nokkrar klukkustundir. Um 110.000 lögreglumenn og aðrir munu sjá um að gæta öryggis á meðan á leikunum stendur. Einnig tilkynntu yfirvöld nýverið að heimilt sé að vera með mótmæli í þremur almenningsgörðum en þeir eru allir töluvert frá Ólympíuleikasvæðinu. Þá hafa meira að segja öryggisverðirnir sem gæta blokkarinnar minnar nú sett upp hvíta hanska og heilsa mér að hermannasið í hvert skipti sem ég fer út í búð.

Hvert sem maður lítur er búið að setja upp marglituð skilti þar sem fólk er boðið velkomið til Peking og slagorðunum "One World, One dream" er flaggað. Og ef að veðurguðirnir ætla að vera með einhver leiðindi á setningardaginn en talið er að það séu 41% líkur á rigningu eru vísindamenn í startholunum til að skapa rétta veðrið.






Tour de Angkor
Hjólað frá Taílandi til Angkor í Kambódíu og ferðast áfram til Phnom Penh.
Möguleiki á áframhaldandi ferð til Saigon í Víetnam.
279.000 kr.
Per mann í tvíbýli
26. október til 8. nóvember


Balí
Lúxus og exótík
267.800 kr.
Per mann í tvíbýli
3. til 21. október


Taílaodía
Kjarni þriggja landa opinberaður:
Taíland – Laos – Kambódía.
288.400 kr.
Per mann í tvíbýli
Brottför 11. desember

AUSTURLENZKA Óriental ÆVINTÝRAFÉLAGIÐ EHF.
www.oriental.is
Sími 577 4800 · oriental@oriental.is

STARFSFÓLK ÓSKAST!
Óriental leitar eftir hæfum aðilum til fararstjórnar og gerð ferðalýsinga. Reynsla og þekking á Suðaustur Asíu nauðsynleg.
starf@oriental.is



# BORGARFERÐIR HEITIR KLÚBBAR, VEITINGASTAÐIR OG VERSLANIR

# VÍNARBORG

Höfuðborg fyrrum keisaraveldisins snýst ekki bara um Sacher-tertur, hallargarða og Gustav Klimt. *Anna Margrét Björnsson* uppgötvaði nýjar hliðar á menningarborginni Vín sem er sannkallaður miðpunktur Evrópu.

Það fyrsta sem kemur ef til vill upp í hugann þegar Vínarborg ber á góma er dálítið þurr og háalvarleg heimsborg þar sem fólk spásserar um í tírólajökkum og snæðir eplastrúdel af silfurbökkum á fínum kaffihúsum. Á síðasta áratug hefur Vín hins vegar breyst ótrúlega mikið og hefur upp á margt spennandi að bjóða fyrir ferðamenn. Vín komst einmitt í sviðsljósið fyrr í sumar þegar EM í fótbolta var haldið þar með pomp og pragt. Verslanir og veitingahús blómstra, teknóklúbbar borgarinnar eru orðnir heimsfrægir fyrir tónlist sína og við Dóná hefur risið hálfgerð „Ibiza“ Mið-Evrópu með tilheyrandi ströndum og afþreyingu. Og svo er auðvitað hægt að njóta klassískra ferðamannaperlna eins og að skoða Klimt-verkin í Belvedere-höllinni, gæða sér á súkkulaðitertunni frægu á Hótel Sacher, stíga upp í gamaldags hestvagn nú eða Riesenrad-parísarhjólið sem varð heimsfrægt í Hitchcock-myndinni Third Man.


Verslunarparadís Kohlmarkt-gatan þar sem er að finna helstu hátískumerki heims.


Skrautlegur arkitektúr Hundertwasser-húsið er minnisvarði um hinn merka austuríska arkitekt.


Dóná svo blá Vínarborg við sólarupprás með ána Dóná í forgrunni.

## AÐ KOMAST UM

Það er einfalt að ferðast um Vínarborg. Samgöngur eru þægilegar og hægt að komast á milli staða í sporvögnum eða neðanjarðarlest. Vín er líka borg hjólanna, það er lítið mál að leigja sér hjól og sérstakar hjólaakreinar eru alls staðar. Það er líka sniðugt að kaupa Vienna Card til að fá ókeypis samgöngur í 72 tíma ásamt afslætti í söfn og tívolíið. *www.info.wien.at*

## HVAÐ Á AÐ SJÁ?

Af nógu er að taka þegar kemur að menningu. Þeir sem hrífast af klassískri tónlist ættu að heimsækja Mozarthúsið (*Mozarthausvienna.at*) eða skella sér á óperu í einum af fjórum óperuhúsum borgarinnar. Í Haus der Music í Seilerstätte getur fólk prófað að stjórna heilli hljómsveit í sýndarveruleika.

Listunnenndur mega ekki láta **Belvedere**-höllina framhjá sér fara en hún er sannkölluð barokk-veisla fyrir augað. Þar er einnig að finna stórfenglega garða frá sautjándu öld og frægt safn listaverka frá nítjándu öld en þar gefur meðal annars að líta fjölmörg verk eftir Egon Schiele og hinn heimsfræga Koss eftir Gustav Klimt. Unnendur nútímalistar ættu að heimsækja **MAK** (*Stubenring 5*) en þar eru áhugaverðar sýningar og frábært kaffihús og garður.

**Hundertwasserhaus** er skemmtilegur minnisvarði um þennan skrautlega austurríska arkitekt og það er gaman fyrir unga sem aldna að ganga eftir skökkum þrepum og stigum þess og virða fyrir sér líkön af „psychadelic“ byggingum arkitektsins og málverkum hans. Garðurinn er líka einstaklega fallegur og þægilegt að sitja þar úti að snæðingi.

## HVAR Á AÐ BORÐA?

Matarmenning Austurríkis er frægust fyrir schnitzel, pylsur og epla-„strúdel“ og um að gera að prufa einn slíkan stað. En Vín er orðin sannkölluð matgæðingaborg og veitingahús er að finna á hverju götuhorni. Það er áberandi mikið af frábærum japönskum og kínverskum veitingastöðum, og þar má nefna **Koi** (*Schwarzenbergerstrasse 8*) sem er mjög smekklegur og býður upp á einstaklega fínlega eldamennsku. Klassískur Vínarstaður er á **Hotel Imperial** þar sem hægt er að bragða á keisaralegum réttum og upplifa anda fyrri tíma. **Plachutta** í fyrsta hverfi er þekktur fyrir að bjóða upp á Tafelspitz sem var uppáhaldsréttur Franz Josefs keisara. **Naschmarkt** markaðurinn er frábær kostur fyrir matgæðinga en þar gefur að líta endalausar raðir af alls kyns litlum veitingahúsum, allt frá ítölskum og austurrískum upp í persneskan og japanskan mat. Þar er svo auðvitað líka hægt að kaupa dýrindis ávexti, fisk og kjötmeti, krydd og ólífur. **Hotel Triest** er stórfenglegt dæmi um Art Nouveau-arkitektúrinn sem sést víða um Vínarborg en þar er einmitt vinsælt kaffihús og veitingastaður.

## HVERT Á AÐ FARA ÚT Á LÍFIÐ?

**Flex** (*Donaukanal, via Augartenbrücke*) er frægasti klúbbur Vínarborgar og DJ búrið er enn mannað af meisturunum Kruder & Dorfmeister. Í miðborginni er að finna hinn pínulitla **American Bar** (*Kärtnerdurchgang*) sem er vinsæll meðal hinna frægu og fallegu og var hannaður af arkitektinum Adolf Loos. Barirnir í **Gurtel**-hverfinu við Nussdorfer Strasse, sem eitt sinn var rauða hverfi borgarinnar, þykja mjög hipp og kúl og eru sóttir af listaliði og stúdentum. **Sky Bar** á efstu hæð stórverslunarinnar Steffl í Kärtnerstrasse er einstaklega svalur og gaman að fá sér drykk þar og virða fyrir sér þök borgarinnar og fallegar skógi vaxnar hæðirnar sem umlykja hana.

## HVAR Á AÐ VERSLA?

Helstu tískukeðjur er að finna á stórum verslunargötum eins og Kartnerstrasse og Maria Hilferstrasse en dýru hönnuðirnir eins og Prada og Chanel eru á **Kohlmarkt**. Frumlegri tískuverslanir er aðallega að finna í sjöunda hverfi, meðal annars **Park** (*Mondscheinsgasse 20*) sem er með föt eftir þekkta alþjóðlega hönnuði ásamt austurrískri hönnun. Austurísk merki sem vert er að skoða í Vín eru til dæmis **Wolford** sem framleiða flottustu sokkabuxur í heimi, **Swarowski** kristalsbúðin og svo **Gesschwein** sem býður upp á klassískan Loden-fatnað fyrir börn og hina frægu inniskó úr þæfðri ull.

## HVERNIG Á AÐ KOMAST ÞANGAÐ?

**Lauda Air** flýgur stundum beint á milli Vínar og Reykjavíkur og upplýsingar er hægt að finna á Katla-travel.is. Einfaldast er annars að fljúga til Kaupmannahafnar og taka **Austrian Airlines** beint til Vínar.

**EKKI MISSA AF ÞESSU**

- Stephansdom kirkjunni
- Dýragarðinum í Schönbrunn
- Parísarhjólinu í Prater tívolíinu
- Keisaraíbúðum Sissyar


EINSTÖK
UPPLIFUN
GOLFFERÐIR Í HAUST
SALA HAFIN - MIKIÐ ÚRVAL
GB Ferðir verða með mikið úrval haustferða í ár, m.a. til vinsælla áfangastaða eins og The Grove, Hertfordshire, Foxhills Club & Resort, Surrey, Donnington Valley, Berkshire, Donnington Grove, Berkshire, Ginn Reunion Resort, Orlando, Old Course Hotel, St. Andrews o.fl.
GB FERÐIR
www.gbferdir.is
WWW.ICELANDAIR.IS
Samstarfsaðili GB ferða
Nánari upplýsingar á www.gbferdir.is og í síma 534 5000

# SUMAR VIÐ SIGNU

Ágúst er rólegur mánuður í Parísarborg þegar heimamenn eru allir í sumarfríi. Ljósmyndarinn Anton Brink fangaði sumarstemninguna í borg ljósanna.

París er sennilega ein þekktasta borg heims. Ljósmyndir, málverk, söngtextar og skáldsögur hafa fært okkur mynd af borginni í tugi og jafnvel hundruð ára, mynd sem gjarnan inniheldur langa og afslappaða hádegisverði, rauðvín og osta, kaffihús, sígarettur og eldheitar ástir. En þegar ferðast er til Parísar er alltaf hægt að uppgötva á henni nýjar hliðar. Skoða ný hverfi úr alfaraleið, eða að sjá ferðamannaklisjur eins og Eiffelturninn eða Sacre-Coeur-kirkjuna í fersku ljósi. Ágústmánuður er heitur og latur mánuður í borginni þar sem Frakkar taka sjálfir allt sitt sumarfrí í þessum eina mánuði. Það er því upplagt að skella sér í síðsumarsfrí til borgarinnar þar sem tíminn virðist líða aðeins hægar og lífsins er notið með mikilli nautn.

*- amb*



**Málin rædd á kaffihúsi** Les Deux Magots á St. Germain á vinstri bakkanum er eitt frægasta kaffihús Parísar. Fyrr á tímum hittust mestu hugsuðir borgarinnar hér yfir spjalli, meðal annars Simone de Beuvoir, Jean-Paul Sartre, Albert Camus og Picasso. Kaffihúsið er vel sótt af ferðamönnum og býður sennilega upp á dýrasta kaffibolla Parísarborgar.



**Slappað af í sólinni** Ungt par hefur það náðugt í Jardin de Luxembourg




**Nýjar hliðar borgarinnar** Hvers vegna ekki að uppgötva ný hverfi utan ferðamannastraumsins?



**„Terrace“ á vinstri bakkanum** Parísarbúar virðast stundum eyða heilu dögunum úti á veitingastöðum. Vinsælir drykkir í hitanum eru „Kir“ sem er hvítvín með cassis-sýrópi og Pastis, kaldur og svalandi anísdrykkur.

Reykjavíkurborg
Velferðasvið

## Rekstrar- og gæðastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða.

**Tímabundin afleysing frá 1. september 2008 til 30. maí 2009.**

Laust er til umsóknar 80% starf rekstrar- og gæðastjóra á þjónustumiðstöðinni til 9 mánaða.

Þjónustumiðstöðin er þekkingarstöð í fjölmenningu og margbreytileika og býður upp á þverfaglegt vinnuumhverfi, frábæran starfsanda og sveigjanlegan vinnutíma í miðborg Reykjavíkur.

**Helstu verkefni:**
- Ábyrgð á uppgjöri, mánaðarlegri eftirfylgni með fjárhagslegri stöðu, greiningu og tölfræðilegri úrvinnslu, reikningshaldi og bókhaldi
- Eftirlit með launa- og kjaramálum
- Gæðamál
- Eftirlit með innkaupum, umsjón með tölvukosti og aðgangsstýringu og önnur verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun í viðskipta-, hag- eða rekstrarfræði
- Þekking og reynsla af Agresso
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

Nánari upplýsingar veitir Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri í síma 411-1600,
netfang: sigtryggur.jonsson@reykjavik.is

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 1. ágúst 2008 og er óskað eftir að sótt sé um á heimasíðu Reykjavíkurborgar:
http://www.reykjavik.is/storf.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

KÓPAVOGSBÆR

## LAUS STÖRF
### Í LEIKSKÓLUM KÓPAVOGS:

***Kynnið ykkur launakjör í leikskólum í Kópavogi.***

**Baugur: 570 4350**
- Leikskólakennarar
- Leikskólasérkennari/þroskaþjálfi v/ sérkennslu

**Dalur: 554 5740**
- Leikskólak.þroskaþjálfi/leiðbein. 1. ág.
- Sérkennslustjóri 1. ág.
- Starfsmaður í skilastöðu 1. sept.

**Efstihjalli: 554 6150**
- Leikskólakennari frá 1. ágúst
- Leikskólasérk./þroskaþjálfi í haust

**Fífusalir: 570 4200**
- Deildarstjóri á yngri deild
- Leikskólakennarar

**Grænatún: 554 6580**
- Sérkennslustjóri 50% frá 1. ágúst
- Leikskólak/þroskaþj. 100% frá 1 ágúst

**Hvarf: 570 4900**
- Deildarstjórar frá 11. ágúst
- Leikskólakennarar frá 11. ágúst
- Sérkennsla, sem fyrst

**Kópahvoll: 554 0120**
- Leikskólakennari frá 1. ágúst
- Leikskólak/þroskaþj. í stuðning 50% f.hád.

**Kópasteinn: 564 1565**
- Leikskólak/leiðb. næsta haust
- Leikskólak/leiðb.tímab.afleys. næsta haust

**Marbakki: 564 1112**
- Leikskólakennari frá 1. ágúst

**Núpur: 554 7020**
- Deildarstjóri 2-3 ára barna
- Leikskólakennarar
- Sérkennsla

**Rjúpnahæð: 570 4240**
- Deildarstjóri
- Leikskólak. á deild/sérkennsla/íþróttir

**Urðarhóll – Heilsuleikskóli: 554 7789**
- Leikskólakennarar

***Nánari upplýsingar á: www.kopavogur.is og www.job.is***



Ekran

## Sölufulltrúi

Ekran ehf. óskar eftir að ráða sölufulltrúa í krefjandi starf í Reykjavík.

STARFSSVIÐ
- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Samningagerð
- Eftirfylgni og úrlausnir fyrir viðskiptavini

HÆFNISKRÖFUR
- Matreiðslumenntun skilyrði
- Útsjónarsemi og dugnaður
- Samskiptahæfileikar og samstarfsvilji
- Hæfileiki til að virkja aðra með sér
- Góð tölvukunnátta

Í boði er fjölbreytt og skemmtilegt starf hjá ört vaxandi fyrirtæki.
Aðeins áræðinn og duglegur einstaklingur kemur til greina í starfið.

Umsjón með ráðningu hefur Hanna Dóra Haraldsdóttir, starfsmannastjóri - atvinna@1912.is

Umsóknarfrestur er til og með 10. ágúst. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Ekran ehf. er dótturfyrirtæki 1912 ehf. og er leiðandi þjónustufyrirtæki á matvælasviði, með starfsstöðvar í Reykjavík og á Akureyri.

www.ekran.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/NAT 43129 07/08

LANDIC PROPERTY

Landic Property er fasteignafélag sem sérhæfir sig í leigu á atvinnuhúsnæði og er eitt þriggja stærstu fasteignafélaga á Norðurlöndum. Markaðshlutdeild félagsins í Svíþjóð og Danmörku er umtalsverð og á Íslandi er það stærst á sínu sviði. Hjá Landic Property starfa um 190 manns í Svíþjóð, Danmörku, Íslandi og Finnlandi og fasteignirnar eru um 500 talsins í þessum fjórum löndum. Fyrirtækið leigir út 2,6 milljónir fermetra til meira en 3,400 leigutaka. Frekari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á www.landicproperty.is

# AÐALBÓKARI

Landic Property óskar að ráða öflugan einstakling í starf aðalbókara. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. september nk.

**Starfssvið:**
- Færsla bókhalds
- Afstemmingar og frágangur til uppgjörs
- Þátttaka í mánaðarlegum uppgjörum og skýrslugjöf
- Reikningagerð
- Önnur verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði viðskipta eða viðurkenndur bókari er æskileg
- Mjög góð þekking og reynsla af bókhaldi
- Mjög góð enskukunnátta
- Þekking og reynsla á Navison skilyrði
- Þekking og reynsla af Excel og öðrum Ms Office forritum
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Skipulagshæfileikar
- Góðir samskiptahæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 7. ágúst nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# Kíktu á Vinna.is

sendist til intellecta á neðangreint heimilisfang eða á thordur@intellecta.is til og með 17. ágúst 2008. Umsókn þarf að greina frá menntun, fyrri störfum og helstu verkefnum sem umsækjandi hefur tekist á við á undanförnum árum og hann telur að koma muni að gagni í þessu starfi.

*Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar og verður öllum umsóknum svarað.*

intellecta

Síðumúla 5 | 108 Reykjavík
sími 511 1225 | fax 511 1226
intellecta@intellecta.is
www.intellecta.is

veisluturninn

# Bókari – í hæstu skrifstofu landsins

Veisluturninn óskar eftir að ráða öflugan bókara til starfa. Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf sem felst í færslu bókhalds, afstemmingum og samskiptum við viðskiptavini.

Mikil áhersla er lögð á góðan starfsanda og létt og þægilegt andrúmsloft. Ef þú hefur reynslu af bókhaldsstörfum, tölur leika í höndunum á þér, hefur ríka þjónustulund og vilt vinna með skemmtilegum hópi fólks, þá gæti þetta verið tækifærið fyrir þig!

Upplýsingar í síma 575 7500 eða með tölvupósti á vinna@veisluturninn.is.

**Starfssvið:**
- Færsla bókhalds
- Afstemmingar
- Samskipti við viðskiptavini

**Hæfniskröfur:**
- Góð almenn menntun
- Nám sem viðurkenndur bókari er kostur
- Mikil reynsla af bókhaldsstörfum
- Talnagleggni
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Afburðahæfileikar í samskiptum
- Þekking á Navison

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | Sími 575 7500 | www.veisluturninn.is

# Sölumaður í heildsölu

**Rafkaup**

**Rafkaup hf er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á lömpum, lampabúnaði, ljósaperum og innlagnaefni. Markmið Rafkaups er að vera ávall í fremstu röð varðandi þjónustu og markaðssetningu á þeim vörum sem fyrirtækið selur.**
**Rafkaup er umboðsaðili margra þekktra vörumerkja eins og SYLVANIA, DELTA LIGHT og TARGETTI.**
**Rafkaup var stofnað árið 1982.**

Rafkaup óskar eftir að ráða sölumann til starfa við sölu, tilboðsgerð og lýsingarráðgjöf.

**Starfslýsing:**
Starfið felur í sér sölu og tilboðsgerð til endursöluaðila.
Ráðgjöf við val á lýsingu og lýsingarbúnaði.
Hafa umsjón með sölu á innlagnaefni og hússtjórnarkerfum.

**Hæfniskröfur:**
Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg.
Rafvirkjamenntun er æskileg en ekki skilyrði.
Þekking og reynsla á lýsingarbúnaði.
Góð tölvukunnátta.

Umsóknir sendist á **oskar@rafkaup.is fyrir 2. ágúst 2008.**
Um framtíðarstarf er að ræða.

**Rafkaup hf - Ármúla 24 - 108 Reykjavík - www.rafkaup.is**

LYFJA
- Lifið heil

www.lyfja.is

# Atvinnutækifæri hjá Lyfju


ÍSLENSKA SIA.IS LYF 43110 07.2008

Við leitum að sjálfstæðu, skipulögðu og metnaðarfullu starfsfólki sem hefur áhuga á að ganga til liðs við framsækið og spennandi fyrirtæki.

Vegna breytinga og vaxandi starfsemi getum við bætt **lyfjatæknum, snyrti- og förðunarfræðingum** og **sölu- og afgreiðslufólki** í okkar frábæra starfsmannahóp.

**Störfin felast m.a. í ráðgjöf til viðskiptavina um vörur í verslun, afgreiðslu á kassa, ráðgjöf og afgreiðslu á lausasölulyfjum og afhendingu lyfja gegn lyfseðli.**

Um er að ræða störf í vaktavinnu, fullt starf í dagvinnu og hlutastarf í apótekum Lyfju á höfuðborgarsvæðinu. Í boði eru líflegir vinnustaðir, gott vinnuumhverfi, samkeppnishæf laun og möguleiki á starfsþróun.

Við leitum að drífandi starfsfólki með ríka þjónustulund, söluhæfileika, góða tölvukunnáttu og getu til að vinna undir álagi. Reynsla af verslunarstörfum er æskileg og reynsla úr apóteki er kostur.

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar um störfin má finna á heimasíðu Lyfju, www.lyfja.is og hjá starfsmannastjóra (thorgerdur@lyfja.is) í síma 530 3800.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. eru karlar jafnt sem konur hvattir til þess að sækja um störf hjá fyrirtækinu.

**Tekið er við umsóknum á vefslóðinni www.lyfja.is.**

*Hlutverk Lyfju er að stuðla að góðri heilsu og vellíðan. Frá upphafi hefur Lyfja verið brautryðjandi í lækkun lyfjaverðs og boðið upp á ýmsar nýjungar í faglegri þjónustu. Fyrirtækið rekur apótek og heilsubúðir víðs vegar um landið ásamt því að starfrækja lyfjaskömmtun til einstaklinga og stofnana. Hjá fyrirtækinu starfa um 300 manns. Lykillinn að árangri er starfsfólkið okkar og því höfum við það að markmiði að fá hæft fólk til liðs við okkur, skapa eftirsóknarverða vinnustaði þar sem góður starfsandi ríkir og að starfsfólk fái tækifæri til að öðlast faglegan og persónulegan þroska í starfi. Einkunnarorð okkar eru áreiðanleiki, umhyggja og metnaður.*

VINNUSKÓLI REYKJAVÍKUR
www.vinnuskoli.is

## Verkefnisstjóri Atvinnutengds náms í Vinnuskóla Reykjavíkur

Vinnuskóli Reykjavíkur á Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar óskar eftir að ráða verkefnisstjóra Atvinnutengds náms fyrir skólaárið 2008-9. Atvinnutengt nám er í samstarfi við Mennta-og Velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

**Starf verkefnisstjóra felst meðal annars í að:**
Finna nemendum í Atvinnutengdu námi vinnustaði við hæfi.
Starfa með tengiliðum skóla og atvinnulífs.
Starfa með verkefnisstjórn.

**Menntunar- og hæfniskröfur verkefnisstjóra:**
Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
Reynsla og þekking í að starfa með ungu fólki.
Rík samskiptafærni.
Skipulag og sjálfstæði í starfi.
Áhugi og þekking á grænum áherslum Vinnuskólans.

Þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

Starfið hefur farið í starfsmat og eru launakjör samkvæmt því mati. Umsóknir ásamt ferilskrám skulu berast eigi síðar en 5. ágúst, 2008 til Vinnuskóla Reykjavíkur, Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík eða á netfang: gudrun.thorsdottir@reykjavik.is,

**Upplýsingar um starfið veitir:**
**Guðrún Þórsdóttir, skólastjóri, sími: 4118500**

**www.hrafnista.is**



Hrafnista Reykjavík – Hrafnista Hafnarfirði
Vífilsstaðir, Garðabæ – Víðines Kjalarnesi

# Óskum eftir starfsfólki í framtíðarstörf

**Sjúkraliðar - starfsfólk í aðhlynningu**

Hrafnista er vinnustaður í nágrenni við þig. Um er að ræða lærdómsrík og áhugaverð störf þar sem starfað er með fólki sem veitir nýja sýn á lífið og tilveruna.

**Upplýsingar gefur:**
Magnea, sími: 585 9529
hrafnista@hrafnista.is

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður | Vífilsstaðir | Víðines

vilborga@centrum.is

***Góð og traust atvinna í boði***

# Þjónustufulltri óskast

Selecta fyrirtækjaþjónusta óskar eftir öflugum einstaklingi í sölu- og þjónustulið okkar á höfuðborgasvæðinu.

Starfið felst í þjónustuheimsóknum til viðskiptavina okkar ásamt sölu á vörum og þjónustu fyrirtækisins. Umsækjendur þurfa að vera 20 ára og eldri, hafa bílpróf og góða þjónustulund.

Áhugasamir sendi inn umsókn með upplýsingum um aldur og fyrri störf á hjortur@selecta.is eða í pósti á Selecta ehf, Fossaleyni 21, 112 Reykjavík.

selecta
s: 5 85 85 85

LANDSPÍTALI

## Félagsráðgjafi

Félagsráðgjafi óskast til starfa á geðsviði frá og með 1. september 2008 eða eftir samkomulagi. Starfshlutfall er 100%.

Reynsla og áhugi á fjölskylduvinnu og fjölskyldumeðferð æskileg. Starfið byggir á heildarsýn, þar sem fram fer sál-félagsleg greining, ráðgjöf, meðferð og stuðningur. Unnið er með öðrum fagstéttum í þverfaglegum teymum og rík áhersla lögð á samvinnu sem og sjálfstæð vinnubrögð. Valið verður úr hópi umsækjenda á grundvelli viðtala og framlagðra gagna.

Umsóknir berist fyrir 11. ágúst 2008 til Sveinbjargar J. Svavarsdóttur, forstöðufélagsráðgjafa 34C, sími 543 4050/ 4200, 824 5484, netfang sveinbsv@landspitali.is og veitir hún upplýsingar um starfið ásamt Önnu Rós Jóhannesdóttur, sími 543 4050.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu mannauðsmála Eiríksgötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður.**

# ÍSTAK

*Framkvæmdagleði í fyrirrúmi*



## VEGNA VERKEFNA VIÐ HRAUNAVEITU KÁRAHNJÚKAVIRKJUNAR ÓSKAR ÍSTAK EFTIR AÐ RÁÐA Í EFTIRTALIN STÖRF:



### JARÐFRÆÐINGUR

ÍSTAK óskar eftir að ráða jarðfræðing til starfa við jarðvegsrannsóknir og úrvinnslu þeirra vegna stíflugerðar.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sambærilegum störfum.

### TRÉSMIÐIR

ÍSTAK óskar eftir að ráða trésmiði, vana mótauppslætti, til starfa.

Í boði er mikil vinna við fjölbreytt verkefni.

### TÆKJAVIÐGERÐAMENN

ÍSTAK óskar eftir að ráða vélvirkja, vélstjóra eða einstakling vanan viðgerðum á vinnuvélum og vörubílum. Í starfinu felst þjónusta við tæki og vélar á vinnusvæði ÍSTAKS.

### TÆKJASTJÓRNENDUR

ÍSTAK óskar eftir að ráða vana tækjastjórnendur til starfa við Hraunaveitu. Um er að ræða stjórnun á gröfum við stíflugerð og fleira.

Í boði er mikil vinna við fjölbreytt verkefni.

Upplýsingar um störfin og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00.
Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.

ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 750 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.

ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

# KÓPAVOGSBÆR

## LAUS STÖRF
## Í LEIKSKÓLUM KÓPAVOGS:

***Kynnið ykkur launakjör í leikskólum í Kópavogi.***

**Baugur: 570 4350**
- Leikskólakennarar
- Leikskólasérkennari/þroskaþjálfi v/ sérkennslu

**Dalur: 554 5740**
- Leikskólak.þroskaþjálfi/leiðbein. 1. ág.
- Sérkennslustjóri 1. ág.
- Starfsmaður í skilastöðu 1. sept.

**Efstihjalli: 554 6150**
- Leikskólakennari frá 1. ágúst
- Leikskólasérk./þroskaþjálfi í haust

**Fífusalir: 570 4200**
- Deildarstjóri á yngri deild
- Leikskólakennarar

**Grænatún: 554 6580**
- Sérkennslustjóri 50% frá 1. ágúst
- Leikskólak/þroskaþj. 100% frá 1 ágúst

**Hvarf: 570 4900**
- Deildarstjórar frá 11. ágúst
- Leikskólakennarar frá 11. ágúst
- Sérkennsla, sem fyrst

**Kópahvoll: 554 0120**
- Leikskólakennari frá 1. ágúst
- Leikskólak/þroskaþj. í stuðning 50% f.hád.

**Kópasteinn: 564 1565**
- Leikskólak/leiðb. næsta haust
- Leikskólak/leiðb.tímab.afleys. næsta haust

**Marbakki: 564 1112**
- Leikskólakennari frá 1. ágúst

**Núpur: 554 7020**
- Deildarstjóri 2-3 ára barna
- Leikskólakennarar
- Sérkennsla

**Rjúpnahæð: 570 4240**
- Deildarstjóri
- Leikskólak. á deild/sérkennsla/íþróttir

**Urðarhóll – Heilsuleikskóli: 554 7789**
- Leikskólakennarar

***Nánari upplýsingar á: www.kopavogur.is og www.job.is***

# ÍSTAK

Framkvæmdagleði í fyrirrúmi



## TRÉSMIÐIR - GRÆNLAND

Vegna byggingar vatnsaflsvirkjunar við Sisimiut á Grænlandi óskar ÍSTAK eftir að ráða samheldinn flokk 3-5 trésmiða.

Meðal verkefna er bygging 200 m2 spennistöðvar og uppsláttur á undirstöðum fyrir möstur í háspennulínu.

Viðkomandi þurfa að geta hafið störf fljótlega.

## KRANASTJÓRAR

ÍSTAK óskar eftir að ráða kranastjóra til starfa við framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu.

Um er að ræða stjórnun á byggingarkrana.

**Upplýsingar um starfið og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.**

**ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 750 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis. ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.**

# Tilboð óskast



## Tilboð óskast

Tilboð óskast í VOLVO FH dráttarbifreið, árgerð 2006, skemmdur eftir umferðaróhapp. Tilboð skilist inná heimasíðu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. ( útboð tjónabíla ) í síðasta lagi kl 08.00 að morgni 29.júlí. 2008. Bifreiðin er til sýnis á geymslusvæðinu Hafnarfirði

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN
Sími 515 2000 Fax 515 2020 www.tryggingamidstodin.is

# KÍKTU Á CAPACENT.IS

capacent RÁÐNINGAR

# ÚTBOÐ

**F.h. Reykjavíkurborgar:**

***Rekstrarleiga á 12 visthæfum bifreiðum fyrir þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar.***

Útboðsgögn **fást á geisladiski** í síma- og upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 11. ágúst 2008, kl 14:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12171
Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# ÚTBOÐ

ÍAV



## Hússtjórnunarkerfi fyrir Tónlistar- og ráðstefnuhúsið

Íslenskir aðalverktakar óska eftir tilboðum í hússtjórnunarkerfi í Tónlistar- og ráðstefnuhúsið í Reykjavík.

## Heiti útboðs:

BMS-01 „Building Management System for the Concert and Conference Centre“
5308-2709-012T.

Útboðsgögn er hægt að nálgast á útboðsvef ÍAV á slóðinni http://www.iav.is/utbodsvefur/

*Allar nánari upplýsingar veitir Gunnar Hrafn Jónsson í síma 530 4200 eða á gunnarhj@iav.is*

*Tilboð verða opnuð miðvikudaginn 20.08.2008, kl. 14.00, á skrifstofu ÍAV, Höfðabakka 9, 4. hæð.*

Íslenskir aðalverktakar hf., Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

E F F
FASTEIGN HF

# ÚTBOÐ

**MÁLUN**

Eignarhaldsfélagið Fasteign hf.
óskar hér með eftir tilboðum í verkið:

## Háskólinn í Reykjavík

**Frágangur innanhúss – Málun**

Verkið felst í almennri málningarvinnu innanhúss í nýbyggingu Háskólans í Reykjavík í Vatnsmýrinni.

Aðalverktaki verksins er ÍSTAK hf. Væntanlegur undirverktaki vegna útboðs þessa verður undir stjórn aðalverktaka.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Málun steyptra veggja | ~ 18.200 m2 |
| Málun gifsveggja | ~ 19.300 m2 |
| Málun hljóðdempandi klæðningar | ~ 3.500 m2 |
| Lökkuð sjónsteypa | ~ 4.600 m2 |
| Rykbinding | ~ 15.800 m2 |
| Málun hljóðdempandi klæðningar | ~ 3.500 m2 |
| Málun gólfa | ~ 1.800 m2 |
| Málun stálbita | ~ 1.700 lm |

Verkinu verður skilað í tveimur áföngum.
Fyrri áfangi skal vinnast á tímabilinu september 2009 – júní 2009.
Seinni áfangi skal vinnast á tímabilinu ágúst 2009 – maí 2010.
Útboðsgögn fást afhent á skrifstofu Línuhönnunar hf, Suðurlandsbraut 4A, 108 Reykjavík.
Tilboð verða opnuð á skrifstofu Eignarhaldsfélagsins Fasteignar hf., Bíldshöfða 9, fimmtudaginn 14. ágúst 2008, kl. 14:00.

Akraneskaupstaður

# Útboð

**Flóahverfi 1. Áfangi – Gatnagerð og lagnir.**

Akraneskaupstaður óskar eftir tilboðum í útboðsverkið “Flóahverfi 1. áfangi – Gatnagerð og lagnir”

Verkið fellst í nýbyggingu gatna. Verktaki skal einnig annast jarðvinnu fyrir veitufyrirtæki og leggja lagnir þeirra.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| **Gröftur** | **45.000 m³** |
| **Fylling** | **55.000 m³** |
| **Malbik** | **12.700 m²** |
| **Fráveitulagnir** | **3.900 m** |
| **Hitaveitulagnir** | **2.000 m** |
| **Vatnslagnir** | **2.300 m** |
| **Strenglagnir og ídráttarrör** | **14.200 m** |

Útboðsgögn verða afhent á geisladiski á skrifstofu tækni-og umhverfissviðs, Dalbraut 8 Akranesi f.o.m. miðvikudeginum 30. júlí 2008 og eru þau endurgjaldslaus. Hægt er að fá gögnin útprentuð gegn gjaldi, kr 5.000.-

Tilboð í verkið verða opnuð á skrifstofu tækni-og umhverfissviðs að Dalbraut 8 Akranesi, þriðjudaginn 19. ágúst 2008 kl. 11:00 í viðurvist þeirra sem þess óska.

Sviðsstjóri

# Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


Sveitarfélagið ÁLFTANES

# Auglýsingar um skipulag

### Deiliskipulag Vestur-Skógtjarnarsvæðis
Tillaga að nýju deiliskipulagi

Bæjarstjórn Álftaness auglýsir hér með tillögu að nýju deiliskipulagi Vestur-Skógtjarnarsvæðis í Sveitarfélaginu Álftanesi sbr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Deiliskipulagið tekur til svæðis í landi Skógtjarnar, Lambhaga og Búðarflatar. Svæðið afmarkast til vesturs af friðlýstu svæði á Hliði og til austurs af Sólbarða og Tjarnarlandi, þ.e. byggð við Miðskóga, Lambhaga og Búðarflöt, auk stakra húsa (Tjarnarlands, Sólbarða, Hleinar, Vestri Skógtjörn, Tjarnarbakka, Strandar, Vindáss, Helguvíkur og Melshúss).

Gerð er tillaga um samræmt skipulag á ofangreindu svæði með nýrri útfærslu að göngustígum og lagnaleiðum stofnlagna fráveitu.

### Deiliskipulag Hliðs
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi

Bæjarstjórn Álftaness auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hliðs í Sveitarfélaginu Álftanesi skv. 2. mgr. 26. gr., sbr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Skipulagssvæðið afmarkast vestanv af íbúðarsvæði við Búðarflöt, og til norðurs, austurs og suðurs af sjó. Breytingin felur í sér að deiliskipulagsmörk Hliðs hliðrast til vesturs vegna aðlögunar að tillögu að nýju skipulagi Vestur-Skógtjarnarsvæðis á Álftanesi. Fjórar einbýlishúsalóðir á Hliði eru felldar burt til samræmis við aðalskipulag Álftaness 2005-2024 og svæðinu breytt í opið svæði.

### Deiliskipulag Miðsvæðisreits 1999
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi

Bæjarstjórn Álftaness auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagsmörkum Miðsvæðisreits (1999) í Sveitarfélaginu Álftanesi skv. 2. mgr. 26. gr., sbr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. Þar sem lóðir innst við Miðskóga verða felldar inn í deiliskipulagstillögu Vestur-Skógtjarnarsvæðis.

**Ofangreindar deiliskipulagstillögur verða til sýnis á bæjarskrifstofu Sveitarfélagsins Álftaness, Bjarnastöðum, 225 Álftanes frá kl. 08:00 - 16:00 alla virka daga frá 29. júlí 2008 til 27. ágúst 2008, og á heimasíðu Sveitarfélagsins Álftaness, www.alftanes.is.**

**Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og þeim skilað til skipulags- og byggingarfulltrúa Álftaness að Bjarnastöðum. Frestur til að skila inn athugasemdum er til kl. 16:00, miðvikudaginn 10. september 2008. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.**

Álftanesi, 25. júlí 2008

Bjarni S. Einarsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi

# Starfslaun listamanna

Hér með eru auglýst til umsóknar starfslaun listamanna sem úthlutað verður árið 2009, í samræmi við ákvæði laga nr. 35/1991 með áorðnum breytingum.

**Starfslaunin eru veitt úr fjórum sjóðum, þ.e.:**
1. Launasjóði rithöfunda
2. Launasjóði myndlistarmanna
3. Tónskáldasjóði
4. Listasjóði

Umsóknir einstaklinga, ásamt fylgigögnum, skulu berast Skrifstofu Stjórnar listamannalauna, Hallveigarstöðum, Túngötu 14, 101 Reykjavík, á þar til gerðum eyðublöðum fyrir kl. 17:00 fimmtudaginn 2. október 2008. Ef umsókn er send í pósti gildir dagstimpill pósthúss.

Umsóknir skulu auðkenndar "Starfslaun listamanna 2009" og tilgreindur sá sjóður sem sótt er um laun til.

Heimilt er að veita starfslaun úr Listasjóði til stuðnings leikhópum enda verði þeim varið til greiðslu starfslauna til einstakra leikhúslistamanna. Umsóknir leikhópa til Listasjóðs fyrir einstaka leikhúslistamenn, ásamt fylgigögnum, skulu berast Skrifstofu Stjórnar listamannalauna, Hallveigarstöðum, Túngötu 14, 101 Reykjavík, á þar til gerðum eyðublöðum fyrir kl. 17.00 fimmtudaginn 2. október 2008. Ef umsókn er send í pósti gildir dagstimpill pósthúss. Umsóknir skulu auðkenndar "Starfslaun listamanna 2009 - leikhópar".

Með umsókn skal fylgja greinargerð um verkefni það sem liggur til grundvallar umsókninni ásamt upplýsingum um hve langan starfstíma er sótt um og rökstuðningi fyrir tímalengd. Jafnframt skulu fylgja upplýsingar um náms- og starfsferil, verðlaun og viðurkenningar. Þessir þættir skulu að jafnaði liggja til grundvallar ákvörðun um úthlutun starfslauna

Athugið að hafi umsækjandi áður hlotið starfslaun verður umsókn hans því aðeins tekin til umfjöllunar að hann hafi skilað Stjórn listamannalauna skýrslu um störf sín í samræmi við ákvæði 4. gr. laga um listamannalaun nr. 35/1991 með áorðnum breytingum.

Umsóknareyðublöð fást á vef Stjórnar listamannalauna www.listamannalaun.is og á skrifstofu stjórnarinnar að Hallveigarstöðum, Túngötu 14, 2. hæð.

Umsóknarfrestur rennur út fimmtudaginn 2. október 2008.

***Stjórn listamannalauna 25. júlí 2008***

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

# Æskulýðssjóður

**Næsti umsóknarfrestur í Æskulýðssjóð er 1. september 2008.**

**Hlutverk Æskulýðssjóðs er að styrkja eftirtalin verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka:**

1. Sérstök verkefni sem unnin eru fyrir börn og ungmenni og/eða með virkri þátttöku þeirra.
2. Þjálfun forustufólks, leiðbeinenda og sjálfboðaliða.
3. Nýjungar og þróunarverkefni.
4. Samstarfsverkefni æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

Hvorki er heimilt að styrkja árvissa eða fasta viðburði í félagsstarfi, svo sem þing, mót eða þess háttar viðburði, né ferðir hópa.

Umsóknarfrestur í Æskulýðssjóð er fjórum sinnum á ári, **1. febrúar, 1. apríl, 1. september og 1. nóvember** og er umsóknarfrestur auglýstur hverju sinni.

Vakin er sérstök athygli á að umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á umsóknavef Stjórnarráðsins á vefslóðinni http://umsoknir.stjr.is.

Nánari upplýsingar um Æskulýðssjóð og umsóknarferlið er að finna á vef menntamálaráðuneytis. Einnig veitir Pálína Kristín Garðarsdóttir upplýsingar í síma 545 9500 eða í tölvupósti á palina.gardarsdottir@mrn.stjr.is

Menntamálaráðuneyti, 25. júlí 2008.
menntamalaraduneyti.is




# Til leigu

Til leigu 77m2 snyrtilegt skrifstofuhúsnæði í Ármúla 24. Húsnæðið er laust.

**Upplýsingar veitir Óskar í síma 5852800 eða 8925990**

## Tilboð óskast



# Tilboð óskast

Tilboð óskast í KNAUS SUDWIND hjólhýsi, árgerð 2006. Skemmt eftir foktjón. Tilboð skilist inná heimasíðu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. ( útboð tjónabíla ) í síðasta lagi kl 08.00 að morgni 29.júlí. 2008. Hýsið er til sýnis í Tjónaskoðunarstöð TM, Hamarshöfða 2 110 Reykjavík á opnunartíma ( frá 8.30 til 16.30 virka daga )

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN
Sími 515 2000 Fax 515 2020 www.tryggingamidstodin.is

Stakfell | Grunnur að góðu lífi

Þorlákur Ó. Einarsson, lögg. fasteignasali
Þórhildur M. Sandholt, lögfræðingur og lögg. Fasteignasali

## Skipholt 50 a
**Nýjar íbúðir á rótgrónum stað í Reykjavík**



12 nýjar 2-3 herbergja íbúðir frá 74.8 – 106 fm og ein 4ra herbergja íbúð á 2 hæðum sem er 205.2 fm á frábærum stað mjög miðsvæðis í Reykjavík. Íbúðirnar skilast fullbúnar með gólfefnum og tækjum. Innréttingar eru hvítar háglans, eikarparket á gólfum nema á baði. Stórt, veglegt sameiginlegt anddyri er fyrir allar íbúðir. Skemmtilegar og öðruvísi íbúðir þar sem engar tvær eru eins. Áhugaverðar íbúðir á góðu verði.

**Nánari upplýsingar á skrifstofu Stakfells.**

## Bergstaðastræti 12
**Nýjar íbúðir í hjarta Reykjavíkur.**



Innréttingar eru háglans frá modula. Eldhúsvaskur er felldur í borðplötu ásamt helluborði, bakar ofn, helluborð og háfur fylgja með. Fataskápar eru úr ljóstóna eik. Innrétting í snyrtingu er hvít háglans, með spegli, veggir flísalagðir upp í loft með hvítum flísum á gólfi eru 30x60 cm dökkar flísar. Öll hreinlætistæki og blöndunartæki af vandaðri gerð frágengin og upphengt salerni.

**Nánari upplýsingará skrifstofu Stakfells.**

**Lágmúli 7, sími 535_1000** Stakfell.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**Þægindi - Slökun - Vellíðan**
Þú átt það skilið. Kynningarverð. Nýr Stíll Langarima 21, 112 Reykjavík. S. 557 9009 nuddstolar.is

Whole body massage Telepone 846 4768.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is Sími 566 8417 og www.dalsmynni.is**

ELD•HESTAR VOLCANO•HORSES

Hestaleigan Eldhestar óskar eftir hestum til kaups, leigu eða láns í sumar. Hestarnir þurfa að henta bæði byrjendum, sem og vönum hestamönnum. Þeir sem hafa upp á eitthvað að bjóða - vinsamlegast hafið samband í síma 896 4822.



**Til sölu Dobermann hvolpar**
Afhendast örmerktir, bólusettir og með ættbók frá Rex. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í síma 866-7214.

Hundagæsluheimilið Fellshlíð Mos. Smáhundar teknir í gæslu, eru á heimili og ekki lokaðir inn í búrum, stórt hundagerði, góð þjónusta Gunnvör s. 8200878,

Griffon hvolpur til sölu, heilsufarsskoðaður og örmerktur með ættbók frá HRFÍ. Uppl. í s. 846 9868 & 865 0992

## Ýmislegt






**Lítið notað nudd baðkar**
136x136 Nudd/ljós/útvarp. Kostar nýtt 150 þ. Fæst á 80 þ. Gunnar, s. 660 1050.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Budget accommodation Hafnarfjörður for sleeping bag. Dorm 1.500 kr./p.day. Info 770 5451 & 770 5503.

## Fyrir veiðimenn

**Góðir maðkar**
Til sölu! Silungs og Laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

Laxamaðkar til sölu. Upplýsingar í síma 562 5013 & 866 8112.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Viltu leigja íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

2-3 herbergja íbúð til leigu í 5-6 mánuði. Leigist með húsgögnum. Allt nýtt, bílskýli. Er í Kópavogi. Áhugasamir hafi samband á netfangið: stoppus@gmail.com

Gesthouse for long term rent in Reykjavik and Hafnarfjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. From 45 thosund pr.month. Call 824 4532.

Til leigu 3 herb. íbúð í Lundarbrekku, Kóp.v. Leiga 130.000 pr. mán. með hús.sj. og hita. Uppl. í s: 694-3196 og 860-5156.

Meðleigjandi í hús í 101 Rvk, stutt í háskólann og miðbinn, 50þ alla innif. ROOM FOR RENT close to university and center town, 50thous all incl. info 6945987

Herb. til leigu í Garðab. v/Kópav. Aðg. að baði, eldh.+þvottah. Reykleysi skilyrði. Uppl. 8624468/max@simnet.is

2 - 3ja herb. nýleg 91 fm. íbúð til leigu í 110. Uppl. s. 894 6600.

Gistipláss/herb. til leigu á svæði 104. Rooms for rent contact number 661 4096 & 698 3211.

Vantar meðleigjanda í 100m2 íbúð á góðum stað í hafj. Leiga 60 þús. á mán. laust 1 ágúst. Einungis ísl. koma til greina. uppl s: 8681669/6904061

**Við Hallargarðinn**
Til leigu flott hús, um 230 m2. Glæsileg 6 herbergja sólrík íbúð með garði, veröndum og svölum, arinn í stofu. Frábær staðsetning, útsýni yfir Reykjavíkurtjörn. Sími 695 3618.

**Við Laufásveg**
Frábær nýuppgerð 4. herbergja 130 m2 íbúð á jarðhæð. Laus strax. S. 899 3060.

Ný glæsileg 4 herb. 150 fm íbúð í ásahverfi í garðabæ til leigu. Leiga 200 þús. Uppl. gefur Haukur í s. 849 7699.

Amazing place to live in 101 for 1-2 people w. shared kitchen, WC etc. 80 & 2 m. dep. Tel: 865-7661.

3 herb. íbúð á jarðh. í Kef til leigu eða sölu. Glæsileg íbúð,skjólveggir í garði. Rólegt hverfi. Uppl. í s.893 9888 og 586 2480.

Herbergi m/ húsg. & aðgangi að eldhúsi, WC & þvottav. til leigu í 105. Fyrir námsmann/konu. Er skammt frá hlemmi & stutt í marga framhaldsskóla. Uppl. í S. 5517506.

Í Grafarvogi: Til leigu 180fm hús. 5 herb. stór garður, verönd,laust fljótlega. S. 8456216

## Húsnæði óskast

27 ára karlmaður óskar eftir íbúð sem fyrst, á höfuðborgarvæðinu, er bæði í námi og vinnu, er reglusamur, uppl í síma 6962580 eða 6942524

22 ára stúlka sem er að hefja nám við HÍ í haust óskar eftir lítilli íbúð fram að áramótum Helst á svæði 101 eða 107. Uppl. í s. 659 8141.

## Sumarbústaðir






**Grímsnesi, Hraunborgir**
96m2 sumarhús til sölu 130m2 sólpallur, rafmagn,rotþró, rétt við sundlaug og stutt í 4 golfvelli. Útveggir einangraðir. Lagnir í plötu. Upplýsingar síma 693 6717.

Til leigu ca. 130 fm. sumarhús rétt við Munaðarnes. 4 svefnherbergi, heitur pottur og kamína. V. 70 þ. pr. viku. uppl. 898 8738 eða apr@simnet.is

## Atvinnuhúsnæði

200 fm glæsilegt verslunarhúsnæði að Bæjarlind 16 laust til leigu. S. 897 5505.

Reglusamt par vantar 50-100fm íbúð í göngufæri frá miðbæ Rvk. Hámarksleiga 130.000. Uppl. í s. 694 4443 og salvar@gmail.com

5 manna fjöldskylda óskar eftir stóru húsnæði á höfuðborgarsvæðinu, helst miðsvæðis, öruggar greiðslur og langtímaleiga skilyrði. Grétar - 691 9269.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 5990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) S. 555 3464

Búslóðageymsla Olivers, 100 kr. á dag fyrir Euro brettið. S. 567 4046 & 892 2074. www.buslodageymsla.iceware.net

## Gisting

**Rvk 105**
Til leigu 2 herb. íbúð. Sérinngangur, með öllu. Dagur, helgi, vika. Sími 891 8829.

Lúxus íbúð í miðbæ rvk. Með garði, grilli og parking. S. 899 5863.

Íbúð til leigu í Berlín 4-6 manna íbúð (ca 120fm) á skemmtilegum stað í A-Berlín (Prenzl.) til leigu í sumar og vetur. Sjá verð per dag og frekari upplýsingar á www.berlinflats.net

HAFNARFJÖRÐUR Mjög falleg 4 herb. íbúð við Burknavelli til leigu kr. 145 þús á mán. + hússjóður. Aðeins ábyrgir og reykl. leigj. Íbúðin er laus 1. ágúst. Uppl. í síma 856-8101

Vikuleiga 55.000. Mjög vel búin 3ja herb. íbúð í 110-Reykjavík. Sími s.895-0303

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Employment agency seeks:**
**Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.**
**- Proventus - Call Margrét 699 1060**

**Gröfumenn**
**Óska eftir að ráða vana gröfumenn, mikil vinna framundan.**
**Upplýsingar í síma 894 0210**

Eld Smiðjan ENGRI LÍK!

**Eldsmiðjan á Suðurlandsbraut**
**Yfirmaður í símaver 24% starf**
**Vinnutími er annar hver fimmtudagur, föstudagur, laugardagur og sunnudagur frá 17:00 - 22:00 Í starfinu felst að leysa öll mál sem upp kunna að koma í símaafgreiðslu og aðstoða starfsfólk í símaveri sem svarar fyrir Eldsmiðjuna á Suðurlandsbraut og Bragagötu**
**Hæfniskröfur - 23 ára og eldra - fyrir þetta starf koma aðeins umsækjendur til greina sem hafa íslensku sem móðurmál - framúrskarandi þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum - geta til þess að vinna undir álagi - stundvísi - dugnaður - reynsla úr sambærilegu starfi er æskileg**
**Eldsmiðjan er starfrækt á Bragagötu og á Suðurlandsbraut. Nánari upplýsingar veitir Herwig, atvinna@foodco.is.**

Örlaga línan

**Örlagalínan**
**Örlagalínan óskar eftir fólki til starfa á línunni. Einungis fólk með andlega tengingu og reynslu af andlegum málefnum koma til greina.**
**Fyrir nánari upplýsingar hringið í síma 863 8055 & bjork@nt.is**

**Öryggisgæslan ehf.**
**Óskar eftir starfsfólki í vaktavinnu á næturnar frá kl.23-08 alla daga. Umsóknir liggja frammi á skrifstofu okkar í Auðbrekku 6 - Kópavogi.**
**Skilyrði: Lágmarksaldur 18 ár - hreint sakavottorð - góð íslensku kunnátta.**

SUBWAY

**Subway Mosfellsbær**
**Subway auglýsir eftir duglegum starfsmanni á besta aldri í 60-100% starf. Vinnutími er virka daga frá kl 11:30 í 5 til 8 tíma. Viðkomandi yrði hægri hönd verslunarstjóra. Íslenskukunnátta æskileg en góð enskukunnátta annars nauðsynleg. Nánari upplýsingar veitir Anna Gyða í síma:530-7004.**
**Nánari upplýsingar veitir Anna Gyða í síma:530-7004.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum eða gegnum subway.is**

SUBWAY

**Vaktstjóri á Subway Hringbraut/N1**
**Subway auglýsir eftir duglegum starfsmanni með mikla þjónustulund í 100% starf sem vaktstjóri. Vinnutími er vaktavinna, ein vika dagvaktir og önnur kvöldvaktir. Íslenskukunnátta er nauðsynleg.**
**Nánari upplýsingar veitir Magga í síma: 696-7064.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum eða gegnum subway.is**

SUBWAY

**Ert þú næturmanneskja?**
**Subway auglýsir eftir duglegum starfsmanni með mikla þjónustulund á næturvaktir. Um 100% starf er að ræða. Unnið er 7 nætur í röð frá 23:45 til 8:00 og 7 nætur frí. Íslenskukunnátta er nauðsynleg.**
**Nánari upplýsingar veitir Hallfríður í síma: 696-7061.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum eða gegnum subway.is**

HEIMIR og ÞORGEIR

**Viðgerðarmenn**
Óskum eftir að ráða menn vana viðgerðum á vörubifreiðum og vinnuvélum. Mikil vinna og samkeppnisfær laun í boði. Nánari upplýsingar veitir verkstjóri í síma 693 0250

HEIMIR og ÞORGEIR

**Smurþjónusta**
Óskum eftir að ráða mann í smurþjónustu. Starfið felst í olíuskiptum og smurvinnu á stærri bílum og vinnuvélum. Reynsla af smurverkstæði æskileg og eldra bílpróf eða meirapróf er skilyrði. Nánari upplýsingar veitir verkstjóri í síma 693 0250

HEIMIR og ÞORGEIR

**Sendill og lagermaður**
Óskum eftir að ráða mann í sendiferðir og á lager, þekking á vinnuvélum og vörubifreiðum er kostur. Nánari upplýsingar veitir verkstjóri í síma 6930250

Múrland ehf. óskar eftir að ráða vanan mann í múrverk. Mikil vinna framundan. Góð laun í boði. S.6617099

Vantar starfsfólk í beitningu út á landi stutt frá akureyri. Húsnæði á staðnum, góð aðstaða fyrir fjölskyldufólk. Upplýsingar gefur Inga í síma 861 2846 og 898 7341.

**Múr og Flísar**
Óska eftir múrara og verkamönnum til starfa. Næg atvinna í boði. Uppl. í S. 897 2681, Ásgeir.

**Au pair í Stokkhólm**
Íslensk fjölskyldu vantar au pair frá miðjum ágúst mán. Uppl. hjá tjonsdottir@hotmail.com og í s. +467 3350 3346 og +468 464 8969

Óskum eftir röggsömum starfsmönnum á þjónustustöðvar okkar á Akureyri og Egilsstöðum. Störfin fela m.a. í sér þjónustu á hjólbarðaverkstæði og smurstöð. Reynsla æskileg. Íslenskukunnátta nauðsynleg. Dekkjahöllin s. 4623002(AK) og 4712002(EG)

Blómabúð í Reykjavík. Starfsmann helst vanan vantar sem fyrst. Sveiganlegur vinnutími. uppl í síma 6950495

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

**Takið eftir !!**
48 ára kvk óskar eftir 60-70% vinnu. Ekki um helgar. Í Grb, Hfj eða Kóp. Góð meðmæli. S. 565 8514 eða 865 9313.

**Húsasmíðameistari**
49 ára húsasmíðameistari og byggingastjóri óskar eftir 50-80% starfi. Uppl. í s. 660 1050, Gunnar.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Útsala Útsala!**
Rýmum fyrir nýjum vörum. Opið frá 10-19. Blómálfurinn. Vesturgötu 4 101 Reykjavík.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**908 6666**
**Við viljum vera sumardísirnar þínar í nótt. Opið allan sólarhringinn.**

**Stefnumót.is**
„Þar sem íslendingar kynnast". Tryggðu þér gott notandanafn til frambúðar og taktu þátt í að móta vandaðan vef.

46 ára gamall kk leitar konu frá asíu eða austur evrópu með framtíðar samband í huga. Hef allt sem þarf. e-mail. seila@isl.is eða S. 615-1074.



Hiti liggur yfir borginni Ef klifrað er upp á topp Sigurboga Napóleons keisara má sjá fagurt útsýni yfir borgina. Hér sjást meðal annars breiðgatan Champs Elysées og Eiffel turninn.




Miðpunktur hátískunnar Á götunni Faubourg St Honoré í áttunda hverfi er að finna helstu tískuhús heims



Matur og hönnun Veitingahúsið Chez Georges er á efstu hæð Pompidou safnins og er sérlega skemmtilegt





# SÍÐUSTU SUMARFERÐIRNAR

Er orðið of seint að bóka sólarlandaferð? - Hvað með gönguferð um Evrópu eða flugsæti út í sólina? Ferðalög fóru á stúfana og könnuðu hvað enn er í boði fyrir þá sem gleymdu að panta utanlandsferð fyrir sumarið.

**Pakkaferðir í sólina**

„Sólin er svo til uppseld fram yfir verslunarmannahelgi," sagði starfsmaður Plúsferða þegar blaðamaður sló á þráðinn. Svipaða sögu var að segja á öðrum ferðaskrifstofum - langi fólk í sólarfrí yfir verslunarmannahelgina er lítið í boði enda vikurnar hvorum megin við þá helgi yfirleitt vinsælasti tíminn fyrir sumarfrí fjölskyldunnar.

Það er þó óþarfi að örvænta, enn eru laus sæti í sólina um miðjan ágúst svo einhverjar fjölskyldur ættu að komast í sólarlandaferð áður en skólarnir byrja - ef þær panta sem allra fyrst.

Hjá Plúsferðum er þó nokkuð laust til Portúgals, Krítar, Mallorca og Costa del Sol út ágúst en enn meira í boði fyrir þá sem geta beðið fram í september. Úrval-Útsýn á sömuleiðis nokkur sæti til Mallorca og Krítar í byrjun ágúst.

Gott er að fylgjast með tilboðum ferðaskrifstofanna. Heimsferðir auglýsa til dæmis þessa dagana ferð til Ródos 16. ágúst á verði frá 59.990 á manninn. Plúsferðir bjóða sólarlottó til Lanzarote 5. og 12. ágúst á 49.990 og með ferðaskrifstofunni Terra Nova má skella sér í tveggja vikna ferð til Búlgaríu 16. ágúst á 59.990 krónur.

**Á eigin vegum**

Þótt pakkaferðir ferðaskrifstofanna fyrir þetta sumarið séu óðum að seljast upp er alls ekki útilokað að komast í sólina, það má alltaf skipuleggja fríið sjálfur. Iceland Express flýgur tvisvar til fjórum sinnum í viku til Alicante fram til 14. september. Það er góður staður fyrir sóldýrkendur og um næga gististaði að velja. Strandirnar í Alicante eru fjölmargar og stutt að skreppa til Benidorm.

Barcelona er einnig tilvalinn byrjunarreitur fyrir ferðalag um Spán, Iceland Express flýgur til borgarinnar til 14. september og Icelandair tvisvar í viku til 11. október. Enn má panta flug til Madrídar og Mílanó þetta sumarið en þangað flýgur Icelandair út ágúst. (Síðasta ferðin frá Mílanó er 6. september.)

**Strandlíf á norðlægum slóðum**

Steikjandi hiti á ströndum sunnarlega í Evrópu hentar ekki öllum. Iceland Express og Icelandair fljúga til Kaupmannahafnar daglega og sé veðurspáin góð má hæglega breyta slíkri ferð í sannkallað strandfrí. Í Kaupmannahöfn eru nokkrir baðstaðir sem flestir eru opnir út fyrstu vikuna í september, til dæmis einn við Íslandsbryggju og annar við Fiskitorvet. Vilji maður sanna strönd er tilvalið að kíkja í Amager Strandpark sem snýr út að Eyrarsundinu eða skella sér með lest í dagsferð á Bellevue-ströndina í Klampenborg sem er stór og vinsæl. Kosturinn við strandfrí í Kaupmannahöfn er sá að þangað er ódýrt að komast og oftast auðvelt að útvega gistingu. Fái maður leið á sólinni og sandinum má njóta alls þess sem borgin hefur upp á að bjóða, kíkja í Tívolí eða rölta í búðirnar á Strikinu.

Með bílaleigubíl má auðveldlega aka til spennandi sumardvalastaða og þar sem erfitt getur verið að fá gistingu eða sumarhús nú á háannatímanum getur verið tilvalið að taka tjaldið með. Fyrir þá sem enn eru á höttunum eftir sólbaði við sjávarnið er til að mynda upplagt að gista í grennd við Tisvildelejeströndina á Norður-Sjálandi.

**Spennandi sérferðir**

Ferðaskrifstofurnar hafa í sumar boðið upp á skemmtilegar sérferðir þar sem sólarstrendur eru ekki beinlínis í brennidepli. Nokkur sæti eru laus í ferð Bændaferða til Dresden og Berlínar dagana 21. til 28. ágúst. Þeir sem eru í rómantískum hugleiðingum geta einnig skráð sig í ferðina: Rómantíska leiðin, dagana 1. til 9. september, þar sem ferðast er um Suður-Þýskaland.

Ekki er heldur orðið fullt í sumarferð Expressferða til Berlínar 21. til 26. ágúst né ferðina Spænskir töfrar í Valencia (dagana 4. til 8. september) með sömu ferðaskrifstofu.

Heimsferðir hafa boðið upp á margar sérferðir í sumar og uppselt er í flestar ferðir í júlí, ágúst og september. Enn er þó hægt að bóka sig í viku gönguferð um Slóveníu sem lagt verður upp í 7. september og rútuferð sem kallast Ítölsku Alpavötnin og farin verður dagana 14. til 21. september.







**1** Danskar strendur henta vel til sólbaða þegar vel viðrar. Iceland Express og Icelandair fljúga til Kaupmannahafnar daglega.

**2** Úrval-Útsýn og Plúsferðir bjóða upp á ferðir til Krítar fram í október.

**3** Neuschwanstein-kastalinn er meðal þeirra áfangastaða sem heimsóttir verða í ferð Bændaferða um Suður-Þýskaland dagana 1. til 9. september. Enn eru nokkur sæti laus.

## Bærilegri á haustin

Margar evrópskar borgir eru heppilegri til haustferða þar sem hitinn á það til að fara vel yfir 30° C yfir heitustu sumarmánuðina. Og strandarferð í byrjun september er sömuleiðis ávísun á þægilegra loftslag og hún lengir um leið sumarið.




Ferðavernd býður upp á bólusetningar og ráðgjöf til ferðamanna. Þjónustan er í umsjón Helga Guðbergssonar, læknis. Vinnuna annast læknar og hjúkrunarfræðingar.

Mikilvægt er að panta bólusetningu og leita ráðgjafar tímanlega áður en haldið er utan.

**Tímapantanir í síma: 535 77 00**

ferðavernd
www.ferdavernd.is


5 STJÖRNU HELGAR Í BERLÍN
HOTEL DE ROME • HOTEL HILTON BERLIN
Helgarferðir (fimmtudag-sunnudags) á tvö glæsilegustu hótel Berlínar. Frábær staðsetning, með öll helstu kennileiti borgarinnar í göngufæri. Takmarkað sætaframboð - Verð frá kr. 75.000 á mann í tvíbýli - Bókaðu strax!
GB FERÐIR
www.gbferdir.is
WWW.ICELANDAIR.IS
Samstarfsaðili GB ferða
Nánari upplýsingar á www.gbferdir.is og í síma 534 5000


Í BÍTIÐ
alla virka daga kl. 7
BYLGJAN
989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

# 24 TÍMAR Í BRIGHTON

**Það þarf engum að leiðast í Brighton. Borgin býður upp á sitthvað forvitnilegt og skrýtið enda er hún þekkt fyrir að vera samastaður frjálslyndra grænmetisætuhippa, róttækra listamanna og léttklæddra strandverja. Þórhildur Ólafsdóttir stundar nám í Brigthon og kann að njóta þess sem borgin hefur upp á að bjóða.**

## FÖSTUDAGUR

Byrjaðu á að fara á **Café Motu** á Trafalgar Street þar sem boðið er upp á breskan morgunmat allan daginn – bakaðar baunir, egg, pylsur og besta beikon í heimi.

Skelltu þér svo í **The Royal Pavilion** – þú trúir þessu ekki fyrr en þú sérð það. Skálinn er höll í Mið-Austurlandastíl, þar sem Georg fjórði, 19. aldar spjátrungskonungur, geymdi hjákonur sínar og hélt partí. Hvert herbergi er hannað með fjör í huga og allt er svo fáránlega yfirdrifið að þú getur ekki annað en hrifist með. Kristalsljósakróna sem vegur eitt tonn, einhver?

Um kvöldið er gott að gera eins og innfæddir og borða á makróbíótískum ökólógískum grænmetisfæðisstað. Food for Friends er tilvalinn í því skyni. Að því búnu geturðu syndgað örlítið og drukkið fylli þína á **The Hop Poles**, sem býður upp á góðan bjór, furðulega tónlist og ruglingslegar innréttingar. Gættu þín samt að stálklóin í loftinu hrifsi þig ekki upp þegar síst varir.

## LAUGARDAGUR

Í Brighton eru bóhemar á hverju strái enda er sagt að önnur hver manneskja í borginni sé listamaður af einhverri sort. Flipp í klæðaburði er einkenni þessa þjóðfélagshóps. **North Laine** er góður staður til að sjá þessa kynlegu kvisti – þeir sækja í þessar þröngu götur sem eru fullar af sérviskulegum búðum, mörkuðum, kaffihúsum og götulistamönnum. Það er endalaust hægt að vafra þarna um – í lok dags gætirðu hafa fjárfest í tígrismynstruðum samfestingi, fengið göt í geirvörturnar, drukkið yfir þig af ferskum engifersafa með þangi og keypt uppblásinn blómavasa.



Þórhildur Ólafsdóttir

Sértu í rómantískum hugleiðingum er ganga um **The Old Lanes** ómissandi. Þessu skemmtilega hverfi svipar til **North Laine** – bara þrengri götur með endalausum skartgripaverslunum – og afhelgaðri kirkju þar sem hægt er að horfa á fótbolta.

Allir sem koma til Brighton verða að sjá ströndina. Fyrir hugdjarfa mannfræðinga er gaman að ganga út á hina frægu **Brighton Pier** (bryggjan) og fara í gegnum háværa spilakassasalina og í „tívolíið“ – samansafn hrörlegra leiktækja sem líta út fyrir að vera meira hættuleg en spennandi. Nálægt bryggjunni er svo sædýrasafn sem skemmtilegt er að skoða.



Ströndin og bryggjan með tívolíinu eru helsta kennileiti Brighton.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Steinsnar frá er svo huggulega tehúsið **The Mock Turtle**. Staðurinn er innréttaður að hætti ömmu og afa og býður upp á æðislegar skonsur og te sem frú Marple hefði orðið hreykin af.

Um kvöldið er hægt að fara á einhvern fjölmargra sjávarréttastaða í borginni – ferskt sjávarfang er auðfengið og ljúffengt. Eftir það er pöbbarölt viðeigandi og ef hugur er í fólki getur klúbbahopp tekið við. Miðbærinn er troðinn af afþreyingu. Þið finnið bækling um skemmtanalíf í Brighton á flestum kaffihúsum. Annars gildir heilræðið leitið og þér munuð finna. Allir nema hörðustu djammhaukar ættu þó að forðast klúbba með löngum röðum af fólki í pínupilsum og hlýrabolum. Dæmi um slíkan stað er **„Reykjavik Icehouse“** – sem ku vera í daprara lagi, þrátt fyrir nafnið.

## SUNNUDAGUR

Á sunnudögum kemur ekki annað til greina en að fá sér sunnudagssteik á pöbbnum – Sunday Roast, eins og innfæddir kalla hana. Ölkráin **Yeoman,** sem er nærri lestarstöðinni, er fremst á meðal jafningja í þeim efnum. Til að reyta af sér hitaeiningarnar að átinu loknu mæli ég með rölti um **Kemp Town** (stundum kallað „Camp Town“ enda er hverfið afar vinsælt á meðal samkynhneigðra). Þar halda sig áhugaverðir furðufuglar sem margir hverjir reka ýmsar búðir í óræðum tilgangi. Þar má líka finna verst þefjandi bar í heimi – ekki óttast að erfitt sé að finna hann, þú gengur bara á lyktina. Hún er svo stæk að engu líkara er en að fastagestirnir hafi verið dánir í nokkurn tíma. En enn þá sitja þeir að sumbli. Það er vel hægt að svolgra í sig einn bjór meðan maður heldur niðri í sér andanum. Eftir á má svo fá sér frískt loft á nektarströndinni sem er þar skammt frá. Aðgang fá einungis allsberir svo hinir spéhræddu verða að leita annað.

**Rhodos** 16. ágúst Sértilboð á Hotel Forum - hálft fæði




Bjóðum nú frábært sértilboð 16. ágúst í 1 viku eða 2 vikur á Hotel Forum með hálfu fæði, okkar aðalgististað á Rhodos. Hótelið er vel staðsett aðeins um 100m frá ströndinni. Góður sundlaugagarður er við hótelið, buslulaug, veitingastaðir og barir. Njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað Heimsferða. Takmarkaður fjöldi íbúða í boði á þessu frábæra verði.

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Heimsferðir

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

# Kíktu á elkofrihofn.is og gerðu enn betri kaup!




**Stafrænar myndavélar og upptökuvélar • iPod • tölvur • DVD spilarar • GSM símar • GPS staðsetningartæki • hljómtæki • hársnyrtivörur**




Frá kr. 13.430*

Í Shaftesbury Theatre er sæti fyrir þig. Ítalskur meistarakokkur við Duke Street hefur lagt á borð fyrir þig. Það er beðið eftir þér í Notting Hill.

Komdu til London í helgarferð eða í sumarleyfi. Lífvörður drottningar hefur æft vaktaskipti síðan á 19. öld og menn skilja ekkert í að þú skulir ekki hafa látið sjá þig enn þá.

+ Bókaðu flug á www.icelandair.is

Safnaðu Vildarpunktum

VISA Punktarnir upp í

MasterCard Ferðaávísun gildir

WWW.ICELANDAIR.IS

ÍSLENSKA/SIA.IS/ICE 43095 7/08

*Flug aðra leiðina með sköttum. Verð gildir frá 15. ágúst 2008.



## LJÓSMYND SUMARSINS

**Samkeppni Ferðalaga Fréttablaðsins um bestu ferðamyndina frá sumrinu 2008**

Blundar í þér ferðaljósmyndari? Næstu fjórar vikurnar fá lesendur Ferðalaga tækifæri til að sýna hvað í þeim býr með því að senda inn myndir í ljósmyndakeppni Ferðalaga Fréttablaðsins um bestu ferðamyndina tekna erlendis frá sumrinu 2008. Hver lesandi má senda inn myndir á Vísi. is og vinningshafar verða kynntir í næsta tölublaði Ferðalaga sunnudaginn 24. ágúst og á Vísi.is. Vegleg verðlaun í boði. Sjá nánari kynningu í Fréttablaðinu í næstu viku.

TAKTU ÞÁTT!



## MATARHÁTÍÐ Í KAUPMANNAHÖFN

Danska útgáfan af „Food and fun“ er handan við hornið. „Copenhagen Cooking“-hátíðin stendur yfir hinn 22.-31. ágúst og ætti að vera tilhlökkunarefni fyrir alla matgæðinga. Meðal viðburða eru dýrindis veitingar á hálfvirði, matarsýning í Øksnehallen, matardagar í Tívolíinu, kaffismökkunarhátíð, opin eldhús á frægum veitingastöðum, ferskar matvörur frá ýmsum sveitahéruðum og fleira. Upplýsingar er að finna á www.copenhagencooking.dk.







St. Basil Karlakórinn var bannaður á Sóvíettímanum.
NORDIC PHOTOS/GETTY

# Rússneskur karlakór syngur

Rússneski karlakórinn frá St. Basil-dómkirkjunni í Moskvu heldur áfram för sinni um landið og í dag heldur hann tónleika í Hólakirkju. Á efnisskrá kórsins kennir ýmissa grasa, en þar má finna rússnesk þjóðlög, miðaldatónlist og lög eftir rússnesk tónskáld.

Kórinn var bannaður árið 1931 af kommúnistastjórn Sóvíetríkjanna en er kommúnistar misstu völd árið 1991 kom kórinn saman aftur. Hann hefur síðan getið sér gott orð og ferðast víða, en hann kom fram meðal annars á listahátíð í Reykjavík árið 2004.

Tónleikarnir hefjast kl. 13.00 og er aðgangur ókeypis.

-tg


Tónleikarnir hefjast kl. 16.00 í Skálholtskirkju.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Samhljóm líkur

Í kvöld eru síðustu tónleikar Samhljóms, tónlistarhátíðar í Reykholti. Auður Hafsteinsdóttir og Pálína Árnadóttir fiðluleikarar, Þórunn Ósk Marinósdóttir víóluleikari, Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari og Steinunn Birna Ragnarsdóttir píanóleikari flytja verk eftir Händel, Dohnányi og Dvorák.

Tónleikarnir fara fram klukkan 16.00 í Skálholtskirkju og er aðgangseyrir 2.500 krónur.

Tónlistarhátíðin í Reykholti hefur fyrir löngu fest sig í sessi hjá unnendum klassískrar tónlistar en þetta er 11. árið sem hún er haldin.

- tg

## AFMÆLI


**HAUKUR HEIÐAR HAUKSSON** söngvari Diktu er 26 ára í dag


**INGVI HRAFN JÓNSSON** fjölmiðlamaður og veiðimaður er 66 ára í dag


**MAYA RUDOLPH** leikkona er 36 ára í dag

**NAFNIÐ MITT:** BJARGEY ÓLAFSDÓTTIR

# *Nafn sem oft er ruglað saman við Björk*



„Nafnið mitt kemur úr Ísfirðingasögu, þannig að þetta er gamalt nafn," segir Bjargey Ólafsdóttir, kvikmyndagerðakona og myndlistarmaður, og bætir við að það þýði náð. Bjargey var skírð í höfuðið á ömmu sinni en nafnið hefur þó ekki verið í ættinni

„Ég er með gælunafn innan fjölskyldunnar," segir Bjargey „Ég átti erfitt með að sætta mig við nafnið mitt þegar ég var yngri og fann því upp á gælunafninu. Þegar ég varð unglingur þá áttaði ég mig á sérstöðu nafnsins og hvað það er fallegt og sérstakt."

Bjargey segir að bæði Íslendingar og útlendingar ruglist á nafni hennar. „Íslendingar rugla nafninu stundum við Bjarney því það er algengara." Og sem kvikmynda- og myndlistarkona fer Bjargey víða og útlendingar eiga oft í vandræðum með nafnið. „Ég er oft kölluð bara B. Það er mjög algengt. Útlendingar rugla þessu líka stundum við Björk þegar ég segi það. Þeir segja margir: Oh, like Björk?" segir Bjargey hlæjandi og bætir við að það sé svolítið fyndið vegna þess að í eyrum okkar Íslendinga hljómar það ekkert líkt.

-mmf


BYLGJAN
ER ÓMISSANDI UM VERSLUNARMANNAHELGINA

Farið verður um víðan völl í gríni og alvöru. Fréttir af öllu því sem gerist ásamt bestu tónlistinni. Stórskotalið Bylgjunnar verður á vaktinni alla helgina: Simmi og Jói, Sveppi og Svansí, Heimir Karls, Ásgeir Páll og Bragi.



UPPI Á PALLI, INNI Í TJALDI, Í HJÓLHÝSI, HÚSBÍL EÐA HEIMA.
ÞAÐ ER SAMA HVAR ÞÚ VERÐUR – VIÐ VERÐUM ÞAR.

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

REYKJAVÍK OG SUÐVESTURHORNIÐ:
Reykjavík - 98,9
Mosfellsbær - 91,4
Grindavík - 96,0

NORÐURLAND:
Hrútafjarðarháls - 99,5
Blönduós - 98,9
Skagafjörður - 97,9
Siglufjörður - 102,3
Ólafsfjörður - 100,6
Dalvík - 97,9
Akureyri og nágrenni - 92,7
Húsavík - 100,9
Raufarhöfn og Þórshöfn - 100,5

VESTFIRÐIR:
Patreksfjörður - 101,3
Bolungarvík - 94,9
Ísafjörður og nágrenni - 97,9
Tálknafjörður - 104,1

VESTURLAND:
Borgarnes - 91,7
Borgarfjörður - 96,4
Borgarfjörður, Skorradalur - 101,9
Ólafsvík - 92,1
Grundafjörður - 104,1
Stykkishólmur - 100,9
Búðardalur - 97,9

AUSTURLAND:
Vopnafjörður - 104,1
Egilsstaðir - 98,9
Seyðisfjörður - 89,7
Neskaupstaður - 98,9
Eskifjörður - 97,9
Reyðarfjörður - 94,8
Fáskrúðsfjörður - 103,0
Hornafjörður - 100,9
Djúpivogur - 104,1
Stöðvarfjörður - 98,9

SUÐURLAND:
Kirkjubæjarklaustur - 97,9
Mýrdalssandur og Skeiðarársandur - 94,5
Vík í Mýrdal - 100,9 og 94,5
Vestmannaeyjar - 100,9
Laugarvatn og Flúðir - 91,8
Selfoss, Hveragerði og Þorlákshöfn - 97,9








## STUÐ MILLI STRÍÐA Ísland er land þitt

**ÞÓRUNN ELÍSABET BOGADÓTTIR** ÆTLAR STUTTAN HRING UM LANDIÐ



Þá er loksins komið að því að drífa sig eitthvað almennilega út á land, en ekki bara í sumarbústað eða á tjaldsvæði í klukkutíma fjarlægð frá borginni. Tjald, kælibox og gönguskór hafa verið sett í bílinn, sem spænir upp peninga ferðafélaganna eins og hann fái hreinlega borgað fyrir það. En það skiptir ekki máli því góð ferð um landið hlýtur bara að vera alveg þess virði.

Á yngri árum voru foreldrarnir ágætlega duglegir við að kynna náttúruperlur landsins fyrir okkur systkinunum, eins og margir fleiri íslenskir foreldrar. Flest barnanna eiga það þó líklega sameiginlegt að hafa einfaldlega verið of ung til þess að kunna að meta dýrðina sem í þessu landi okkar felst. Þar sem ég er svolítið nörd fannst mér samt yfirleitt gaman að læra hvað fjöllin og árnar sem keyrt var framhjá eða yfir hétu.

En nú skal hins vegar bætt úr þessu ferðaleysi. Það á eiginlega að eyða íslenska sumrinu í íslenskri náttúru – það finnst mér allavega upplagt. Það er sniðugra að fara til heitari landa þegar kuldinn bítur á Íslandi. Byrjunin á ferðalögum komandi ára verður fimm daga ferð um landið. Svona rétt til að kynnast því upp á nýtt. Það verður byrjað á Akureyri, en það er skammarlega langt síðan ég hef farið þangað. Þaðan verður þvælst um Norðausturland áður en náttúrufegurð Borgarfjarðar eystri verður könnuð. Svo verður bara haldið áfram sem leið liggur, eftir því hvar sólina verður að finna.

Það kemur sér vel fyrir ferðafélagana að hafa nörd með í ferð. Þau munu njóta góðs af geisladiskunum sem ég útbjó fyrir ferðalagið, og fróðleiknum sem ég mun lesa úr Vegahandbókinni, Þjóðsögum við þjóðveginn og fleiri góðum bókum. Svo er annað nörd sem sér um að reikna út bensínkostnað og mat svo ferðalagið kosti ekki morðfjár. Ég mæli sterklega með því að allir sem hyggja á ferðalög í nánustu framtíð fái nörd á þessum sviðum með sér í för.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**Kl. 16**

*Tónlistarhópurinn Njúton kemur fram í íbúð á jarðhæð á Grettisgötu 18 í dag kl. 16. Þar flytja þau verk eftir Ragnhildi Gísladóttur, Þuríði Jónsdóttur, Malin Bång, Karólínu Eiríksdóttur, Mist Þorkelsdóttur og Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur. Tónleikarnir eru í samstarfi við Ingibjörgu Magnadóttur myndlistarmann og er aðgangseyrir 1.500 kr.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Finnsk orgeltónlist hljómar í kvöld

Hinn þekkti finnski orgelleikari Kalevi Kiviniemi leikur á tónleikum Alþjóðlegs orgelsumars í Hallgrímskirkju í kvöld kl. 20. Í orgelheiminum er hann þekktur fyrir vandaðar umritanir á verkum tónskálda sem skrifuðu lítið eða ekkert fyrir orgel, eins og til dæmis Wagner og Rachmaninoff. Þá stóð hann fyrir orgelhátíðinni í Lathi í mörg ár. Hann hefur leikið inn á meira en 100 hljómdiska og er virtur spunamaður.

Efnisskrá tónleikanna er mjög finnsk og gefur þannig mjög góða innsýn í finnska orgeltónlist frá því um aldamótin 1900 og fram til dagsins í dag. Það er þjóðartónskáld Finna, Jean Sibelius, sem hljómar fyrst. Intrada op. 111a var skrifað árið 1925 í tilefni af heimsókn sænsku konungshjónanna. Seinna verkið er Surusoitto, eða Útfarartónlist op 111b, sem jafnframt var síðasta verkið sem Sibelius skrifaði fyrir hljóðfæri. Þá leikur hann Lux aeterna, eitt af þekktari verkum finnska tónskáldsins Joonas Kokkonen sem hann skrifaði árið 1974. Á efnisskránni er einnig Útfararmars eftir samtíðarmann Sibeliusar, Oskar Merikanto, þekktan höfund ættjarðarlaga og kórtónlistar. Þá leikur Kiviniemi einnig tvo spuna, annars vegar um tvö stef eftir Sibelius og hins vegar um íslenskt stef. Inn á milli leikur einnig Kiviniemi hljómsveitarkafla sem hann hefur umritað úr óratóríunni Rédemption eftir César Fransk og þrjár stuttar umritanir sem Kiviniemi hefur gert á verkum eftir Franz Liszt: Konsert í Des-dúr, Huggun í Des-dúr og Fantasie.

Tónleikunum lýkur á Finlandia eftir Jean Sibelius. **- vþ**



**HALLGRÍMSKIRKJA** Hýsir tónleika finnska orgelleikarans Kalevi Kiviniemi í kvöld.

**> Ekki missa af …**

tónleikum Hildigunnar Halldórsdóttur fiðluleikara og Sigurðar Halldórssonar sellóleikara í Skálholtskirkju kl. 15 í dag. Þar leika þau Sjö spökur eftir Hafliða Hallgrímsson og flétta inn í þær tveimur einleiksþáttum úr Offerto fyrir fiðlu og þremur einleiksþáttum úr Solitaire fyrir selló. Aðgangur er ókeypis.

# Fuglamyndir Höskuldar

**Í dag kl. 15 verður opnuð sýning á verkum Höskuldar Björnssonar í Listasafni Árnesinga í Hveragerði. Höskuldur skipar sérstakan sess í íslenskri listasögu en hann var lengi vel helsti fuglamálari Íslands.**



**MYNDLIST** Í Listasafni Árnesinga í Hveragerði verður opnuð í dag sýning með fjölda verka eftir Höskuld Björnsson sem var afkastamikill málari og einbeitti sér að fuglamyndum. MYND: LISTASAFN ÁRNESINGA

„Sýningin ber nafnið Á ferð með fuglum, en þar má sjá á níunda tug verka eftir Höskuld. Þetta eru aðallega olíumálverk og vatnslitamyndir en einnig má þar finna teikningar og verk unnin með blandaðri tækni,“ segir Hrafnhildur Schram, sýningarstjóri sýningarinnar. „Þáttur Höskuldar í íslenskri listasögu er merkur en hann var fyrstur til að kanna áður ónýtt myndefni úr íslenskri náttúru – fuglalífið. Hann notaði þetta myndefni á markvissan hátt og það varð með tímanum veigamesti þátturinn í listsköpun hans.“

Fuglar höfðu fyrir þann tíma einkum verið viðfangsefni útskurðarmanna úr alþýðustétt, sem unnu bæði úr beini og tré, að ógleymdum leirverkum Guðmundar frá Miðdal sem fóru víða og eru nú í miklum metum. Áhugamenn um þennan þátt myndtúlkunar hafa ekki enn áttað sig á hinu mikla magni verka sem til eru eftir Höskuld sem nú má sjá hluta af í Hveragerði.

Sérstaða Höskuldar sem helsta fuglamálara landsins hélst vel fram á sjöunda áratuginn og í hugum margra landsmanna lifir hann enn sem slíkur. Hundruð verka hans eru enn til á heimilum landsmanna af eldri kynslóðinni, en sökum þess að hann hélt áfram að mála dýralíf og landslag féll hann í skuggann af fyrirferðarmeiri samtíðarmönnum á þeim árum sem örfáir málarar nutu almennrar athygli. Höskuldur átti þó alltaf sína aðdáendur. Hann var einnig afkastamikill landslagsmálari en hann málaði fyrst og fremst á Suður- og Suðausturlandi og einbeitti sér meðal annars að fjarlægum sjóndeildarhringnum og óendanlegum himni hins víðáttumikla landslags.



**MYNDLIST** Höskuldur Björnsson listmálari (1907-1963) - sjálfsmynd.

Höskuldur fæddist í Dilksnesi í Nesjum á Hornafirði 26. júlí árið 1907 en bjó síðustu sautján ár ævi sinnar í Hveragerði þar sem hann lést árið 1963. „Hveragerði var sannkölluð listamannanýlenda á árunum eftir stríð, en þá bjó hér fjöldi þjóðþekktra listamanna; listmálarar og myndhöggvarar, tónskáld, rithöfundar og skáld,“ segir Inga Jónsdóttir, safnstjóri LÁ, og bætir við að tímabært sé að rifja upp þessa merku sögu og heiðra minningu listamannanna. Litamannanýlendan í Hveragerði var alkunn á þeim árum þegar menn á borð við Kristmann Guðmundsson, Jóhannes úr Kötlum og Kristinn Pétursson bjuggu þar - auk Höskuldar.

„Við bjóðum áhugasama velkomna á opnunina í dag en þá mun Hörður Friðþjófsson leika valin lög á klassískan gítar. Svo er safnið opið alla daga í sumar frá kl. 12-18, en þar má kaupa kaffi og meðlæti, glugga í upplýsingarit um myndlist og leyfa yngstu kynslóðinni að njóta sín í barnahorninu,“ segir Inga.

**pbb@frettabladid.is**

# Dýr vernduð fyrir listamönnum

Lagt hefur verið til fyrir borgarstjórn hinnar annars umburðarlyndu San Fransisco-borgar í Bandaríkjunum að lögleiða bann við list sem sýnir dýr misnotuð eða beitt ofbeldi og jafnframt list sem sýnir dýr drepin.

Borgarfulltrúinn Christine Garcia segir lögin setja listheiminum mikilvæg mörk. „Ef við leyfum því að viðgangast að það þyki ásættanlegt að pynta og drepa dýr í þágu listar, þá er það óhjákvæmilegt að sífellt fleiri listamenn muni beita slíkum aðferðum til þess að öðlast frægð, enda alkunna að ofbeldisfull list vekur umtal og athygli.“

Hugmyndin að banninu kviknaði í kjölfar sýningar í safninu San Fransico Art Institute. Þar sýndi listamaðurinn Adel Abdessemed myndbandsverk sem innihélt myndskeið af slátrun sex dýra. Myndbandsverkið fékk aðeins að standa í viku þar sem safninu barst fjöldi kvartana og hótana frá öfgafullum dýraverndunarsinnum. Safnið vill þó meina að slátrunin sem fór fram í verkinu hafi verið dæmigerð fyrir matvælaiðnaðinn í Mexíkó, en þar voru myndirnar teknar, og að ekki hafi verið beitt óvenju hörkulegum drápsaðferðum.

Þetta sama verk var sýnt í Frakklandi fyrr á árinu án þess að yfir því væri kvartað. Hins vegar var hætt við sýningu á verkinu í Skotlandi vegna ótta við mótmæli dýraverndunarsinna. **- vþ**



**GEITUR Í GÓÐU YFIRLÆTI** Það er ljótt að vera vondur við dýrin.

# Sjónvarpsþjálfarinn

Þýski listamaðurinn Alexander Steig fer mikinn á Akureyri þessa helgina. Í gær var opnuð í Gallerí Boxi, Kaupvangsstræti 10, sýningin Polaris, en þar sýnir Steig þrjú myndbandsverk. Í dag kl. 11 opnar Steig svo sýninguna TV-trainer í sýningarrýminu Kunstraum Wohnraum sem er til húsa á heimili Hlyns Hallssonar og Kristínar Kjartansdóttur í Ásabyggð 2.

Sýningin TV-Trainer byggir á gjörningi og myndbandsinnsetningu og hefur þegar verið sýnt í Musée d´Art Moderne et Contemporain de Strassbourg, Dartington Gallery í Totnes á Bretlandi og í MoNA í Poznan í Póllandi. Sýningin stendur í Kunstraum Wohnraum til 13. september. **- vþ**



**GÓÐ LÍKAMSRÆKT** Brot úr verki Alexanders Steig sem sýnt er í Kunstraum Wohnraum á Akureyri.

# Sungin lög við texta Halldórs

Þær Guðrún Ingimarsdóttir sópransöngkona og Jónína Erna Arnardóttir píanóleikari halda tónleika í stofunni á Gljúfrasteini í dag kl. 16. Á efnisskránni verða lög við texta Halldórs Laxness eftir tónskáldin Jón Ásgeirsson, Jón Þórarinsson, Jórunni Viðars og Atla Heimi Sveinsson. Lagavalið kemur frá stórum hluta af höfundarverki Halldórs en meðal verka eru Únglíngurinn í skóginum og Íslenskt vögguljóð á Hörpu auk laga úr leikritunum Sjálfstæðu fólki og Heimsljósi. Aðgangseyrir er aðeins 500 kr. og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Guðrún Ingimarsdóttir er uppalin á Hvanneyri í Borgarfirði. Hún stundaði söngnám við Söngskólann í Reykjavík og lauk þaðan námi með hæstu einkunn. Guðrún nam jafnframt söng í Lundúnum og í Stuttgart, en síðan námi lauk hefur Guðrún starfað sem söngkona í Þýskalandi og fleiri löndum á meginlandi Evrópu auk þess að taka þátt í fjölmörgum óperuuppfærslum. Meðal hlutverka sem hún hefur sungið eru: Despina í Cosi fan tutte, Blondchen úr Brottnáminu úr kvennabúrinu, Næturdrottningin úr Töfraflautunni og fleiri.

Jónína Erna Arnardóttir nam píanóleik við Tónlistarskólann í Reykjavík og Tónlistarháskólann í Bergen í Noregi. Í dag starfar hún sem kennari og deildarstjóri píanódeildar í Tónlistarskóla Borgarfjarðar auk þess að sinna meðleik við söngdeild skólans. Jónína hefur einnig starfað sem meðleikari og stjórnandi karlakóra og er jafnframt listrænn stjórnandi IsNord tónlistarhátíðarinnar í Borgarnesi.

Aðgangseyrir að tónleikunum er 500 kr. og eru allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir. **- vþ**



**GUÐRÚN INGIMARSDÓTTIR** Syngur lög við texta Halldórs Laxness á Gljúfrasteini í dag.

# Tveir listamenn í Hlöðunni

Í Hlöðunni við Halastjörnuna á Hálsi í Öxnadal hafa sauðlaukar myndlistarinnar sprottið af krafti í sumar og var þar önnur sýning sumarsins opnuð í gær.

Þau Marta María Jónsdóttir og Arnaldur Máni Finnsson leiða þar saman hesta sína í sýningunni Höfguð, en hún samanstendur af málverkum og skúlptúr eftir Mörtu en bænahúsi Arnaldar Mána. Að auki framdi Arnaldur gjörninginn Hringlaga skurður tímans við opnun sýningarinnar í gær.

Arnaldur hefur í myndlist sinni unnið í ýmsa miðla í gegnum tíðina. Gjörningur hans að þessu sinni fjallar um þær leiðir sem tengt er við guðdóminn með fórnum sem og táknmáli tilbeiðslunnar, samhæfingu hugar og líkama, en síðast og ekki síst samruna tíma og rúms í athöfn sem framkalli sælukennd vökudraumsástands; höfgi.

Í verkum sínum leitast Marta við að eiga í lífrænu sambandi við list fjórða og fimmta áratugarins. Verkin eru formföst, í þeim er ekkert flúr, en krafti fútúrismans og afbyggingu hins hlutbunda er viðhaldið. Á þennan hátt vísar Marta bæði til leiksins en um leið til íhugunar hinna myndrænu skilaboða sem hvorki þarfnast tákna né titla. **- vþ**



**ÖXNADALUR** Fagurt umhverfi fyrir myndlistarsýningu.

> Í ÞRÍÞRAUT

**Jennifer Lopez** æfir nú stíft í tvo tíma á degi hverjum, en hún hyggst taka þátt í þríþraut í október. Keppt er í hlaupum, sundi og hjólreiðum. Eiginmaðurinn, **Marc Anthony**, kveðst ætla að styðja við bakið á konu sinni og fylgja henni eftir á Segway-græju sinni – eins konar rafmagnsknúnu hlaupahjóli.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Michelle byrjuð með Spike

Michelle Williams ku vera komin með kærasta, en lítið hefur heyrst af strákamálum hennar frá því að hún og Heath heitinn Ledger skildu að skiptum. Upp á síðkastið hefur Williams hins vegar ítrekað sést í fylgd með leikstjóranum Spike Jonze, fyrrverandi eiginmanni Sofiu Coppola, í grennd við heimili sitt í New York. Hafa þau jafnvel sést kyssast fyrir utan íbúð Williams.

„Það voru greinilega einhverjar gælur í gangi. Hún hélt um handlegginn á honum. Líkamstjáningin var mjög rómantísk,“ segir sjónarvottur.

Williams og Jonze hittust fyrst fyrir tveimur árum þegar leikkonan fór í prufu fyrir hlutverk í myndinni Where The Wild Things Are. Þau unnu svo saman í fyrrasumar, þegar Williams lék í myndinni Synecdoche, New York.

Williams hefur annars haldið sambandi við vini Ledgers, og sást meðal annars úti í göngutúr með dótturinni Matildu og vini Heaths, Trevor DiCarlo á dögunum.



**MEÐ NÝJAN KÆRASTA** Margir mánuðir eru síðan Michelle Williams og Heath Ledger skildu að skiptum, en hún virðist nú vera komin með nýjan kærasta.

# Náðu engum myndum

**Tveir ljósmyndarar dulbjuggu sig fyrir stuttu og reyndu að læðast inn á landareign Angelinu Jolie og Brads Pitt, líklega með það markmið að ná myndum af nýfæddum börnum parsins. Öryggisverðir Angelinu og Brads urðu þó varir við hina óboðnu gesti og þegar verðirnir ætluðu að vísa ljósmyndurunum á brott brutust út slagsmál. Lögreglan var kölluð til og voru verðir jafnt sem ljósmyndarar færðir upp á lögreglustöð til yfirheyrslu. Enginn slasaðist þó alvarlega í öllum ólátunum.**

# TOPP 10: Næstu „sell-át“

Megas auglýsir bíltegund, pönkhljómsveitin Rass auglýsir símafyrirtæki og andkapítalíska barnapopplagið „Eniga Meniga“ hljómar í bankaauglýsingu. Hvernig endar þetta eiginlega?































**1. Helgi Hós drekkur kók**
Helgi verður framvegis með auglýsingaskilti á horninu sínu.

**2. Sixpakkinn á Guðbergi Bergssyni**
Vöðvastæltur og kaffibrúnn Guðbergur er nýtt andlit WC líkamsræktarstöðvanna.

**3. Glósóli frá Egils**
Jónsi í Sigur Rós: „Þú verður alveg „tjú tjú“ þegar þú færð þér nýja gosdrykkinn, Glósóla, frá Egils.“

**4. Biskupar borða SS pulsur**
Karl og Sigurbjörn sporðrenna pulsum og ræða eilífðarmálin.

**5. Valur kominn á gylltan Róver**
Valur Gunnarsson grefur aftur upp Bubbaplöturnar sínar og setur í skottið á nýja gyllta Range Róvernum sínum.

**6. Krakkarnir í Saving Iceland raka sig með Gillette**
Eftir erfiða viku í hlekkjum við orkuver er fátt betra en silkimjúkur rakstur með góðum álsköfum.

**7. Gyrðir þambar Burnout**
„Ekkert veitir mér jafn mikinn kraft við ljóðagerðina og að þamba nokkrar svalandi dósir af orkudrykknum Burnout.“

**8. Bríet þvottaefni**
„Við stelpurnar í Femínistafélaginu notum eingöngu Bríeti, óumhverfisvæna þvottaefnið frá Frigg.“

**9. Bjartmar kynnir Carlsberg**
Þegar Sumarliði er fullur er það af svalandi Carlsberg („léttöl“).

**10. Siggi pönk safnar með Pönkxl**
Siggi „lætur ekki taka sig í rassgat lengur“ og leggur inn á Pönkxlreikning Landsbankans.



Ef marka má sýningar Orthodox, Nicholas K. og Obakki verður herra-tískan næsta haust að mestu leyti helguð gráum, hvítum og svörtum litum, með einstaka innskoti af bláu eða rauðu.



Mikið var um buxur og jakka með uppábrotum á sýningum Nicholas K. og Obakki en þessi herra sýndi fatnað frá Nicholas K.

# Afslöppuð herratíska

**Nokkrir hönnuðir sýndu herralínur sínar fyrir komandi vor og sumar í New York nú í vikunni. Herratísku hefur yfirleitt ekki verið gert hátt undir höfði þar í borg og taka hönnuðir frekar flugið til Mílanó til að sýna línur sínar. Hvort þetta framtak verði til þess að herratískuvikur taki aftur við sér í New York á eftir að koma í ljós, en framtakið féll vel í kramið hjá tískugúrúum.**



Stuttbuxur við sparískó voru vinsæl blanda hjá Obakki.



Orthodox



Nicholas K.



Herratískan næsta vor ætti að vera í afslappaðri kantinum eins og hér sést hjá Orthodox.

# *Stones semja við Universal*

Lag Rolling Stones, Play with fire og lag Lil Wayne, Playing with fire, eiga meira sameiginlegt en titilinn. Allavega vilja útgefendur Rolling Stones meina það. Abkco, sem eiga höfundarétt að Play with Fire Stones segja „grunninn að lagi hans augljóslega vera þeirra og hafi upprunalega textanum og tónlist auðheyranlega verið breytt.“ þá vilja þeir einnig meina að útgáfa Wayne innihaldi „gróft og særandi málfar, fullt af kvenfyrirlitningu og gæti látið líta svo út að Stones samþykktu slíkt og hafi gefið leyfi fyrir útgáfunni.“ Það fyndna er að samkvæmt Billboard.com eru Stones ekki aðeins að lögsækja Universal fyrir brot á höfundarlögum, heldur eru þeir einnig að skrifa undir samning við þá um útgáfu á þeirra efni.



**VERJA HÖFUNDARRÉTTINN** Rolling Stones vilja ekki að fólk haldi þá grófa. MYND/REUTERS

# Gerðu auglýsingu með Ballack

**Leikstjórarnir Sammi og Gunni gerðu nýlega auglýsingu fyrir stórfyrirtækið Samsung. Fótboltastjarnan Michael Ballack er í aðalhlutverki í auglýsingunni. Leikstjórarnir eru komnir á samning við erlenda umboðsskrifstofu sem gefur þeim tækifæri á frekari verkefnum erlendis.**



**FÓTBOLTASTJARNA Á TÖKUSTAÐ** Gunni og Sammi ásamt fótboltastjörnunni Michael Ballack á tökustað, en til hægri er Patrick Thiede, hönnunarstjóri auglýsingarinnar.

„Við fengum verkefnið eftir að hafa kynnt okkar hugmynd mjög ítarlega, en fjöldi annarra leikstjóra sóttist eftir því,“ segir leikstjórinn Samúel Bjarki Pétursson um Samsung-auglýsingu sem hann og samstarfsfélagi hans, Gunnar Páll Ólafsson, gerðu nýverið fyrir þýskan og pólskan markað.

„Michael Ballack, fótboltamaður hjá Chelsea, lék í þýsku útgáfunni en Ebi Smolarek í þeirri pólsku. Öll auglýsingin var tekin upp í Black Island Studios í London sem er eitt af stóru upptökuverum Bretlands, en við notuðumst við svokallað „green screen“ því í auglýsingunni eru fótboltamennirnir í hálfgerðum Sin City-heimi sem er allur tölvugerður. Það var samt ákveðið að hafa þennan tilbúna heim nýtískulegri og bjartari en í kvikmyndinni,“ útskýrir Samúel og lætur vel af fótboltastjörnu Chelsea.

„Við fengum að hafa Michael Ballack í sex klukkustundir á tökustað. Hann lét aðeins bíða eftir sér eins og sannri stjörnu sæmir, en hann var mjög almennilegur í alla staði. Gunnar er meiri fótboltaáhugamaður en ég svo hann áttaði sig kannski betur á því hversu mikil stjarna hann er,“ segir Samúel og útskýrir að í þeim skotum sem ekki náðust með Michael var tvífari hans fenginn í hlutverkið.

Um 100 manns komu að gerð auglýsingarinnar og eftirvinnslan tók sex vikur. Samúel segir að öllu hafi verið tjaldað til og heilu leikmyndirnar smíðaðar í upptökuverinu. „Í báðum auglýsingum kom fyrir bar, en Þjóðverjarnir vildu nýtískulegan bar á meðan Pólverjarnir vildu hafa sinn gamaldags, svo á einni viku voru smíðaðir tveir risastórir, ólíkir barir,“ útskýrir Samúel og segir að rýnihópar hafi haft sitt að segja um lokaútkomuna. „Á einum stað í auglýsingunni átti til dæmis að koma fyrir köttur með rauð augu. Það var talið of óhuggulegt svo í staðinn var höfð ugla. Þá kom í ljós að uglur boða ógæfu í Kóreu svo við enduðum með hvítan hest,“ bætir hann við og hlær.



**MICHAEL BALLACK** Eitt af stærstu nöfnunum í fótboltanum í dag þó hann tapi öllum úrslitaleikjum sem hann tekur þátt í.

Samúel og Gunnar eru þrítugir að aldri en hafa skapað sér mikla reynslu sem leikstjórar. Þeir hafa gert tónlistarmyndbönd fyrir hljómsveitir á borð við Quarashi, Sálina og Jeff Who? auk þess að hafa leikstýrt auglýsingum fyrir stórfyrirtæki eins og Glitni, Landsbankann, Egils og Toyota. Þeir leikstýrðu nýlega umtöluðum auglýsingum fyrir Símann þar sem Jón Gnarr fór á kostum í hlutverki Júdasar og Galileo sem og myndbandi Merzedes Club.

Spurður um tilkomu Samsung-verkefnisins segir Samúel það hafa komið í gegnum umboðsskrifstofuna Crossroads sem þeir Gunnar undirrituðu samstarfssamning við nýverið. Crossroads hefur séð um framleiðslu fjölda auglýsinga úti um allan heim og tónlistarmyndbanda fyrir listamenn á borð við Britney Spears og Bon Jovi. Skrifstofur fyrirtækisins eru víðs vegar um Bandaríkin og í Bretlandi, en Samúel og Gunnar eru í samstarfi við fyrirtækið á báðum stöðum.

„Við höfum verið hjá Saga film síðastliðin fjögur ár, en komumst í samband við Crossroads á ráðstefnu í Cannes í fyrra. Þetta er gríðarlega öflugt fyrirtæki sem býður upp á alls kyns spennandi möguleika fyrir okkur Gunnar,“ segir Samúel að lokum. Auglýsinguna ásamt öðrum verkum þeirra má sjá á heimasíðu þeirra www.samuelandgunnar.com

alma@frettabladid.is

# Amy Winehouse komin í vax

Madame Tussaud-vaxmyndasafnið hefur nú bætt í safnið sitt styttu af söngkonunni Amy Winehouse. Foreldrar Amy afhjúpuðu styttuna við hátíðlega athöfn fyrr í vikunni. Faðir Amy sagði að dóttir hans væri að jafna sig eftir að dómur í máli Blake Fielder-Civil féll, en hann var dæmdur í 27 mánaða fangelsi. „Hún hefur það ágætt, hún er öll að braggast og verður sterkari með hverjum deginum. Hún borðar vel og er að bæta á sig. Þessa dagana er hún aðallega að einbeita sér að nýju plötunni sinni,“ sagði Mitch Winehouse. Mitch sagði jafnframt að Amy væri að reyna að draga úr eiturlyfjanotkun sinni og vonaðist hann til að Blake geri slíkt hið sama. „Ef Blake tekur sig á, sem ég er viss um að hann geri, þá munu hann og Amy eiga gott líf saman og við getum þá fyrst notið þess að vera fjölskylda.“ Þegar Mitch og kona hans, Janis, voru spurð hvernig þeim litist á vaxstyttuna af dóttur sinni slógu þau á létta strengi og sögðust ætla að taka þessa Amy með heim og skila hinni.



**AMY KOMIN Á MADAME TUSSAUDS** Amy Winehouse og Blake eiginmaður hennar geta orðið ánægð í framtíðinni ef þau hætta neyslu. NORDICPHOTOS/GETTY

# P Diddy biður sér konu

**Rapparinn P Diddy er á leið upp að altarinu bráðlega, en hann bað kærustu sinnar fyrir stuttu. Diddy og söngkonan Cassandra Ventura kynntust árið 2006 þegar útgáfufyrirtæki Diddys tók að sér að gefa út tónlist Ventura. „Diddy hefur beðið alla um að þegja um trúlofunina því hann vildi að nánasta fjölskylda fengi að heyra fréttirnar fyrst. Þau hafa ekki ákveðið dagsetningu að svo stöddu en þau eru bæði mjög ánægð og spennt,“ sagði heimildarmaður. Diddy er sautján árum eldri en Ventura en hann var með Kim nokkurri Porter í heil tíu ár og á með henni tvíburadætur.**



# Jeff Who? tekur upp

Jeff Who? eru í hljóðveri þessa dagana. „Það gengur vonum framar. Þetta verður bara geðveik plata, ég held það. Ég er náttúrlega engan veginn hlutlaus en ég held að við séum allir í skýjunum hérna. Það er bara búið að taka upp trommurnar og við erum strax farnir að brosa. Það veitir nú á gott,“ segir Elís Pétursson bassaleikari. „Við erum hérna með honum Axel Árnasyni, hann er að taka okkur upp. Hann er algjör galdramaður á tökkunum.“ Stefnt er á að klára upptökur í lok ágúst og gefa út sem fyrst. „Ég held að það sé bara sami gamli frasinn, bara fyrir Airwaves, þá kemur platan. Það þýðir ekkert annað. Airwaves er ákveðinn hornsteinn sem maður lítur ekki framhjá. Svo er þetta auðvitað tengt jólasölunni. Þú gefur ekki út plötu í desember ef þú ætlar að komast inn í hana.“ Smekkleysa gefur út, eins og með síðustu plötu sveitarinnar. Elís segir ekki miklar breytingar í vændum hvað varðar tónlistina. „Við erum enn samkvæmir sjálfum okkur en færum aðeins út kvíarnar í öllu, allt frá lögum, til spilamennsku, til útsetninga.“ Þeir hafa verið lengi að semja nýtt efni. „Það er óhætt að segja það. Síðasta platan okkar kom út 2005 og við höfum verið að semja síðan þá. Svo hafa verið mannabreytingar. Það kom þarna smá tímabil þar sem við þurftum aðeins að anda. En núna erum við búnir að koma þessu öllu á hreint og ætlum bara að kýla á þetta.“ - kbs



**JEFF WHO? Í STÚDÍÓI** Axel Árnason upptökumaður, fremst á myndinni, sér um að taka upp nýja plötu Jeffaranna. Frá vinstri eru þeir Elli, Baddi og Valdi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






**SIGUR RÓS** Spila á rúmlega fimmtíu tónleikum á næstu mánuðum. Þeir eru bókaðir í Evrópu, Bandaríkjunum og Asíu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Meira rokk en ég bjóst við

**Sigur Rós eru á miðjum túr að kynna nýju plötuna sína. Það eru rúmlega fimmtíu tónleikar bókaðir fram í nóvember og hljómsveitin fer um allan heim, vítt og breitt um Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu.**

Það eru mörg „afleidd störf“ af tónlistarbauki strákanna í Sigur Rós. Alls taka 34 manns þátt í farandsýningu sveitarinnar, tæknimenn, rótarar og bílstjórar á tveimur rútum og 40 feta flutningabíl. Níu íslenskir hljóðfæraleikarar taka þátt í tónlistarflutningnum með fjórmenningunum. Þá eru þrír íslenskir rótarar, en restin af starfsliðinu eru útlendingar. Silli Geirdal er einn íslensku rótaranna og hefur starfað fyrir Sigur Rós síðan árið 2006.

„Það er satt að segja miklu meira rokk á þessum túrum með Sigur Rós en ég bjóst við,“ segir Silli sem þvertekur fyrir að allir séu sídrekkandi róandi te og horfandi á heimildarþætti um íslensku öræfin. „En það er auðvitað misjafnt hversu stíft menn taka á, það fer svona eftir efnum og aðstæðum bara.“

Það er engin stéttaskipting á túrum Sigur Rósar og Jónsi og félagar fara ekki á Saga class á meðan hinir fara í almennt farrými. „Nei, þeir eru mjög meðvitaðir um það að setja sig ekki á háan hest. Það ferðast allir eins og gista á sömu hótelunum. Það er enginn kokkur með í ferðunum. Staðirnir skaffa annaðhvort einhvern til að kokka ofan í okkur eða við fáum bara pening og þurfum að redda okkur sjálf.“

Silli segir tónleikaferðirnar mikil ævintýri, en biðirnar geta verið langar – „Þetta gengur mikið út á „hurry up and wait“. Maður er kannski að frá átta á morgnana til hádegis en eftir það er kannski bið til níu, eða til miðnættis ef bandið er að spila á hátíðum. Stundum koma svo frídagar og þá reynir maður að skoða það sem er markverðast á staðnum.“

Sigur Rós hefur verið í fantaformi það sem af er túri. „Bandið er náttúrlega orðið alveg magnað eftir alla þessa spilamennsku. Svo eru þeir orðnir vanir að spila fyrir stór „kráð“. Á festivölum eru þeir kannski að spila fyrir 20-30 þúsund manns en á sínum eigin tónleikum eru þeir að spila fyrir þetta 2500 og upp í 8000 manns. Þeir voru aðeins feimnari einu sinni, skilst mér.“

Næsti „leggur“ í heimsyfirreið Sigur Rósar eru þrennir tónleikar í Ástralíu nú í vikunni. „Þetta er í fyrsta skipti sem ég kem þangað en því miður verður enginn tími til að skoða sig um. Það verður bara lent, spilað og flogið af stað aftur og beinustu leið til Noregs. Það ætti að verða mjög hressandi ferðalag.“

gunnarh@frettabladid.is



**ALLIR ERU Á SAMA FARRÝMI Á TÓNLEIKAFERÐUM SIGUR RÓSAR** Silli Geirdal er einn þriggja Íslendinga sem róta fyrir Sigur Rós.





| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu | | |
|---|---|---|
| THE STRANGERS | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| HELLBOY 2 | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 3 - 5.30D - 8D - 10.30D | L |
| MAMMA MIA LÚXUS | kl. 3 - 5.30D - 8D - 10.30D | L |
| MEET DAVE | kl. 1 - 3.45 | 7 |
| HANCOCK | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| KUNG FU PANDA ÍSL. TAL | kl. 1 - 3.45D | L |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu | | |
|---|---|---|
| THE DARK KNIGHT | kl. 3 - 6 - 9 | 12 |
| HELLBOY 2 | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| SEX AND THE CITY | kl. 3 - 6 - 9 | 14 |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ | | |
|---|---|---|
| THE STRANGERS | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| HANCOCK | kl. 4 - 10.20 | 12 |
| MEET DAVE | kl. 3.30 - 5.50 - 8 | 7 |
| BIG STAN | kl. 3.30 - 5.50 - 8 | 12 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 10.10 | 12 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu | | |
|---|---|---|
| THE STRANGERS | kl. 8 - 10 | 16 |
| HELLBOY 2 | kl. 3.50 - 6 - 10.10 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 3.50 - 6 - 8 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR




| LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| THE DARK KNIGHT | kl. 1, 4, 7 og 10-POWER | 12 |
| HELLBOY 2 | kl. 5.40, 8 og 10.15 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 1.20, 3.30, 5.50, 8 og 10.15 | L |
| KUNG FU PANDA - ÍSL. TAL | kl. 2 og 4 | L |




| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT | kl. 2 - 5 - 8 - 11:10 | 12 |
| DARK KNIGHT | kl. 2 - 5 - 8 - 11:10 | VIP |
| MAMMA MÍA | kl. 1:30 - 3:40 - 6 - 8:20 | L |
| DECEPTION | kl. 8 - 11:10 | 14 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| KUNG FU PANDA m/ensku tali | kl. 6 - 8 - 10:10 | L |
| WANTED | kl. 11:10 | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 2 - 5 | 7 |

| KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT | kl. 2 - 5 - 8 - (11:10 Power) | 12 |
| DECEPTION | kl. 10:20 | 14 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 2D - 4D - 6D | L |
| WANTED | kl. 8 | 16 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5:30 | 12 |
| NARNIA 2 | kl. 2:30 | 7 |

| SELFOSS | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | 12 |
| MEET DAVE | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| MAMMA MÍA | kl. 8 | L |
| BIG STAN | kl. 10:20 | 12 |

| AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | 12 |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |
| KUNG FU PANDA m/ensku tali | kl. 8 | L |
| DECEPTION | kl. 10 | 12 |
| NARNIA 2 | kl. 5:40 | 7 |

| KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | 12 |
| HELLBOY 2 | kl. 10:20 | 12 |
| MAMMA MÍA | kl. 8 | L |
| KUNG FU PANDA m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |

UPPSELT ÖRFÁ SÆTI












## Latibær

**NÝ ÞÁTTARÖÐ AF VINSÆLASTA ÍSLENSKA BARNAEFNI**
**FYRR OG SÍÐAR HEFST Í ÁGÚST**

GLITNIR

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## >Atvik umferðarinnar

Guðjón Þórðarson fékk að taka pokann sinn hjá ÍA eftir brösugt gengi Skagaliðsins í sumar. ÍA jafnaði félagsmet sitt yfir stærsta tap í efstu deild þegar liðið tapaði gegn Breiðabliki 6-1 á Kópavogsvelli.

## >Ummæli umferðarinnar

„Ég var mjög heppinn í markinu því boltinn fór í varnarmann. Við vorum líka heppnir að fá þrjú stig en við erum mjög ánægðir með að fá loksins þrjú stig á heimavelli. Við þiggjum alltaf þrjú stig þótt við höfum ekki leikið sérstaklega vel,“ sagði hetja Grindvíkinga, Scott Ramsay.



sport

sport@frettabladid.is

**12. UMFERÐ LANDSBANKADEILDAR KARLA:** GUÐJÓN ÞÓRÐARSON REKINN FRÁ ÍA

# *Bjarga tvíburarnir ÍA á nýjan leik?*

12. umferðin hófst með fjörugum leik toppliðs Keflavíkur og Íslandsmeistara Vals. Leikurinn var hraður, skemmtanagildið mikið og bæði liðin sóttu til sigurs, en 1-1 jafntefli varð niðurstaðan.

FH-ingar nýttu tækifærið til þess að brúa bilið í toppbaráttunni með 4-0 sigri gegn botnliði HK sem fór illa að ráði sínu í leiknum og misnotaði fjölda góðra marktækifæra.

Botnbaráttulið ÍA lenti reyndar í talsvert verri málum og tapaði 6-1 gegn sprækum Blikum. Guðjón Þórðarson var rekinn í kjölfarið og Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir tóku við stjórnartaumnum upp á Skaga.

Framarar virðast hafa gott tak á Fylkismönnum í sumar og unnu þá 3-0 á Laugardalsvelli en fyrri leikur liðanna fór einmitt 0-3 á Árbæjarvelli.

Það var mikið fjör á Grafarvogsvelli þar sem Þróttur fór að lokum með 3-4 sigur af hólmi gegn Fjölni eftir að hafa lent tvisvar undir, í stöðunni 2-1 og 3-2, þá einum leikmanni færri.

Grindavík vann loksins sinn fyrsta heimasigur í sumar, 2-1, þegar KR kom í heimsókn en liðið hefur unnið fjóra útisigra. KR var að tapa sínum öðrum leik í röð.




## TÖLURNAR TALA

**Flest skot:** 22, KR
**Flest skot á mark:** 10, KR
**Fæst skot:** 2, Fylkir
**Hæsta meðaleink.:** 7,08 Breiðab.
**Lægsta meðaleink.:** 2,92 ÍA
**Grófasta liðið:** 20 brot, Keflavík
**Prúðasta liðið:** 6 brot, HK
**Flestir áhorf.:** Valur-Kefl., 1.353
**Fæstir áhorf.:** Fram-Fylkir, 512
**Áhorfendur alls:** 5.470

> **Besti dómarinn:** Jóhannes Valgeirsson fékk hæstu einkunn hjá Fréttablaðinu fyrir 12. umferð eða 8. En aðrir dómarar fengu 7 í einkunn fyrir leiki sína. Jóhannes dæmdi leik Breiðabliks og ÍA á Kópavogsvellinu.



**SÓKNARBOLTI** Heimir Guðjónsson, þjálfari FH-liðsins, býst við góðum leik á Skaganum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Heimir Guðjónsson hjá FH:

# Úrslitin ráðast ekki á töflum

**FÓTBOLTI** FH-ingar sækja Skagamenn heim í Landsbankadeild karla og geta með sigri náð toppsætinu af Keflavík, allavega tímabundið.

„Það eru alltaf baráttuleikir á Skaganum og ég á ekki von á því að það verði einhver breyting á því. Þegar það er skipt um þjálfara þá hugsa menn með sér að það geti allir sannað sig fyrir nýjum þjálfara og þá kemur oft nýtt blóð í þetta. Þetta verður því erfiður leikur,“ segir Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, sem er í nokkuð sérstakri stöðu því þjálfarar andstæðinga liðsins í dag, ÍA, ættu að þekkja öll leyndarmálin eftir að hafa setið alla taktíkfundi liðsins í sumar.

„Þeir vita alveg hvernig þetta er lagt upp en úrslitin hafa aldrei ráðist á töflum heldur á framlagi leikmanna inni á vellinum,“ segir Heimir sem býst við breytingum hjá Skagamönnum frá því í síðustu leikjum.

„Það verða örugglega áherslubreytingar. Þeir eru búnir að boða sóknarbolta og við spilum sóknarbolta líka þannig að þetta getur ekki orðið annað en góður leikur,“ segir Heimir. **- óój**

# Eigum helling af strákum á lager

## Breiðablik sýndi allar sínar bestu hliðar þegar liðið skellti ÍA, 6-1, á Kópavogsvelli í Landsbankadeildinni á dögunum. Blikinn Marel Baldvinsson stjórnaði sýningunni og er maður 12. umferðar hjá Fréttablaðinu.

**FÓTBOLTI** Marel gekk ekki heill til skógar í upphafi móts þar sem hann átti við meiðsli að stríða á undirbúningstímabilinu en framherjinn er óðum að komast í sitt gamla form. Marel fór mikinn gegn ÍA í 12. umferð og lagði upp þrjú af sex mörkum Blikanna í leiknum.

„ÍA er búið að vera að strögla en það var ekkert í spilunum sem benti til þess að við myndum rúlla þeim eitthvað upp, eins og raunin síðan varð. Ég neita því ekki að það var gaman að spila þennan leik, þar sem allt liðið átti góðan dag og við gáfum Skagamönnum ekki neitt í leiknum,“ segir Marel sem fagnar nýtilkomnum stöðugleika í Blikaliðinu.

„Við erum á góðu róli eins og er og virðumst vera komnir með smá stöðugleika í okkar leik og þetta lítur betur út núna en nokkurn tímann áður, alla vega síðan ég man eftir mér hjá Blikum. Það heldur vonandi áfram og ég trúi ekki að menn séu orðnir sáttir og vilji ekki meira, eftir að hafa unnið nokkra leiki í röð,“ segir Marel.

### Ekki spurt um aldur

Marel tekur undir með blaðamanni um að þjálfarinn Ólafur H. Kristjánsson sé búinn að finna skemmtilega blöndu af eldri og yngri leikmönnum hjá Breiðabliki sem nái vel saman, en telur þó að aldurinn sé algjört aukaatriði í því samhengi.

„Í fyrsta lagi er mikil fótboltaleg geta til staðar hjá leikmönnum liðsins og hún er undirstaða þessa góða árangurs undanfarið. Þar er ekki spurt að aldri eða frá hvaða landi menn koma,“ segir Marel sem kvaðst þó vissulega vera ánægður með þá ungu leikmenn liðsins sem hafa virkilega stigið fram í sumar.



**Á FLUGI** Marel hefur leikið frábærlega fyrir Blikana upp á síðkastið og er óðum að nálgast sitt gamla form. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það er náttúrulega frábært að sjá alla þessa ungu stráka stimpla sig inn í Blikaliðið og Landsbankadeildina eins og þeir hafa gert og við eigum enn helling af ungum strákum á lager, sem hafa burði til þess að gera svipaða hluti. Það er nóg af efnivið og það er gaman að fylgjast með því,“ segir Marel sem er einn reyndasti leikmaður liðsins þrátt fyrir að vera tæplega 28 ára gamall.

„Jú, ég er orðinn gamli karlinn í liðinu. En það hjálpar vissulega til að hafa einn töluvert eldri, einn eldgamlan,“ segir Marel og átti þar við reynsluboltann Arnar Grétarsson.

### Óli sáttur með mottuna

„Það er frábær mórall í liðinu og leikmenn liðsins eru góðir félagar og ná vel saman og það hjálpar auðvitað til. Síðan hafa leikmenn og þjálfarar verið duglegir að heita á leiki liðsins,“ segir Marel.

„Gott gengi undanfarið hefur haft það í för með sér að þjálfararnir hafa þurft að fara í sjósund í Nauthólsvík og Óli þjálfari er búinn að þurfa að safna í myndarlegt yfirvaraskegg. Það er bara verst hvað Óli er ánægður með mottuna og hann baðar sig í þessu alsæll og ég held að við þurfum að finna eitthvað nýtt fyrir hann.“

Blikar mæta næst Þrótti í deildinni en liðið hefur nú unnið fimm leiki í röð í deild og bikar. Blikar gerðu 0-0 jafntefli við Þrótt í fyrri umferðinni og Þróttur er eina liðið í Landsbankadeild karla sem Blikar hafa ekki náð að skora hjá á þessu tímabili. **omar@frettabladid.is**



**HVAÐ EIGUM VIÐ AÐ GERA** Arnar og Bjarki spá í spilin. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir stjórna sínum fyrsta leik í kvöld þegar ÍA mætir FH:

# Þetta er búin að vera fín vika

**FÓTBOLTI** Akurnesingar fjölmenna væntanlega á Jaðarsbakka í kvöld þegar Skagamenn taka á móti FH í Landsbankadeildinni. Tvíburarnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir eru komnir heim og stjórna sínum fyrsta leik. Þeir fá verðugt verkefni, að reyna að snúa við slæmu gengi Skagaliðsins.

Skagamenn hafa tapað fjórum leikjum í röð, hafa aðeins náð í þrjú stig og skorað fjögur mörk í síðustu sjö deildarleikjum og unnu síðast 20. maí eða fyrir rúmum tveimur mánuðum.

„Ég get ekki séð annað en að menn hlakki bara til,“ segir Arnar og segir að þeim bræðrum hafi tekist að rífa menn upp eftir stórtapið á móti Blikum.

„Mér sýnist það að menn séu ekki að dvelja í fortíðinni. Þetta hefur verið fín vika, við höfum fengið fjórar æfingar og þær hafa farið í það að stilla ýmsa hluti. Það verða breytingar aðallega á leikstíl en við breytum eitthvað liðinu. Það er náttúrlega sami kjarni fyrir í liðinu og við ætlum ekki að skipta um allt liðið,“ segir Arnar.

„Við ættum að þekkja FH manna best en þeir eru með hörku lið. Það eru ekki margir veikleikar í því liði. Svona gott lið eins og FH kann þetta bara, að aðlagast bara leiknum,“ segir Arnar aðsurður hvort hann og Bjarki þekki ekki leikstíl og áherslur FH-liðsins út og inn.

Allt í einu verða mikil fagnaðarlæti í kringum Arnar. „Ég er hérna uppi á Skaga og annar flokkurinn er að spila og þeir voru að skora. Þetta er allt á uppleið,“ segir Arnar í léttum tón en þeir bræður hafa látið það koma vel fram að þeir ætli að gefa ungum strákum tækifæri.

„Bæjarbúar og stemning í bænum er þannig að það kunna allir vel að meta að sjá ungu strákana spila,“ segir Arnar og bætir við: „Ég held að það verði vel mætt á leikinn því það er nú alltaf þannig að þegar nýir menn koma inn þá kemur auka bjartsýni með. Menn upplifa þetta aðeins eins og nýtt tímabil sé að byrja og þannig á þetta líka að vera,“ segir Arnar.

„Við höfum oft séð þetta á okkar ferli að það taka nýir menn við og það kemur smá innspýting en það má ekki duga bara fyrstu fimm mínúturnar í leiknum því það verður að duga allt tímabilið,“ segir Arnar.

Hann segir að þá sé bara gott að fá svona sterkt lið í fyrsta leik.

„Ég held að það sé bara betra að mæta FH í fyrsta leik í staðinn fyrir að mæta einhverju liði sem er ekki eins spennandi. Ef menn ná ekki að stemma sig upp fyrir svona leiki þá væri lítið sem við, Marcelo Lippi eða Alex Ferguson gætum gert,“ segir Arnar og það er greinilegt á öllu að hann og Bjarki ætla að nýta sér meðbyrinn frá fyrsta leik.

Leikur ÍA og FH hefst klukkan 19.15 á Akranesvelli. **- óój**



**33 DAGAR** Þetta er orðin löng bið hjá Grétari Hjartarsyni eftir fyrsta leiknum. VÍKURFRÉTTIR/ÞORGILS

Grétar Hjartarson, Grindavík:

## Byrjar á móti Val í kvöld

**FÓTBOLTI** Grétar Hjartarson fær loksins tækifæri til þess að klæðast Grindavíkurbúningnum þegar Grindavík tekur á móti Val í Landsbankadeildinni í kvöld.

Grétar skipti yfir úr KR 23. júní síðastliðinn en fékk ekki leikheimild fyrir 15. júlí. Hann mátti síðan ekki spila í leikjunum tveimur á móti KR þannig að eftir 33 daga bið er loksins komið að fyrsta leiknum.

„Þetta er búið að vera langt undirbúningstímabil eins og maður segir en það leikur á morgun (í dag) og ég má vera með. Ég er í toppformi, er ekki í leikæfingu en er með ágætis-reynslu þannig að þetta ætti að vera í lagi. Ég komst vel inn í þetta á þessum tíma,“ segir Grétar sem verður í byrjunarliðinu.

„Þetta verður hörkuleikur en ég hef fulla trú á því að við vinnum þá á morgun. Við erum búnir að spila mjög vel undanfarið enda erum við með mjög sterkt og spilandi lið. „Við getum unnið hvaða lið sem er,“ segir Grétar sem hlakkar til samstarfsins við Gabonbúann Gilles Mbang Ondo.

„Hann er hörkuleikmaður og sterkur senter. Ég hugsa að við eigum eftir að ná vel saman þarna frammi. Grindavík er líka að spila skemmtilegan fótbolta og ég held að ég eigi eftir að smella vel inn í þetta,“ segir Grétar spenntur fyrir leiknum í kvöld. -



**BÚIÐ Í SUMAR** Katrín Ómarsdóttir hefur leikið sinn síðasta leik með KR í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

KR-konan Katrín Ómarsdóttir:

## Ekki með gegn Blikum í dag

**FÓTBOLTI** KR sækir Breiðablik í Landsbankadeild kvenna í dag. KR er í harðri baráttu við Val um Íslandsmeistaratitilinn en liðið hefur orðið fyrir skakkaföllum fyrir þennan leik. Landsliðskonurnar Katrín Ómarsdóttir, Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir og Embla Grétarsdóttir verða ekki með. Ólína tekur út leikbann og Embla er meidd og Katrín meiddist síðan í bílslysi um síðustu helgi. Í gær var ljóst að hún yrði með í dag.

„Ég fór á æfingu í dag og í gær en þurfti alltaf að halda í öxlina á mér. Ég hefði gert það miklu verra ef að ég hefði spilað,“ sagði Katrín vonsvikin í gær.

Þetta hefði orðið síðasti leikur hennar í sumar en hún er á leiðinni út í skóla í Bandaríkjunum. „Ég held að þetta eigi eftir að lagast ef ég er ekkert að þjösnast á þessu. Ég fer út í næstu viku og byrja strax á undirbúningstímabili og ætla að reyna að vera tilbúin í það,“ segir Katrín.

Edda Garðarsdóttir hefði getað orðið fjórða landsliðskona KR til að missa af leiknum en hún er komin með fjögur gul spjöld. Edda tekur ekki út leikbannið fyrr en eftir fund aganefndarinnar á þriðjudaginn. „Sem betur fer,“ segir Katrín.

- óój

Fréttablaðið skoðar tölfræði yfir „unnin“ og „töpuð“ stig í Landsbankadeild karla í fyrstu tólf umferðunum:

# Nýliðarnir hafa aldrei gefist upp í sumar

**FÓTBOLTI** Nýliðarnir í Landsbankadeildinni, Þróttur, Grindavík og Fjölnir, leiða deildina í svokölluðum unnum stigum, það er stig fengin í leikjum þar sem liðið hefur lent undir. Topplið Keflvíkinga er aftur á móti það lið sem hefur tapað flestum stigum í leikjum þar sem liðið hefur verið yfir.

Þróttarar eru á toppnum yfir unnin stig en þeir hafa náð í 9 af 16 stigum sínum í leikjum sem þeir hafa lent undir. Þetta segir samt ekki alla söguna því í 4-4 jafntefli við FH lenti Þróttaraliðið þrisvar undir og liðið lenti síðan tvisvar undir í 3-2 útisigri á Fylki og 4-3 útisigri á Fjölni. Í þessari tölfræði fær liðið þó aðeins skráð unnin stig einu sinni fyrir leik sem liðið lendir undir þótt að liðið komi margoft til baka í sama leiknum.

Grindvíkingar hafa unnið sér inn sjö stig í leikjum sem þeir hafa lent undir og þau hafa öll komið í hús í síðustu þremur leikjum liðsins. Grindavík tryggði sér útisigur á ÍA og heimasigur á KR eftir að hafa lent 1-0 undir og gerði síðan 2-2 jafntefli við Þrótt eftir að hafa bæði lent 0-1 undir og komist 2-1 yfir.

Þriðju nýliðarnir sem hafa verið duglegir að koma til baka í sínum leikjum eru Fjölnismenn sem urðu þó að sætta sig við að „tapa“ þremur stigum í síðasta leik sínum sem var á móti Þrótti. Fjölnismenn hafa náð að vinna tvo leiki þar sem þeir hafa lent 0-1 undir. Sá fyrri var á móti KR á heimavelli en sá síðari á útivelli á móti Keflavík.

Topplið Keflavíkur hefur fengið 26 stig í sumar en hefur engu síður þurft að sætta sig við að horfa á eftir sjö stigum í leikjum þar sem Keflvíkingar hafa á einhverjum tímapunkti verið með forustuna. Keflavík tapaði 1-2 á móti Fjölni eftir að hafa komist í 1-0 og gerði síðan jafntefli við bæði Blika og Valsmenn á útivelli eftir að hafa verið yfir. Keflvíkingar voru þar af 2-0 yfir á móti Blikum en misstu leikinn niður í jafntefli.

Framarar eru sér á báti í þessari tölfræði því Safamýrarpiltar hafa hvorki unnið né tapað stigi sem þýðir að liðið hefur unnið alla leiki þar sem þeir hafa komist yfir en tapað öllum leikjum þar sem þeir hafa lent undir. KR-ingar hafa heldur ekki náð stigum út úr þeim leikjum þar sem þeir hafa lent undir. - óój



**MARKI FAGNAÐ** Þróttarar hafa sýnt mikinn karakter í sínum leikjum í sumar og margoft komið til baka eftir að hafa lent undir. Hér fagna þeir marki gegn Fylki í bikarnum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### FLEST "UNNIN" STIG:

| | |
|---|---|
| Þróttur | 9 stig (2 sigrar- 3 jafntefli) |
| Grindavík | 7 stig (2 sigrar- 1 jafntefli) |
| Fjölnir | 6 stig (2 sigrar) |
| HK | 4 stig (1 sigur- 1 jafntefli) |
| Keflavík | 3 stig (1 sigur) |
| Fylkir | 3 stig (1 sigur) |
| ÍA | 2 stig (2 jafntefli) |
| Valur | 1 stig (1 jafntefli) |
| FH | 1 stig (1 jafntefli) |
| Breiðabblik | 1 stig (1 jafntefli) |
| KR | 0 stig |
| Fram | 0 stig |

**Unnin stig** eru stig í þeim leikjum þar sem liðið lendir undir.

### FLEST "TÖPUÐ" STIG:

| | |
|---|---|
| Keflavík | 7 stig (1 tap - 2 jafntefli) |
| KR | 6 stig (2 töp) |
| FH | 5 stig (1 tap - 1 jafntefli) |
| ÍA | 5 stig (1 tap - 1 jafntefli) |
| HK | 5 stig (1 tap - 1 jafntefli) |
| Girndavík | 4 stig (2 jafntefli) |
| Þróttur | 4 stig (2 jafntefli) |
| Valur | 3 stig (1 tap) |
| Fylkir | 3 stig (1 tap) |
| Fjölnir | 3 stig (1 tap) |
| Breiðablik | 2 stig (1 jafntefli) |
| Fram | 0 stig |

**Töpuð stig** eru stig sem lið misstu af í þeim leikjum sem liðið var yfir.





**MIKIÐ FJÖR** Krakkarnir skemmtu sér vel í skemmtiboltanum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÁGÚST

Reycup aldrei fjölmennara:

## Úrslitaleikirnir fara fram í dag

**FÓTBOLTI** Knattspyrnuhátíðin ReyCup stendur nú sem hæst og í dag fara fram úrslitaleikir. Þetta er fjölmennasta Reycup-mótið til þessa en á mótinu keppa mörg erlend og fræg félög. Alls tóku 77 lið þátt í mótinu í ár og leikið er á níu völlum í Reykjavík og í Mosfellsbæ. Liðin koma frá öllu landinu og auk þess taka lið frá Frakklandi, Englandi, Þýskalandi, Svíþjóð og Danmörku þátt í ReyCup í ár.

Enska liðið Charlton er komið í úrslitaleik 3. flokks karla og mætir þar Keflavík. Í 3. flokki kvenna verður úrslitaleikurinn á milli Breiðabliks/Grindavíkur og LbB frá Malmö í Svíþjóð. Þýska liðið Hansa Rostock leikur til úrslita gegn danska liðinu Herfölge í 4. flokki karla. ReyCup er ekki bara keppni og alvara.

Skemmtiboltinn er alltaf vinsæll en þar er blandað saman í lið stelpum og strákum úr hinum ýmsu liðum og markmiðið er ekki að keppa, heldur að skemmta sér. Hann fór fram í gær en daginn áður var mikið sundlaugarpartí í Laugardalslauginni. - óój

Ólympíuleikarnir í Peking:

## Sundfólkið til Singapúr

**SUND** Átta sundmenn munu keppa fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikunum í Peking og til þess að venjast aðstæðum og tímamismuninum munu þau æfa í Singapúr næstu tvær vikurnar.

Sundfólkið hefur verið við strangar æfingar undanfarið og þá hefur hluti af hópnum verið við æfingar í Frakklandi. Hópurinn er nú kominn í æfingabúðir til Singapúr þar sem þau munu dvelja til 5. ágúst en þá fara þau til Peking.

Að þessu sinni telur hópurinn fjórar stúlkur og fjóra pilta en þau eru: Árni Már Árnason og Erla Dögg Haraldsdóttir úr Njarðvík, Hjörtur Már Reynisson og Ragnheiður Ragnarsdóttir úr KR, Jakob Jóhann Sveinsson og Sarah Blake Bateman úr Ægi, Sigrún Brá Sverrisdóttir úr Fjölni og Örn Arnarson úr SH. - óój

Eftirmálar slagsmálanna í WNBA-deildinni í körfubolta eru af ýmsum toga og snúast ekki bara um leikbönn:

# Sleit krossbönd við að stoppa slagsmál

**KÖRFUBOLTI** Bandaríska kvennakörfuboltadeildin tók á sig nýja mynd í vikunni þegar upp hófust slagsmál á spennuþrungnum lokamínútum leiks Detroit Shock og Los Angeles Sparks.

Aðstoðarþjálfari Detroit, gamli „slæmi strákurinn“ Rick Mahorn úr NBA-meistaraliði Detroit Pistins og tíu leikmenn voru dæmdir í leikbann. Það var Plenette Pierson, leikmaður Detroit Shock, sem átti upptökin að mati forsvarsmanna deildarinnar.

Eftirmálar slagsmálanna snerust þó ekki bara um leikbönn því þau höfðu áhrif á tvær skærustu stjörnur kvennakörfunnar í Bandaríkjunum, annars vegar Cheryl Ford, dóttur Karls Malone og einn besta miðherja deildarinnar, og hins vegar Nancy Lieberman.



**Í HJÓLASTÓL** Tímabilið er búið hjá Cheryl Ford eftir að hún sleit krossbönd í hægra hné við það að halda aftur af æstum félaga sínum. NORDICPHOTOS/GETTY

Pierson verður ekki aðeins í burtu í fjóra leiki því æðiskast hennar kostaði það að Cheryl Ford sleit krossbönd við það að reyna að halda aftur af henni. Ford verður því ekki meira með á tímabilinu en hún var með 10,1 stig og 8,7 fráköst að meðaltali í fyrstu 24 leikjunum. Ford er dóttir Karls Malone sem gerði garðinn frægan með Utah Jazz á sínum tíma í NBA-deildinni.

Fjórir leikmenn Detroit Shock voru í banni í næsta leik á eftir og aðeins átta leikmenn því á skýrslu. Shock-liðið leitaði því til Lieberman sem hefur verið bæði þjálfari og framkvæmdastjóri félagsins.

Nancy er nýorðin fimmtug og með því að spila fyrir Shock í umræddum tapleik á móti Houston bætti hún metið yfir elsta leikmann deildarinnar um ellefu ár en það átti hún sjálf þegar hún lék 39 ára og 54 daga gömul með Phoenix Mercury á fyrsta tímabili deildarinnar 1997. Lieberman lék í 9 mínútur og 14 sekúndur í leiknum, klikkaði á eina skoti sínu en gaf tvær stoðsendingar og tapaði tveimur boltum. -óój

# Kristbjörg Helga fyrst yfir 50 metrana

**Fyrri dagur Meistaramóts Íslands í frjálsum íþróttum fór fram í Laugardalnum í gær. Sveinn Elías Elíasson og Silja Úlfarsdóttir unnu bæði tvö gull í spretthlaupum og keppni í sleggjuskasti kvenna varð söguleg.**

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Sleggjukastkeppnin varð heldur betur söguleg á fyrri degi Meistaramóts Íslands í frjálsum í gær. Kristbjörg Helga Ingvarsdóttir tvíbætti og jafnaði síðan Íslandsmetið í greininni. Spretthlauparanir Silja Úlfarsdóttir og Sveinn Elías Elíasson urðu bæði tvöfaldir Íslandsmeistarar í einstaklingsgreinum og geta bætt við þriðja titlinum á morgun. Silja sem er á sínu kveðjumóti vann einnig sigur í 4 x 100 metra boðhlaupi í lokagreininni í gær.

Kristbjörg Helga Ingvarsdóttir úr FH varð í gær fyrsta íslenska konan til þess að kasta yfir fimmtíu metra í sleggjukasti þegar hún tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn og Íslandsmetið með frábærri kastseríu.

„Ég ætlaði að vera fyrst yfir fimmtíu metrana og bara að klára þetta. Ég er rosalega ánægð með þetta en ég er eigilega ekki ennþá alveg komin niður á jörðina,“ sagði Kristbjörg Helga kát þegar Íslandsmeistaratitilinn og Íslandsmetið var í höfn.

Kristbjörg átti frábæra kastseríu, byrjaði á að kasta 50,02 metra í fyrsta kasti og átti síðan þrjú önnur lengri köst þar af tvö nákvæmlega upp á 51,86 metra. Hún náði því að kasta fjórum sinnum yfir fimmtíu metra en því hafði engin kona náð fyrir daginn í gær.

„Það voru öll köstin mín yfir fimmtíu metra nema einhver tvö sem voru ógild. Mér finnst þetta mjög skrítið að hafa náð þessu. Seinna kastið upp á 51,86 fannst mér vera hundlélegt kast eins og það væri bara geðveikt stutt. Þá fann ég alveg að ég á meira inni og ég á eftir að kasta lengra,“ segir



**METKASTIÐ** Kristbjörg Helga Ingvarsdóttir sést hér setja nýtt Íslandsmet og kasta sleggjunni 51,86 metra. Hún fékk líka hamingjuóskir í kjölfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Kristbjörg sem segir það hafa skipt miklu máli að hafa náð fyrsta kastinu yfir fimmtíu metrana.

„Þá fór múrinn og ég vissi að ég gæti meira. Ég var komin með öryggiskast og setti þá allt á fulla ferð,“ segir Kristbjörg sem segir að fullt af fólki hafi mætt til þess að hvetja stelpurnar.

Aðalheiður María Vigfúsdóttir úr Breiðabliki kastaði einnig yfir fimmtíu metrana en hún átti kast upp á 51,25 m. Sandra Pétursdóttir sem átti Íslandsmetið fyrir daginn í gær varð hins vegar að sætta sig við að enda í þriðja sætinu og horfa á eftir bæði Íslandsmetinu og hinum tveimur yfir fimmtíu metrana.

Það var minni spenna í sleggjukasti karla þegar Ólympíufarinn Bergur Ingi Pétursson kastaði 72,94 metra sem er um einum og hálfum metra frá Íslandsmeti hans en rúmum 24 metrum lengra en næsti maður kastaði.



**SIGUR Í HÖFN** Sigubjörn Árni Arngrímsson vann 1500 metra hlaup karla. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Silja Úlfarsdóttir, FH og Sveinn Elías Elíasson unnu bæði 100 og 400 metra hlaupin og eiga bæði möguleika á að vinna 200 metra hlaupið í dag. Linda Björk Lárusdóttir úr Breiðabliki vann góðan sigur í 100 metra grindahlaupi, Stefán Guðmundsson úr Breiðabliki vann sigur í 3.000 metra hindrunarhlaupi með yfirburðum og Ólafur Guðmundsson úr HSÞ kom fyrstur í marki í 110 metra grindarhlaupi karla.

Hafdís Sigurðardóttir úr HSÞ vann langstökk kvenna, Kristinn Torfason úr FH vann langstökk karla, Jón Ásgrímsson úr FH vann spjótkast karla, Sigrún Fjeldsted Sveinsdóttir, FH vann spjótkast kvenna, Arndís Ýr Hafþórsdóttir úr Fjölni vann 1500 metra hlaup kvenna og Sigurbjörn Árni Arngrímsson úr HSÞ kom fyrstur í mark í karlaflokki í sömu grein. FH vann síðan 4 x 100 metra boðhlaupið hjá bæði körlum og konum.

ooj@frettabladid.is

## HÓPURINN

| | |
|---|---|
| Helena Sverrisdóttir | Haukar/TCU |
| 20 ára | 21 landsleikur - 310 stig |
| Hildur Sigurðardóttir | KR |
| 27 ára | 52 landsleikir - 287 stig |
| Ingibjörg Jakobsdóttir | Grindavík |
| 18 ára | 1 landsleikur |
| Jovana Lilja Stefánsdóttir | Grindavík |
| 23 ára | 2 landsleikir |
| Kristrún Sigurjónsdóttir | Haukar |
| 23 ára | 8 landsleikir - 25 stig |
| Margrét Kara Sturludóttir | Keflavík |
| 19 ára | 5 landsleikir - 8 stig |
| María Ben Erlingsdóttir | Keflavík/UTPA |
| 20 ára | 16 landsleikir - 39 stig |
| Pálína Gunnlaugsdóttir | Keflavík |
| 21 árs | 6 landsleikir - 14 stig |
| Petrúnella Skúladóttir | Grindavík |
| 23 ára | 6 landsleikir - 3 stig |
| Ragna Margrét Brynjarsdóttir | Haukar |
| 18 ára | Nýliði |
| Signý Hermannsdóttir | Valur |
| 29 ára | 44 landsleikir - 373 stig |
| Sigrún Sjöfn Ámundadóttir | KR |
| 20 ára | 3 landsleikir - 4 stig |

Ágúst Björgvinsson hefur valið tólf manna hóp fyrir Norðurlandamótið í Gentofte sem fer fram í ágúst:

# Það er mikill spenningur í stelpunum

**KÖRFUBOLTI** Ágúst Björgvinsson, þjálfari A-landsliðs kvenna, hefur valið tólf manna hóp fyrir Norðurlandamótið sem fer fram í Gentofte í Danmörku dagana 5. til 9. ágúst næstkomandi. Það er einn nýliði í íslenska hópnum, Haukastúlkan Ragna Margrét Brynjarsdóttir mun leika sína fyrstu landsleiki í Danmörku en hún var valin besti ungi leikmaður Iceland Express deildar kvenna á síðasta tímabili.

„Maður er að verða rosalega spenntur. Hópurinn kom fyrst saman í desember, svo aftur í apríl og byrjaði síðan að æfa á fullu í maí. Það er mikill spenningur í stelpunum því þær eru búnar að æfa svo mikið en spila lítið,“ segir Ágúst Björgvinsson.

„Þetta eru svipaðar þjóðir og við erum að fara að kljást við í Evrópukeppninni. Svíþjóð og Finnland eru sterkari þjóðirnar og svo eru Danmörk og Noregur þjóðir sem eru á svipuðum stað og við. Það er svipað eins í Evrópukeppninni þar sem Slóvenía og Holland ættu að vera sterkustu þjóðirnar í riðlinum, maður veit ekkert um Svartfjallaland en síðan ættu Írland og Sviss að vera svipuð í styrkleika og við,“ segir Ágúst. „Hópurinn var valinn um helgina og það var ótrúlega erfitt því að það eru nítján stelpur sem hafa verið að standa sig gríðarlega vel í sumar. Það eru einungis tólf sem komast í þessa ferð en það verða væntanlega einhverjar breytingar á milli leikja í Evrópukeppninni. Þar munu fleiri stelpur fá tækifæri,“ segir Ágúst en hann er að búa til framtíðarlið.

„Þetta er ótrúlega ungt lið og það eru einungis tveir leikmenn sem eru nálægt 50 landsleikjum. Annars eru þetta allt hálfgerðir kjúklingar þó svo að sumar séu komnar með mikla reynslu miðað við aldur. Þetta eru allt stelpur í kringum tvítugsaldurinn,“ segir Ágúst sem segist horfa meira á að leikmenn séu að bæta sig en hvernig stigin standa á töflunni.

„Það væri rosalega skemmtilegur plús að fara á Norðurlandamót og ná í pening hvaða litur sem væri á honum. Evrópukeppnin er tveggja ára dæmi og þar snýst þetta meira um langtímamarkmið. Við þurfum að reyna að vinna sem flesta leiki núna og þá sjáum við hvaða möguleika við höfum eftir ár. Aðalmarkmiðið í Evrópukeppninni er að eiga möguleika að fara upp næsta sumar. Það væri draumurinn að vera í þeirri stöðu og hafa ekki spilað sig út úr keppninni á fyrra árinu,“ segir Ágúst að lokum. - óój



**LEIKJAHÆST** Hildur Sigurðardóttir hefur leikið 52 landsleiki fyrir Íslands hönd. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**MUNAÐI SVO LITLU** Íslensku stelpurnar komust ekki í milliriðilinn á HM í Makedóníu.

20 ára landslið kvenna á HM:

## Sátu eftir með aðeins eitt tap

**HANDBOLTI** Íslenska 20 ára landsliðið í handbolta komst ekki áfram í milliriðil á HM í Makedóníu. Það varð ljóst í gær eftir að Þjóðverjar og Rúmenar unnu sína leiki.

Þjóðverjar, sem íslenska liðið vann, unnu riðilinn, Ungverjar urðu í 2. sæti og Rúmenar fóru síðan áfram á betri innbyrðisárangri á móti íslenska liðinu.

„Öll úrslitin í þessum riðli voru okkur óhagstæð. Við vinnum Þýskaland sem fer áfram með fullt hús og við gerum jafntefli við Ungverja sem fara líka áfram. Rúmenar fara áfram með tvö töp en við erum bara með eitt tap,“ segir Stefán Arnarsson, þjálfari liðsins.

„Auðvitað eru það vonbrigði að komast ekki áfram en þetta er engu að síður frábær árangur. Við náðum fimm æfingum, mættum aðfaranótt mánudags fyrir fyrsta leik á mánudegi. Við töpum aðeins einum leik og það hefðu bara einhver úrslit þurft að vera öðruvísi og þá hefðum við komist áfram. Það verður því að hrósa stelpunum fyrir hvað þær eru búnar að gera í þessu móti. Ef menn skoða mótherjana og hvernig við erum búin að spila þá er ekkert annað hægt,“ sagði Stefán en liðið keppir nú um 13. sætið og næstu leikir eru gegn Kasakstan (mánudag) og Angóla (þriðjudag).

„Við ætlum að reyna að halda áfram að spila vel og ná eins góðu sæti og við getum,“ sagði Stefán að lokum.

**- óój**

Eiður Smári Guðjohnsen:

## Spilaði fyrstu 45 mínúturnar

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen spilaði fyrri hálfleikinn í 5-1 sigri Barcelona á Dundee United í æfingaleik í Skotlandi í gær.

Eiður Smári fékk eitt ágætt færi en var skipt útaf í hálfleik í stöðunni 1-1. Argentínumaðurinn Lionel Messi kom inn á í hálfleik og skoraði þrennu í seinni hálfleik en hin mörkin skoruðu þeir Thierry Henry og Samuel Et´o en sá síðastnefndi kom einnig inn á í hálfleik.

Þetta var annar leikurinn undir stjórn Pep Guardiola en Barca vann 6-0 sigur á Hibernian í fyrsta leiknum þar sem Eiður Smári skoraði tvö mörk.

**- óój**

### STAÐAN Í GOLFINU

| | |
|---|---|
| **Karlar** | |
| 1. Heiðar Davíð Bragason,GR | 204 (-6) |
| 2. Björgvin Sigurbergsson,GK | 209 (-1) |
| 3. Ottó Sigurðsson, GR | 210 (Par) |
| 4. Sigmundur E. Máss.,GKG | 214 (+4) |
| 5. Kristján Þór Einarsson,GKJ | 215 (+5) |
| 5. Sigurpáll Geir Sveinss.,GKJ | 215 (+5) |
| 7. Örn Ævar Hjartarson GS | 216 (+6) |
| 8. Hjalti Atlason,GSE | 218 (+8) |
| 9. Axel Bóasson,GK | 219 (+9) |
| 9. Guðjón H. Hilmarss., GKG | 219(+9) |
| 9. Ólafur Björn Loftsson NK | 219 (+9) |
| 9. Hlynur Geir Hjartarson GK | 219 (+9) |
| **Konur** | |
| 1. Nína Björk Geirsd.,GKJ | 230 (+20) |
| 2. Helena Árnadóttir,GR | 231 (+21) |
| 3. Tinna Jóhannsdóttir,GK | 233 (+23) |
| 4. Eygló Myrra Óskarsd.,GO | 233 (+23) |
| 5. Ragnhildur Sigurðar., GR | 236 (+26) |
| 6. Ásta Birna Magnúsd.,GK | 237 (+27) |
| 7. Þórdís Geirsdóttir, GK | 238 (+28) |
| 8. Valdís Þóra Jónsd., GL | 241 (+31) |
| 9. Ragna Björk Ólafsd., GK | 245 (+35) |
| 10. Andrea Ásgrímsd., GA | 248 (+38) |

# Heiðar Davíð í stuði í Eyjarokinu

**Heiðar Davíð Bragason er í miklu stuði á Íslandsmótinu í höggleik í Eyjum en hann lék undir pari þriðja daginn í röð. Íslandsmeistarinn Nína Björk Geirsdóttir er með eins stigs forskot hjá konunum.**

**GOLF** Lokadagur Íslandsmótsins í golfi fer fram í dag og það er heldur meiri spenna hjá konunum en körlunum. Það er erfitt að spá fyrir um þróun mála enda veðrið í aðalhlutverki á glæsilegum velli þeirra Eyjamanna.

### Einstakur árangur hjá Heiðari

Heiðar Davíð Bragason hefur verið í miklu stuði á Íslandsmótinu í höggleik og stefnir óðflug að öðrum Íslandsmeistarataitli sínum en hann vann einnig árið 2005.

Heiðar Davíð hefur náð þeim einstaka árangri að leika fyrstu þrjá hringina undir pari og það þrátt fyrir að glíma við mikinn vind allan tímann. Heiðar Davíð er kominn með fimm högga forskot á Íslandsmeistarann Björgvin Sigurbergsson sem lék vel í gær og er á einu höggi undir pari samanlagt.

### Ekki hægt að gera betur

„Þetta hefur fallið mín megin það er óhætt að segja það,“ sagði Heiðar Davíð. „Ég held að það sé ekki hægt að gera mikið betur í þessu veðri,“ segir Heiðar sem var mjög yfirvegaður í gær.

„Ég er frekar rólegur og lít ekki á neina holu sem einhverja sóknarholu. Fuglarnir koma bara þegar púttin detta og fram að því er bara að halda boltanum í leik,“ segir Heiðar.

„Þetta er búið að vera ótrúlegur belgingur í þrjá daga og maður spilar þetta eftir tilfinningu, engu öðru. Það er voðalega erfitt að vera með eitthvað ægilegt leikplan því það fer bara eftir vindinum,” segir Heiðar Davíð.

Heiðar býst við harðri baráttu á lokahringnum þrátt fyrir að vera með gott forskot. „Björgvin var að spila mjög vel í dag og gerði lítið af mistökum. Ottó var líka að gera góða hluti þannig að þetta er ekkert búið og það er nóg eftir. Það verður bara að koma í ljós hvernig lokadagurinn spilast. Maður stillir bara upp á fyrsta teig og hugsar ekki um neitt annað. Ég hugsa bara um að vera þolinmóður og jákvæður því það er í raun ekkert hægt að ætlast til meira af sjálfum sér við þessar aðstæður,“ segir Heiðar.

### GR hefur ekki unnið í 23 ár

Heiðar Davíð gekk til liðs við GR í ár og á möguleika á að verða fyrsti GR-kylfingurinn til að verða Íslandsmeistari karla í 23 ár eða síðan að Sigurður Pétursson vann 1985 á Jaðarsvelli á Akureyri.

„Það er líka dálítið síðan að ég vann þennan titil. Ég spái ekkert í þetta og er ekki að hugsa um það þegar ég er úti á velli að spila. Ég ætla bara að reyna að halda mér á jörðinni og vera í núinu því það er alveg nógu erfitt,“ segir Heiðar.

Heimamaðurinn Hallgrímur Júlíusson úr GV lék vel í gær eða á 70 höggum en hann er aðeins 14 ára gamall. Hallgrímur komst í gegnum niðurskurðinni og er í 14. sæti fyrir lokadaginn.

### Nína tók toppsætið af Eygló

Íslandsmeistarinn frá því í fyrra, Nína Björk Geirsdóttir, er komin með eins höggs forystu eftir að hafa leikið á 76 höggum í gær en engin lék betur í gær.

Nína Björk tók forystusætið af hinni 16 ára gömlu Eygló Myrru Óskarsdóttur sem er í 3. til 4. sæti ásamt Tinnu Jóhannsdóttur úr Keili. Helena Árnadóttir er í öðru sæti einu höggi á eftir Nínu en tveimur höggum á undan þeim Tinnu og Eygló.



**FIMM HÖGG** Heiðar Davíð Brgason getur orðið fyrsti GR-ingurinn í 23 ár til að verða Íslandsmeistari karla. VÍKURFRÉTTIR/VALUR



**FRÁBÆR FRAMMISTAÐA** Heiðar Davíð Bragason og Björgvin Sigurbergsson léku báðir undir pari í rokinu í gær. VÍKURFRÉTTIR/VALUR

„Það var bara ágætt og ég er mjög sátt,“ sagði Nína eftir hringinn í gær. „Ég tek bara eitt högg í einu og eitt pútt í einu því það er ekki hægt annað í vindinum. Það sem skiptir máli er að hafa þolinmæðina í að klára þetta. Þetta getur orðið mjög snúið því það er kannski ein vindátt á teignum og önnur á flötinni. Svo þarf maður að reikna með vindinum í púttunum líka. Þetta er því mjög erfitt,“ segir Nína sem hefur spilað af miklu öryggi síðustu tvo daga.

### Góðar og slæmar holur

„Ég var ekki alveg nógu ánægð með fyrsta daginn en þetta var fínt bæði í dag og í gær. Það voru bæði lélegar og góðar holur en yfir höfuð gott,“ segir Nína og bætti við.

„Þetta var svolítið upp og ofan því ég var bæði að pútta vel og illa. Það skiptir að ég held mestu máli að ég náði að halda boltanum alltaf í leik og var að koma mér á þá staði sem ég vildi komast á. Ég er búin að vera að halda mér við leikskipulagið og það hefur bara gengið ágætlega,“ segir Nína sem kvartar ekki þó að hún sé komin sex mánuði á leið.

„Þetta er smá aukaálag og maður er þreyttur eftir daginn enda alveg vindbarin en annars líður mér bara vel. Þetta verður hörku spenna á morgun enda getur allt gerst á þessum velli og í þessum vindi. Það er ekkert gefið hérna,“ segir Nína sem var ekki búin að skoða spána en bjóst ekki við miklum breytingum á veðrinu.



**KOMIN Í FYRSTA SÆTIÐ** Nína Björk Geirsdóttir er að leika vel og er komin með eins högg forskot. VÍKURFRÉTTIR/VALUR

### Gerir ráð fyrir vindi áfram

„Ég geri ekki ráð fyrir öðru en það verði vindur áfram, hann er búinn að vera alla þrjá dagana og ég held að það eigi ekkert að fara að lægja,“ segir Nína.

Nína Björk verður með Helenu Árnadóttur og Tinnu Jóhannsdóttur í lokahollinu en það má segja að þar sé á ferðinni nýja kynslóðin hjá stelpunum. „Ég hlakka bara til á morgun og veit að þetta verður barátta út í eitt,“ sagði Nína.

Lokadagurinn verður örugglega æsispennandi en hann verður í beinni útsendingu á Stöð2 Sport og það verður fróðlegt að sjá hvort þau Heiðar og Nína nái að halda forustunni og tryggja sér annan Íslandsmeistaratitil.

**ooj@frettabladid.is**

Íslenska handboltalandsliðið er búið að tapa tveimur fyrstu leikjum sínum á æfingamótinu í Frakklandi:

# Við vorum mun betri en á móti Spáni

**HANDBOLTI** Íslenska handboltalandsliðið tapaði með þremur mörkum, 28-31, fyrir Frökkum á æfingamótinu í Strassbourg í Frakklandi í gær. Staðan var jöfn í hálfleik, 16-16, eftir að íslenska liðið hafði byrjað leikinn mjög vel.

„Það er margt jákvætt í þessum leik. Við erum að spila á heimavelli Frakka með franska dómara. Það sást vel í leiknum en ég sagði við strákana að það þýddi ekkert að rífast í þeim. Við vorum búnir að sjá dómgæsluna í leik Frakka og Egypta en hún var algjört bíó. Miðað við það þá vorum við mjög nálægt því að ná öðru stiginu. Við erum samt svekktir að vinna þetta ekki eða ná jafntefli,“ sagði Guðmundur Guðmundsson, landsliðsþjálfari eftir leikinn. Það þykir mörgum mjög furðulegt að Frakkarnir skuli ekki fá aðra en franska dómara til að dæma á mótinu og það er íslenski hópurinn ósáttur með. „Þetta herðir okkur bara,“ segir Guðmundur um þátt franska dómaraparsins í þessum leik.

„Það er sorglegt að í stöðunni 30-28 fáum við dauðafæri sem er varið. Ef að við hefðum fengið mark þá hefði þetta getað farið allavega,“ segir Guðmundur en íslenska liðið gafst aldrei upp og kom sér aftur inn í leikinn eftir slæma byrjun á seinni hálfleik.



**Á RÉTTRI LEIÐ** Guðmundur Guðmundsson, landsliðsþjálfari. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við vorum í basli þegar Óli var tekin úr umferð og við verðum að leysa það betur. Það tók okkur smá tíma að koma með réttu svörin. Við vorum að reyna ákveðna hluti en það er ágætt að fá þetta fram núna,“ segir Guðmundur en hann býst við að mótherjar íslenska liðsins muni reyna að klippa Ólaf Stefánsson út úr sóknarleik íslenska liðsins.

Íslenska liðið tapaði fyrsta leiknum á mótinu með sex marka mun á móti Spánverjum. „Þetta var miklu betra en á móti Spáni. Varnarleikurinn var á köflum mjög góður en mér fannst koma gloppur í hann og þá sérstaklega í fyrri hálfleik. Hann kom síðan vel upp í síðari hálfleik,“ segir Guðmundur.

Íslenska liðið mætir Egyptum í lokaleiknum á mótinu klukkan 12. 30 í beinni útsendingu í Sjónvarpinu í dag.

„Nú fáum við að spila við Egypta sem eru með okkur í riðli. Það er voðalega erfitt að fela eitthvað og það þýðir ekkert. Við getum alveg sagt að liðið sé á réttri leið. Við vorum mjög þreyttir á móti Spáni en vorum mun betri í þessum leik,“ sagði Guðmundur að lokum.

**- óój**

**Mörk Íslands:** Snorri Steinn Guðjónsson 8/5, Ólafur Stefánsson 5, Logi Geirsson 4, Alexander Petersson 3, Sigfús Sigurðsson 3, Róbert Gunnarsson 2, Guðjón Valur Sigurðsson 1, Ásgeir Örn Hallgrímsson 1.

> **Paul Giamatti**

„Mér líkar það vel að leika fólk sem er lítilfjörlegt og óspennandi. Það gefur til kynna að það sé eitthvað meira á bak við það.“ Giamatti leikur í myndinni „Lady in the Water“ sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON REYNIR AÐ SKILJA HOLLYWOOD

# *Stórfenglegt líf Kimoru Simmons*

Í síðustu viku tókst fjarstýringunni minni að rata á mjög svo dularfullan sjónvarpsþátt á Skjá einum. Hann er titlaður „Kimora: Life in the Fab Lane“ og það sem vakti aðallega forvitni mína var að ég hafði ekki hugmynd um hver þessi snoppufríða kona var. Ég er að vísu mjög ódugleg að fylgjast með slúðurfréttum af frægu fólki og hætti að skoða Hello árið 1987, þannig að það er kannski ekkert skrýtið að þessi kvensnift sem var víst einu sinni fræg fyrirsæta og einu sinni gift rapp-mógúlnum Russel Simmons hafi farið framhjá mér. Þátturinn var algjörlega absúrd og það er mér hulin ráðgáta af hverju frægt fólk vill yfirleitt láta gera um sig raunveruleikaþátt og koma svona illa út úr honum. Kimora býr í risastóru viðbjóðslegu húsi sem lítur út eins og Donatella Versace og Carmela Soprano hafi innréttað



það. Hún á tvær dætur sem eru fjögurra og sex ára og þær eru keyrðar í andlits- og fótsnyrtingu af einkabílstjóra og tala um kærastana sína í gsm-síma. Kimora æpir í sífellu á aðstoðarkonur og -menn og ein setningin sem sat eftir hjá mér var „Don't make me bust a nail file on you!“ sem ég ætla að nota við gott tækifæri. Svo fær hún sér nýjan sportbíl og keyrir um hverfið í bikiníi, leigir þyrlu til að skoða nærliggjandi hverfi þar sem hún ætlar að kaupa nýtt hús innan þriggja daga („ég verð að hafa tólf svefnherbergi fyrir allt hárgreiðslufólkið og aðstoðarmanneskjurnar“) og hræðir líftóruna úr barnfóstrunni með eftirfarandi orðum: „Þegar ég kem heim þá verða stelpurnar að segja mér að þær hafi átt frábæran dag, annars …“ Hvaða kona myndi ekki vilja lifa svona „fab“ lífi eins og Kimora?

## EKKI MISSA AF



▶ **14.00** Íslandsmót í hestaíþróttum Beint — SJÓNVARPIÐ



▶ **15.00** Íslandsmótið í golfi — STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.35** Life Begins — STÖÐ 2



▶ **20.00** Pussycat Dolls Present Girlicious — STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.40** Are You Smarter than a 5th Grader? — SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Í næturgarði, Pósturinn Páll, Friðþjófur forvitni, Nýi skólinn keisarans, Sígildar teiknimyndir, Finni kostur, Fræknir ferðalangar og Sigga ligga lá.

**10.37 Pabbi lögga** (3:3) (e)

**11.05 Aþena** (Athens) (2:2) (e)

**12.00 Landsleikur í handbolta** Bein útsending frá leik Íslands og Egyptalands í handbolta karla.

▶**14.00 Íslandsmótið í hestaíþróttum** Bein útsending frá lokakeppnisdegi Íslandsmótsins í hestaíþróttum.

**16.00 Landsleikur í handbolta** Frakkland - Spánn.

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Slökkviliðsmenn** (e)

**17.45 Skoppa og Skrítla út um hvippinn og hvappinn** (6:12) (e)

**18.00 Stundin okkar** (e)

**18.30 Á flakki um Norðurlönd** (3:8)

**19.00 Fréttir**

**19.35 Veður**

**19.40 Út og suður** Viðmælandi Gísla Einarssonar að þessu sinni er Hildur Anna Björnsdóttir á Grjótnesi á Melrakkasléttu.

**20.10 Dresden** (Dresden) (2:2)

**21.40 Scissor Sisters** Sýnt frá tónleikum sem haldnir voru í O2 höllinni í London.

**22.35 Síðasta lífveran** (Ruang rak noi nid mahasan) Taílensk bíómynd frá 2003. Dularfullur Japani í sjálfsvígshugleiðingum kynnist taílenskri konu eftir að sorgaratburður leiðir þau saman.

**00.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Fun With Dick and Jane**

**10.00 Ella Enchanted**

**12.00 Nanny McPhee**

**14.00 Fun With Dick and Jane**

**16.00 Ella Enchanted**

**18.00 Nanny McPhee**

**20.00 Lady in the Water** Nútímadraugasaga um húsvörðinn Cleveland Heep sem bjargar ungri konu úr sundlauginni sem er í raun persóna í draugasögu og þarf að komast aftur heim. Aðalhlutverk: Paul Giamatti.

**22.00 The 40 Year Old Virgin**

**00.00 Perfect Strangers**

**02.00 Prophecy II**

**04.00 The 40 Year Old Virgin**

**06.00 Big Momma's House 2**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Barney og vinir, Ofurhundurinn Krypto og Fífí.

**08.00 Algjör Sveppi**

**09.30 Tommi og Jenni**

**09.55 Kalli litli kanína og vinir**

**10.20 Stóra teiknimyndastundin**

**10.45 Ævintýri Juniper Lee**

**11.10 Bratz**

**11.35 Stuðboltastelpurnar**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.30 Neighbours**

**12.50 Neighbours**

**13.10 Neighbours**

**13.30 Neighbours**

**13.50 Neighbours**

**14.15 Monk (6:16)**

**15.00 Flipping Out** (1:7)

**15.45 Creature Comforts** (1:7)

**16.10 Beauty and the Geek** (1:13)

**16.55 60 minutes**

**17.45 Oprah**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.49 Íþróttir**

**18.55 Veður**

**19.10 Derren Brown - Hugarbrellur** (5:6) Derren Brown heldur áfram að beita fórnarlömb sín hugarbrellum og sýna fram á að vegir hugarins eru órannsakanlegir.

▶**19.35 Life Begins** (5:6) Þættir sem fjalla á ljúfsáran og gamansaman hátt um líf Maggie Mee og fjölskyldu hennar.

**20.25 Monk** (15:16) Monk aðstoðar lögregluna við lausn allra sérkennilegustu sakamála sem flest hver eru æði kómísk þótt glæpir séu auðvitað alltaf dauðans alvara.

**21.10 Women's Murder Club** (6:13) Fjórar perluvinkonur sem allar vinna við morðrannsóknir. Ein er rannsóknarlögregla, önnur saksóknari, þriðja dánardómstjóri og sú fjórða er rannsóknarblaðakona.

**21.55 The Riches** (7:7)

**22.40 Wire** (6:13)

**23.40 Cashmere Mafia** (6:7)

**00.25 Canterbury's Law** (2:6)

**01.10 The Girl With a Pearl Earring**

**02.45 Monk** (15:16)

**03.30 Women's Murder Club** (6:13)

**04.15 The Riches** (7:7)

**05.00 Life Begins** (5:6)

**05.45 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**09.00 Íslandsmótið í golfi 2008** Útsending frá Íslandsmótinu í golfi.

**12.00 Box** Miguel Cotto - Antonio Margarito

**13.30 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð í þessum magnaða þætti.

**14.30 Inside the PGA** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.

▶**15.00 Íslandsmótið í golfi 2008** Bein útsending frá lokadeginum á Íslandsmótinu í golfi.

**19.00 PGA mótaröðin** Bein útsending frá Canadian Open en mótið er hluti af PGA mótaröðinni.

**22.00 F1. Við endamarkið** Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin. Farið verður yfir helstu mál líðandi keppni og þau krufin til mergjar.

**22.40 Íslandsmótið í golfi 2008** Útsending frá Íslandsmótinu í golfi.

## SPORT 2

**17.10 PL Classic Matches** Man Utd - Leeds, 98/99. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**17.40 Bestu leikirnir** Reading - Liverpool.

**19.20 PL Classic Matches** Manchester Utd - Wimbledon, 98/99. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**19.50 Vodacom Challange í Suður Afríku** Útsending frá úrslitaleiknum í Vodacom Challange í Suður Afríku þar sem Man. Utd leikur til úrslita.

**21.30 10 Bestu - Atli Eðvaldsson** Níundi og næst síðasti þátturinn í þessari mögnuðu þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar. Að þessu sinni verður ferill Atla Eðvaldssonar skoðaður í bak og fyrir.

**22.20 Bestu leikirnir** Fulham - Arsenal

## SKJÁREINN

**10.10 Vörutorg**

**11.10 MotoGP - Hápunktar** Sýndar svipmyndir frá síðustu keppni í MotoGP.

**12.10 Dr. Phil** (e)

**15.55 The Real Housewives of Orange County** (e)

**16.45 The Biggest Loser** (e)

**17.35 Britain's Next Top Model** Bresk raunveruleikasería þar sem leitað er að efnilegum fyrirsætum. (e)

**18.25 Design Star** Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna snilli sína. (e)

**19.15 The IT Crowd** Jen reynir að útskýra fyrir tölvunördunum hvers vegna hún sé með skapsveiflur á vissum tíma í hverjum mánuði. Moss og Roy sýna svipuð einkenni með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. (e)

**19.40 Top Gear - Best of** Bílaþáttur með vandaða og óháða gagnrýni um allt tengt bílum og öðrum ökutækjum, skemmtilega dagskrárliði og áhugaverðar umfjallanir.

▶**20.40 Are You Smarter than a 5th Grader** Bráðskemmtilegur spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna. Spurningarnar eru teknar úr skólabókum grunnskólabarna en þær geta vafist fyrir þeim fullorðnu.

**21.30 Winning Season** Sjónvarpsmynd frá árinu 2004. Myndin fjallar um ungan mann, Joe Soshack, sem finnur gamalt hafnaboltaspil sem býr yfir töframætti og hann flyst aftur í tímann til ársins 1909 þegar Honus Wagner var helsta hetjan í hafnaboltanum.

**23.00 Heart of Fire** Dramatísk sjónvarpsmynd frá 1997 sem byggð á sönnum atburðum. Það komst í heimsfréttirnar árið 1990 þegar slökkviliðsmaðurinn Royd Kennedy vann mikla hetjudáð þegar hann skreið undir olíutrukk sem stóð í ljósum logum til að bjarga ungri stúlku sem var föst í eldhafinu. Aðalhlutverkið leikur Patrick Duffy.

**00.30 Sexual Healing** (e)

**01.20 Vörutorg**

**02.20 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

**18.45 Gönguleiðir** Fyrsti þáttur í 12 þátta seríu „Lónsöræfi“ Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.45 daginn eftir.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Zúúber snýr aftur!

www.fm957.is




Búðu þig undir að vakna klukkan sjö mánudaginn 28. júlí.

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.55

**The Riches - Lokaþáttur**



Það er komið að lokaþætti. Samband Wayne og Dahliu verður stöðugt stirðara á meðan samband Di Di og Ike blómstrar. Samningnum um Bayou-hæðirnar er stefnt í hættu vegna svikullar hegðunar á byggingasvæðinu. Leikkonan Minnie Driver var tilnefnd bæði til Golden Globe- og Emmy-verðlaunanna fyrir hlutverk sitt sem Dahlia í fyrstu þáttaröðinni.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**Ísland - Egyptaland Beint**
**Sjónvarpið kl. 12.00**

Íslenska handboltalandsliðið mætir Egyptum í síðasta æfingaleiknum sínum áður en liðið flytur sig yfir til Peking. Þetta er lokaleikurinn á æfingamótinu í Strassbourg í Frakklandi. Það er mikilvægt fyrir strákana að taka sigur með sér í veganesti fyrir átökin á Ólympíuleikunum í næsta mánuði.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**07.05** Morgunandakt
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Tónlistargrúsk
**09.03** Framtíð lýðræðis
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Þættir úr sögu tvífarans
**11.00** Guðsþjónusta í Hallgrímskirkju
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Listin og landafræðin
**14.00** Loftbelgur
**14.30** Lostafulli listræninginn
**15.00** Flækingur
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Saga til næsta bæjar
**19.00** Óskastundin
**19.40** Af minnisstæðu fólki
**20.00** Leynifélagið
**20.25** Kvikmyndatónskáld tuttugustu aldar
**21.10** Frá Orkneyjum og Hjaltlandi
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Umhverfis jörðina
**23.10** Andrarímur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðþjóður

## 2 EXTRA

**15.00 Hollyoaks**
**15.25 Hollyoaks**
**15.50 Hollyoaks**
**16.15 Hollyoaks**
**16.40 Hollyoaks**
**18.00 Seinfeld** (2:13)
**18.30 Seinfeld** (3:13)
**19.00 Seinfeld** (1:24)
**19.30 Seinfeld** (2:24)

**20.00 Pussycat Dolls Present. Girlicious** (8:10) Hljómsveitin Pussycat Dolls er vinsæl úti um allan heim. Nú á að stofna systrahljómsveit Pussycat Dolls og hún á að heita Girlicious og mun samanstanda af þremur hæfileikaríkum og að sjálfsögðu gullfallegum stúlkum. Fimmtán stúlkur munu keppa um þessi þrjú eftirsóttu pláss.

**20.45 Twenty Four 3** (9:24) Jack og Salazar-bræðurnir komast að því að fleiri en þeir bjóða í vírusinn. Reynt er að þvinga Palmer til að reka Wayne og Chase er nappaður.

**21.30 Entourage** (16:20) Verðlaunaþættir lauslega byggðir á fyrstu árum Marks Wahlbergs í bíóborginni. Raunalegt framapot Vincents og félaga í Hollywood heldur áfram em leiðin á toppinn bæði skrykkjótt og brött.

**21.55 Seinfeld** (2:13)
**22.20 Seinfeld** (3:13)
**22.45 Seinfeld** (1:24)
**23.10 Seinfeld** (2:24)
**23.35 Sjáðu**
**00.00 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## BBC PRIME

**10.00** The Weakest Link **11.00** Ballykissangel **12.00** Ballykissangel **13.00** Himalaya with Michael Palin **14.00** Himalaya with Michael Palin **15.00** Himalaya with Michael Palin **16.00** Himalaya with Michael Palin **17.00** Himalaya with Michael Palin **18.00** Himalaya with Michael Palin **19.00** Himalaya with Michael Palin **20.00** Himalaya with Michael Palin **21.00** Himalaya with Michael Palin **22.00** Himalaya with Michael Palin **23.00** Himalaya with Michael Palin **0.00** Himalaya with Michael Palin

## DR 1

**9.00** Kender du typen **9.30** Søren Ryge - Herregårdskarl på Samsø **9.55** Historier fra Danmark **10.10** Boxen **10.25** Sensationen **12.00** Det lille hus på prærien **12.45** Gensyn med Brutalis **13.10** Napoleon og Josephine: En kærlighedshistorie **14.40** De store katte **15.30** Postmand Per **15.55** Home things **16.00** Et dejligt hundeliv **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Kløvedal i Kina **18.00** Rejseholdet **19.00** TV Avisen **19.15** Aftentour 2008 med SAS liga **19.45** Den gode, den onde og den grusomme **22.35** Nedtælling

## NRK 1

**9.55** Ekstremvær jukeboks **11.10** Jazz jukeboks **12.25** Ut i naturen jukeboks **13.40** Skishow med smell **15.30** Åpen himmel: Gudstjeneste fra Åsane kirke i Bergen **16.00** Lillefot og vennene hans **16.25** Herr Hikke **16.30** Energikampen 2007 **17.00** Dagsrevyen **17.30** Sportsrevyen **17.50** Med lisens til å sende: Kontroversielle øyeblikk **18.20** Millionær i forkledning **19.10** Kavanagh **20.25** Bortreist for anledningen **21.00** Kveldsnytt **21.20** Autofil **21.50** Dagen de overlevde **22.45** Uka med Jon Stewart **23.10** Norsk på norsk jukeboks

## SVT 1

**10.35** Hollywoodredaktionen **11.00** Kungen kommer! Historien om en orgel **11.30** Solens mat **12.00** Konsten att städa **13.00** Mitt i naturen **13.30** Sommartorpet **14.00** Kärlek med förhinder **15.00** Anaconda **15.30** VeteranTV **16.00** Anki och Pytte **16.30** Sagoberättaren **17.00** Hundkoll **17.30** Rapport **18.00** Håll tyst, världen! **18.30** Sportspegeln **19.00** En bok - en författare **19.30** Mia och Klara **20.00** Jag och min mormor **20.30** En svensk berättelse **21.00** Rapport **21.10** I sinnets våld **22.10** På luffen i Norden




STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Ég sá að hann hafði burði til að ná langt eftir að hann byrjaði í glímunni. Þegar hann ætlar sér eitthvað gerir hann það og gefst ekki upp.“*

Agnes Einarsdóttir um son sinn, Pétur Eyþórsson, margfaldan Íslandsmeistara í glímu.

## HIN HLIÐIN: SIGTRYGGUR BERG SIGMARSSON LISTAMAÐUR

# *Er bullandi meðvirkur með athyglisbrest*




**Hvað er að frétta?** Það er nóg að frétta. Ég var til dæmis að opna sýningu í Lost Horse gallerí síðasta laugardag, er að vinna að teiknimyndasögubók sem heitir Herra Sigmarsson og að skrifa sjálfshjálparbók sem verður með í jólabókaflóðinu í ár sem heitir Love, Contact & Sexual Communication og er að skrifa handrit að stuttmynd um The Shivering Man. Svo bíður bandið mitt, Evil Madness, eftir að 12 tónar gefi út Demoni Paradiso og við erum að vinna nýja plötu sem ber heitið Zombie Hero. Og svo margt fleira.
**Augnlitur:** Blár.
**Starf:** Listamaður.
**Fjölskylduhagir:** Ég og vinur minn Tommi.
**Hvaðan ertu:** Fæddur á Aukureyri, bý í Reykjavík og líður eins og þjóðverja.
**Ertu hjátrúarfullur?** Ég þoli allavega ekki þegar fólk sendir á mig tölvupóst sem í stendur eitthvert rugl og að ef ég áframsendi ekki meilið á vini mína þá deyi ég. Þessu trúi ég og verð alveg skíthræddur og fer ekkert út úr húsi. Er það að vera hjátrúarfullur?
**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Það var Spaugstofan, en ég hef ekki horft á sjónvarp í tuttugu ár.
**Uppáhaldsmatur:** Pizza Gorgonzola.
**Fallegasti staðurinn:** San Francisco.
**iPod eða geislaspilari:** Á hvorugt.
**Hvað er skemmtilegast?** Kvikmyndin Valerie and her Week of Wonders.
**Hvað er leiðinlegast?** Það er svo gaman að vera listamaður með athyglisbrest að það er aldrei neitt leiðinlegt.
**Helsti veikleiki:** Ég er bullandi meðvirkur.
**Helsti kostur:** Að vera óvirkur alki.
**Helsta afrek:** Að hafa loksins komið sér inn á Vog.
**Mestu vonbrigðin:** Að hafa misst af morgunverði með Paul Morrissey og Udo Kier bara vegna þynnku.
**Hver er draumurinn?** Draumurinn er og hefur alltaf verið að geta lifað á listinni, annars er ég doomed.
**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Werner Herzog.
**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Að unglingar nú til dags geti dánlódað öllum þeim sjaldgæfu kvikmyndum sem ég eyddi öllum mínum peningum í sem unglingur, og það í svona sjóræningja VHS-gæðum.
**Hvað er mikilvægast?** Að átta sig á því að það kemur dagur eftir þennan, vá, þvílík speki!

## EIGA VON Á BARNI

Fyrrum Kastljósdaman **Eyrún Magnúsdóttir** á von á sínu fyrsta barni í október með unnusta sínum **Einari Árnasyni**. Síðan Eyrún sagði skilið við Kastljós síðla árs 2006 hefur hún unnið við ráðgjafarstörf og almannatengsl fyrir Björgólfsfeðga og Landsbankann, en Einar er starfandi myndatökumaður á Stöð 2.



Enn berast fregnir af breytingum hjá útgáfufélaginu Birtíngi. Fyrir skömmu var **Lofti Atla Eiríkssyni** sagt upp sem ritstjóra Séð og heyrt. Nú er horfinn á braut **Janus Sigurjónsson**, umbrotsmaður og ritstjórnarfulltrúi á DV.



Lið Breiðabliks í Landsbankadeild karla hefur átt góðu gengi að fagna undanfarnar vikur og unnið hvern leikinn á fætur öðrum. Mikið kapp og kátína hefur hlaupið í stuðningsmenn liðsins, og þá ekki síst í vallarþulinn **Hreiðar**. Hann hvetur sína menn til dáða í gegnum hátalarakerfi Kópavogsvallar og stýrir meðal annars fjöldasöng stúkunnar gegnum hljóðnemann. Ekki fer kraftur Hreiðars þó vel í alla og eru nú uppi raddir þess efnis að ákveðnir aðilar hyggist leita svara hjá **Geir Þorsteinssyni**, framkvæmdastjóra KSÍ, hvort um misnotkun á aðstöðu sé að ræða þegar vallarþulur syngur í kallkerfið: Olé, olé, olé, olé.

-ag/hdm/shs

## HJÖRLEIFUR JÓHANNESSON: HÉLDUM FYRST AÐ ÞETTA VÆRI ÍSBJÖRN

# Andarungar böðuðu sig í heitum potti og fóru með flugvél í bæinn

„Við heyrðum allt í einu tíst undan veröndinni og héldum fyrst að þetta væri ísbjörn. Ætluðum að hringja í lögguna á Sauðárkróki eða fá danska miðasölumanninn úr Tívolí til að koma og skjóta hann,“ segir Hjörleifur Jóhannesson flugstjóri sem ásamt fjölskyldu sinni lenti í skemmtilegri lífsreynslu á dögunum. Hjörleifur og kona hans, Árdís Kjartansdóttir, eiga sumarbústað í Húsafelli og þar sem þau voru að bera föggur sínar inn úr bílnum heyrðist tístið umrædda.

„Þetta reyndust svo vera þrír andarungar, sennilega ekki meira en vikugamlir. Minkurinn hefur líklegast étið mömmu þeirra,“ segir Hjörleifur sem ók ásamt sonum sínum, Þorsteini Inga, þrettán ára og Stefáni Hauki, sextán ára, niður að á til þess að finna aðra önd og venja ungana undir hana. Áður hafði fjölskyldan gefið ungunum bleytt brauð og flugur. Ungarnir busluðu í ánni en þegar Hjörleifur og fjölskylda ætluðu frá að hverfa komu ungarnir vælandi á eftir. „Þeir hjúfruðu sig bara upp að strákunum og vildu hvergi annars staðar vera.

Hjörleifur tók ungana aftur upp í sumarbústað og fengu þeir vitaskuld nöfnin Rip, Rap og Rup. Hann lét renna 37 gráðu heitt vatn í heita pottinn og þar svömluðu ungarnir um ásamt fjölskyldufólkinu. „Fjölskyldan hefur aldrei sturtað sig jafnvandlega og eftir þetta,“ segir Hjörleifur og hlær. Ungarnir dvöldu hjá fjölskyldunni í tvær nætur en þá kom Jóhannes Örn, bróðir Hjörleifs, að sækja ungana á flugvél ásamt dætrum sínum, Kötlu Margréti og Heklu Guðrúnu. „Þeir fengu einkaflug í bæinn og eru nú í Húsdýragarðinum,“ segir Hjörleifur en ungarnir verða í búri í Húsdýragarðinum fyrst um sinn til að vernda þá frá mávinum. Þegar þeir eru svo orðnir nægilega burðugir verður þeim sleppt út í garð og geta flogið þaðan hvenær sem þeir vilja. Fjölskylda Hjörleifs mun þó seint gleyma þessum þremur mögnuðu bræðrum.

soli@frettabladid.is



**KATLA MARGRÉT OG UNGARNIR** Katla Margrét Jóhannesdóttir, bróðurdóttir Hjörleifs, lék sér í pottinum með Rip, Rap og Rup.
MYND/HJÖRLEIFUR JÓHANNESSON



**BRÆÐURNIR** Þeir Þorsteinn Ingi og Stefán Haukur hændu ungana að sér.



**RIP, RAP OG RUP** Kunnu vel við sig í heita pottinum.

# Flajito skákar mojito í Flatey

„Þetta er flateyskur skemmtidrykkur,“ segir Lísa Kristjánsdóttir, konan á bakvið hinn séríslenska Flajito sem er geysivinsæll á Hótel Flatey þar sem Lísa starfar. „Hann varð uppseldur á föstudagskvöldið,“ segir Lísa.

Tilurð drykkjarins er skemmtileg. „Það voru hressar stelpur að norðan sem voru hérna á barnum fyrr í sumar og þær voru að velta fyrir sér hvort ég kynni að gera Mojito. Ég sagðist geta það en því miður ætti ég ekki myntulauf. En ef þær vildu að ég notaði skessujurt í staðinn þá skyldi ég skella í einn flateyskan,“ segir Lísa sem tók dóttur sína með til finna skessujurt. Dóttirin vildi ólm fá sér rabarbara svo Lísa ákvað að rabarbarinn skyldi vera hluti af Flajito. „Ég ákvað að saxa hann niður því skessujurtin er svo braðgsterk. Síðan setti ég púðursykur því ég var ekki með hrásykur við höndina. Ljóst romm, sódavatn og drykkurinn var klár,“ segir Lísa sem tekur ekki í mál að setja rabarbarann í matvinnsluvél og notast þess í stað við mortél.

Lísa telur að Flajito geti spjarað sig sem skemmtidrykkur á mölinni, rétt eins og hvar annars staðar. „Jón Gnarr kom hingað um síðustu helgi og fékk að smakka drykkinn. Hann sagði að Flajido væri svo ferskur að menn langaði í sjóbað við það eitt að drekka hann. Það var ekki bara út af umhverfinu sem hann var í, heldur bragðinu.“ segir Lísa.

-shs

**FLAJITO** Flateyskur skemmtidrykkur með rabarbara og skessujurt í stað myntulaufa.





**LÍSA MEÐ MORTÉLIÐ** Lísa er höfundurinn á bakvið hinn sér flateyska Flajito

„...fyrst á visir.is“
vísir.is
...ég sá það á visir.is



NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI
RISA
MARKAÐUR
Í LAUGARDALSHÖLLINNI
FRISSI FRÍSKI
FYRIR BÖRNIN
*meðan birgðir endast
VERÐ FRÁ KR. 99
Íslensk tónlist - erlend tónlist
TÓNLIST
klassík - jazz - DVD tónlist
Síðasti dagurinn
Þúsundir titla í boði
TÖLVULEIKIR
DVD MYNDIR
Leikir á allar leikjarvélar
PC - Playstation 2 - PSP - Xbox - Nintendo
allt á að seljast
VERÐ FRÁ KR. 199
Ekki missa af þessu
Nóg af bílastæðum
OPIÐ 11 - 19 ALLA DAGA VIKUNNAR

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

lægra verð
Apótekið
Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri



## BAKÞANKAR

Þorbjargar Sigríðar Gunnlaugsdóttur

# Heimurinn heima

Mér brá aðeins við að sjá sjálfa mig í spegli í verslun hérna í Bandaríkjunum um daginn. Eftir tveggja vikna frí er ég að sjá eins og kona langt gengin með barn. Hér er enda nóg að eta og fólk fram úr hófi vingjarnlegt, á undarlegan máta þó. Afgreiðslustúlkan í versluninni brosti til dætranna þegar hún heyrði tal okkar og spurði hvaðan við værum: “Oh, Iceland! How nice. So you guys speak French, right?” Susan, þjónustustúlka á veitingahúsi, var jafnkurteis og sagðist ætla að hugsa vel um okkur áður en hún tók niður pöntun. Lagði svo á borð mat sem flokka mætti sem tilræði við fullorðið fólk, löðrandi í kransæðastíflandi elementum en svínslega góður.

**RAUNVERULEGUR** terror sem að Ameríku steðjar er hins vegar ekki bara maturinn heldur einnig veðrið. Þessa dagana heitir höfuðóvinurinn Dolly og er að gera upp við sig hvort hún eigi að skipta um ham og fara úr Tropical Storm yfir í Hurricane. Síðustu vikur hefur Dolly átt sviðið og deilt fréttatímunum með félögunum Barack og Batman. Fréttirnar flytja undarlegar sjónvarpskonur sem eru eins og brauðið hérna, grunsamlega ferskt hálfum mánuði eftir innkaup. Þetta á ekki við um karlmennina, á skjánum birtast menn sem voru bestir fyrir 1960.

**FRÉTTIR** utan úr heimi eru ekki margar, en þó kom að einni. Barack fór til Berlínar, þar sem honum var fagnað sem rokkstjörnu. Barack slæst ekki um athygli bandarísku þjóðarinnar við McCain, heldur Batman og stöðugt eru fluttar fréttir af því hversu margir bíómiðar hafi selst. Á meðan íslenska þjóðin svarar því hvort hún haldi með Bubba eða Björk, þá hljóðar sama spurning hér upp á Barack eða Batman. Barack hefur nánast sigrað amerísku þjóðina þegar hann leggur nú í Angelu Merkel í Berlín og heimsækir sjálfa Evrópu. Álitsgjafar á sjónvarpsstöðvum hér virðast þó á að þessi Evrópuheimsókn sé nú ekki snjallræði, sér í lagi ef hann fer að daðra við Frakkana, sem felur í sér föðurlandssvik.

**HÖFUÐÓVINURINN** Dolly hefur ekki bara angrað okkur í USA því hún hefur reynst nágrönnunum í Mexíkó erfið. Veðrið er hins vegar snyrtilega klippt við landamærin eins og handan þeirra sé ekkert veður. Þetta kristallar kannski heimsmyndina. Heimurinn er heima og í útlöndum tala allir frönsku.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er sunnudagurinn 27. júlí, 210. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.20 | 13.34 | 22.46 |
| Akureyri | 3.44 | 13.19 | 22.50 |

*Heimild: Almanak Háskólans*




Útihátíð í Evrópu!

Eitthvað fyrir alla fjölskylduna!

London
Chessington
The London Eye

Kaupmannahöfn
Tívolí
Dyrehavsbakken

Billund
Lególand
Løveparken

Gautaborg
Volvo-safnið

Stokkhólmur
Skansen

París
Disneyland Park

Basel
Dýragarðurinn

Friedrichshafen
Ravensburger Spieleland

Berlín
Lególand

Alicante
Sólarstrendur
Terra Mitica

Barcelona
PortAventura

Frankfurt Hahn
Wild- und Freizeitpark Klotten

Varsjá
Ostrogski-höllin
Fantasy-garðurinn

Eindhoven
De Efteling-skemmtigarðurinn

Vertu með þeim sem þér þykir vænt um

Iceland Express býður flug til 14 fjölskylduvænna áfangastaða vítt og breitt um Evrópu.

Bókaðu flugsæti á betra verði á **www.icelandexpress.is!**

Hafðu það gott um borð!

Hollur matur, afþreying við allra hæfi og hlýtt viðmót, frá flugtaki til lendingar.



Verð frá:
9.990 kr.

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð og valdar dagsetningar á hvern áfangastað.

*Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur.

Fíton/SÍA

Iceland Express
með ánægju

www.icelandexpress.is